

SKRÁNING HJÚKRUNAR HANDBÓK

Þriðja útgáfa

Ritstjóri:
Ásta Thoroddsen

Landlæknisembættið
2002

Handbók – skráning hjúkrunar. Þriðja útgáfa 2002. Önnur útgáfa 1997. Viðauki við aðra útgáfu 2000. Fyrsta útgáfa 1991.

Hjúkrunargreiningar þýddar með leyfi NANDA úr Nursing diagnosis: definitions and classification 2001-2002. © NANDA (North American Nursing Diagnosis Association).

© Landlæknisembættið og höfundar efnis.

Allur réttur áskilinn.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósritun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Útgefandi: Landlæknisembættið
Vinnuhópur um skráningu hjúkrunar
Vilborg Ingólfssdóttir, formaður
Ritstjóri: Ásta Thoroddsen, lektor við Háskóla Íslands

Uppsetning: Hrefna Þorbjarnardóttir, Landlæknisembættinu

Umbrot og prentun: Oddi hf.

ISBN 9979-9527-0-9

EFNISYFIRLIT

** Í 3. hluta efnisyfirlits, hjúkrunargreiningar, koma fram tvö blaðsíðutöl. Hið fyrra vísar til hjúkrunargreininga og hið síðara til tillagna að hjúkrunarmeðferð, sem er í 4. hluta bókarinnar. Þetta er gert til hægðarauka fyrir notandann.*

FORMÁLI.....	9
FORMÁLI ANNARRAR ÚTGÁFU.....	10
FORMÁLI FYRSTU ÚTGÁFU	11
1. HLUTI	12
UM HJÚKRUNARGREININGAR OG SKRÁNINGU HJÚKRUNAR	13
FLOKKUNARKERFI II.....	23
2. HLUTI	17
UPPLÝSINGASÖFNUN	18
3. HLUTI	27
HJÚKRUNARGREININGAR.....	28
1. HEILBRIGÐISVIÐHORF - HEILSUEFLING	28
Heilbrigðisstjórnun	28
STJÓRNUN EINSTAKLINGS VIÐ AÐ FYLGJA MEÐFERÐARÁÆTLUN ER FULLNÆGJANDI.....	28
STJÓRNUN EINSTAKLINGS VIÐ AÐ FYLGJA MEÐFERÐARÁÆTLUN ER ÓFULLNÆGJANDI	28
STJÓRNUN FJÖLSKYLDU VIÐ AÐ FYLGJA MEÐFERÐARÁÆTLUN ER ÓFULLNÆGJANDI	29
STJÓRNUN SAMFÉLAGS VIÐ AÐ FYLGJA MEÐFERÐARÁÆTLUN ER ÓFULLNÆGJANDI	29
HEILBRIGÐISMÍÐUÐ HEGÐUN (tilgreinið nánar).....	29
ÓFULLNÆGJANDI GETA TIL AÐ VIÐHALDA HEILBRIGÐI.....	30
SKERT GETA TIL HEIMILISHALDS	31
2. NÆRING OG EFNASKIPTI	32

Fæðunám.....	32
NÆRING MINNI EN LÍKAMSPÖRF	32
NÆRING MEIRI EN LÍKAMSPÖRF	32
HÆTTA Á NEYSLU NÆRINGAR UMFRAM LÍKAMSPÖRF	33
KYNGINGARÖRÐUGLEIKAR.....	33
ÓFULLNÆGJANDI NÆRINGARMYNSTUR UNGBARNIS.....	34
Vökvabúskapur.....	34
VÖKVASKORTUR.....	34
HÆTTA Á VÖKVASKORTI.....	35
VÖKVASÖFNUN	35
HÆTTA Á VÖKVAÓJAFNVÆGI	35
3. ÚTSKILNAÐUR	36
Þvagfæri	36
TRUFLUN Á ÞVAGÚTSKILNAÐI.....	36
ÞVAGTREGÐA.....	36
STÖÐUGUR ÞVAGLEKI.....	36
STARFRÆNN ÞVAGLEKI.....	37
ÁLAGSPVAGLEKI.....	37
BRÁÐA ÞVAGLEKI.....	37
ÞVAGLEKI - ÓSJÁLFRÁTT VIÐBRAGÐ (Reflex incontinence)	38
HÆTTA Á BRÁÐAÞVAGLEKA	38
Meltingarfæri	38
HÆGÐALEKI	38
NIÐURGANGUR	39
HÆGÐATREGÐA.....	39
HÆTTA Á HÆGÐATREGÐU	40
EINSTAKLINGUR TELUR SIG VERA MEÐ HÆGÐATREGÐU.....	41
4. VIRKNI OG HVÍLD.....	42
Svefn/hvíld.....	42
SVEFNTRUFLUN.....	42
SVEFNLEYSI.....	43
Sjálfbjörg, virkni/þjálfun	43
SKERT GETA VIÐ KLÆÐNAÐ/SNYRTINGU	43
SKERT GETA VIÐ BÖÐUN/HREINLÆTI.....	43
SKERT GETA TIL AÐ MATAST	44
SKERT GETA VIÐ SALERNISFERÐIR.....	44
HÆTTA Á FYLGIVILLUM RÚMLEGU	44
SKERT LÍKAMLEG HREYFIGETA.....	45
SKERT GETA TIL AÐ HREYFA SIG Í RÚMI	45
SKERT GETA TIL AÐ HREYFA SIG UM Í HJÓLASTÓL.....	45
SKERT GETA TIL AÐ FLYTJA SIG Á MILLI.....	46
SKERT GÖNGUGETA	46
SKORTUR Á DÆGRASTYTTINGU	46

RÁF	47
SEINKAÐUR BATI EFTIR AÐGERÐ	47
Orkujafnvægi	47
TRUFLUN Á ORKUSVIÐI	47
MAGNLEYSI	48
Viðbrögð hjarta, blóðrásar og lungna	48
ÓFULLNÆGJANDI ÖNDUN	48
ÓFULLNÆGJANDI HREINSUN ÖNDUNARVEGA	49
TRUFLUÐ LOFTSKIPTI	49
SKERT ATHAFNAÐREK	50
HÆTTA Á SKERTU ATHAFNAÐREKI	50
MINNKAÐ ÚTFALL HJARTA	50
VIÐHELDUR EKKI SJÁLFKRAFA ÖNDUN	51
TRUFLUÐ VIÐBRÖGÐ VIÐ AÐ VENJA FRÁ ÖNDUNARVÉL	51
ÓNÓGT FLÆÐI TIL VEFJA: (tilgreinið nánar: nýrna, heila, hjarta og lungna, meltingarfæra og útkerfa)	53
5. SKYNJUN OG VITSMUNIR	54
Áttun	54
ERFIDLEIKAR VIÐ SKYNJUN UMHVERFIS (heilkenni)	54
Tilfinning/skynjun	54
TRUFLUÐ SKYNTILFINNING: (tilgreinið: sjón, heyri, hreyfingu, bragð, snertingu, lykt) ..	54
Vitsmunir	54
ÓNÓG ÞEKKING (tilgreinið nánar)	54
BRÁÐARUGL	55
LANGVINNT RUGLÁSTAND	55
SKERT MINNI	56
TRUFLUN Á HUGSANAFERLI	56
Tjáskipti	56
TRUFLUÐ MUNNLEG TJÁSKIPTI	56
Athygli	57
GAUMSTOL	57
6. SJÁLFSKYNJUN	58
Sjálfshugmynd	58
TRUFLUN Á SJÁLFSVITUND	58
VANMÁTTARKENND	58
HÆTTA Á VANMÁTTARKENND	58
VONLEYSI	59
HÆTTA Á EINMANALEIKA	59
Sjálfsvirðing	59

LANGVARANDI LÍTIL SJÁLFSVIRÐING.....	59
LÍTIL SJÁLFSVIRÐING VEGNA AÐSTÆÐNA	60
HÆTTA Á LÍTILLI SJÁLFSVIRÐINGU VEGNA AÐSTÆÐNA	60
Líkamsímynd.....	60
BREYTT LÍKAMSÍMYND	60
7. HLOTVERK OG FÉLAGSLEG TENGSL	62
Umönnunarhlutverk	62
ÁLAG Í UMÖNNUNARHLUTVERKI.....	62
HÆTTA Á ÁLAGI Í UMÖNNUNARHLUTVERKI	63
FRAMMISTÖÐU Í FORELDRAHLUTVERKI ÁBÓTAVANT	63
HÆTTA Á AÐ FRAMMISTÖÐU Í FORELDRAHLUTVERKI VERÐI ÁBÓTAVANT	65
Fjölskyldutengsl	66
RÖSKUN Á FJÖLSKYLDULÍFI	66
RÖSKUN Á FJÖLSKYLDULÍFI VEGNA ÁFENGISFÍKNAR	66
HÆTTA Á MYNDUN VEIKRA TENGSLA FORELDRIS OG BARNS	68
Frammistaða í hlutverki	68
FRAMMISTÖÐU Í HLOTVERKI ÁBÓTAVANT	68
ÁGREININGUR Í FORELDRAHLUTVERKI.....	69
TRUFLUN Á FÉLAGSLEGUM SAMSKIPTUM	69
ÁRANGURSRÍK BRJÓSTAGJÖF	70
ERFIÐLEIKAR VIÐ BRJÓSTAGJÖF	70
RÖSKUN Á BRJÓSTAGJÖF	70
8. KYNLÍF.....	72
Kynlífsvirkni	72
KYNLÍFSVANDI	72
ÓFULLNÆGJANDI KYNLÍFSMYNSTUR	72
9. AÐLÖGUN OG STREITUÞOL	73
Viðbrögð eftir áfall.....	73
STREITA Í KJÖLFAR FLUTNINGS.....	73
HÆTTA Á STREITU Í KJÖLFAR FLUTNINGS	73
ÁFALL EFTIR NAUÐGUN	73
ÁFALL EFTIR NAUÐGUN: ÞÖGUL VIÐBRÖGÐ	74
ÁFALL EFTIR NAUÐGUN: BLÖNDUÐ VIÐBRÖGÐ.....	74
VIÐBRÖGÐ EFTIR ÁFALL	74
HÆTTA Á VIÐBRÖGÐUM EFTIR ÁFALL	75
Aðlögunarleiðir - varnarhættir	75
ÓTTI.....	75
KVÍÐI.....	76
KVÍÐI TENGDUR YFIRVOFANDI ANDLÁTI.....	77
LANGVINN SORG	77

ÁRANGURSLAUS AFNEITUN	78
FYRIRBOÐI SORGARVIÐBRAGÐA	78
ÓFULLNÆGJANDI ÚRVINNSLA SORGAR.....	78
SKERT AÐLÖGUN.....	79
ÓFULLNÆGJANDI AÐLÖGUNARLEIÐIR EINSTAKLINGS	79
VANGETA FJÖLSKYLDU TIL AÐ NÝTA AÐLÖGUNARLEIÐIR	80
ÓFULLNÆGJANDI ÚRRÆÐI FJÖLSKYLDU TIL AÐ NÝTA AÐLÖGUNARLEIÐIR	80
VARNARVIÐBRÖGÐ SEM AÐLÖGUNARLEIÐ	81
ÓFULLNÆGJANDI AÐLÖGUNARLEIÐIR SAMFÉLAGS	81
MÖGULEIKI Á BETRI AÐLÖGUNARLEIÐUM FJÖLSKYLDU	81
MÖGULEIKI Á BETRI AÐLÖGUNARLEIÐUM SAMFÉLAGS	82
Taugaatferlisleg streita	82
SKAÐLEG ÓSJÁLFRÁÐ TAUGAVIÐBRÖGÐ (Dysreflexia)	82
HÆTTA Á SKAÐLEGUM ÓSJÁLFRÁÐUM TAUGAVIÐBRÖGÐUM.....	83
TRUFLUN Á ATFERLI/VIÐBRÖGÐUM UNGBARNIS	83
HÆTTA Á TRUFLUN Á ATFERLI/VIÐBRÖGÐUM UNGBARNIS	84
MÖGULEIKI Á BETRA ATFERLI/VIÐBRÖGÐUM UNGBARNIS.....	84
MINNKAÐ AÐLÖGUNARRÝMI INNAN HÖFUÐKÚPU	85
10. LÍFSSKOÐANIR.....	86
Trú.....	86
MÖGULEIKI Á BETRA SÁLARLEGU JAFNVÆGI.....	86
Samræmi í gildismati, trú og athöfnum.....	86
SÁLARANGIST (erfiðleikar vegna trúar/lífsviðhorfs).....	86
HÆTTA Á SÁLARANGIST.....	87
ERFIÐLEIKAR VIÐ ÁKVARÐANATÖKU (tilgreinið nánar).....	87
MEDFERÐ EKKI FYLGIT (tilgreinið nánar)	88
11. ÖRYGGI OG VARNIR.....	90
Sýking.....	90
HÆTTA Á SÝKINGU	90
Líkamlegar varnir - skaði.....	90
VEIKLUÐ HÚÐ	90
HÆTTA Á VEIKLUN HÚÐAR.....	91
VEFJASKAÐI – SÁR	92
VEIKLUÐ MUNNSLÍMHÚÐ	92
TANNHEILSU ÁBÓTAVANT.....	93
VEIKLAÐAR VARNIR.....	94
ÓFULLNÆGJANDI HREINSUN ÖNDUNARVEGA	95
HÆTTA Á ÁSVELGINGU.....	95
DETTNI.....	96
HÆTTA Á SKAÐA	97
HÆTTA Á ÁVERKA	98
HÆTTA Á KÖFNUN	99
HÆTTA Á SKERTRI STARFSEMI ÚTTAUGA-/ÆÐAKERFIS	100

HÆTTA Á SKAÐA VIÐ LEGU VEGNA SKURÐAÐGERÐAR.....	100
Ofbeldi.....	100
HÆTTA Á SJÁLFSMISÞYRMINGU	100
SJÁLFSMISÞYRMING	101
HÆTTA Á OFBELDI GAGNVART ÖÐRUM.....	103
HÆTTA Á OFBELDI GAGNVART SJÁLFUM SÉR (sjálfsáverka)	104
SJÁLFSVÍGSHÆTTA	104
Umhverfisáhætta.....	105
HÆTTA Á EITRUN	105
Varnarviðbrögð.....	106
LATEX OFNÆMISVIÐBRÖGÐ	106
HÆTTA Á LATEX OFNÆMISVIÐBRÖGÐUM.....	106
Hitastjórnun	107
HÆTTA Á ÓSTÖÐUGUM LÍKAMSHITA	107
ÓFULLNÆGJANDI HITASTJÓRNUN.....	107
LÆKKUN Á LÍKAMSHITA	108
HÆKKUN Á LÍKAMSHITA.....	108
12. LÍÐAN	110
Líkamleg líðan.....	110
VERKIR	110
LANGVARANDI VERKIR	111
ÓGLEÐI	111
Félagsleg líðan	112
FÉLAGSLEG EINANGRUN.....	112
13. VÖXTUR OG ÞROSKI	114
Vöxtur.....	114
HÆTTA Á VAXTARFRÁVIKUM.....	114
FULLORÐINN (EINSTAKLINGUR) ÞRÍFST EKKI	115
Þroski.....	115
BREYTING Á VEXTI OG ÞROSKA	115
HÆTTA Á ÞROSKASEINKUN	116
4. HLUTI	118
TILLÖGUR AÐ HJÚKRUNARMEÐFERÐ VIÐ HJÚKRUNARGREININGUM.....	119
ATRIÐAORÐASKRÁ	229

FORMÁLI

Breytingar sem átt hafa sér stað á skáningu hjúkrunar undanfarin ár eru undraverðar. Þær byggja alfarið á áhuga og skilningi hjúkrunarfræðinga á mikilvægi þess að samræma hjúkrunarskráningu í eitt heildstætt kerfi þar sem áhersla er lögð á gæði hjúkrunarþjónustu, öryggi sjúklinga, samfellu í meðferð, mat á árangri hjúkrunarmedferðar og samþættingu við aðra meðferð. Einnig liggur til grundvallar skilningur á mikilvægi þess að hjúkrunarskráning sé nýtanleg heilbrigðisyfirvöldum og vísindasamfélaginu. Nýmæli urðu á árinu 2001 að Landlæknisembættið fór að gera þær kröfur til stofnana að skáning hjúkrunar sé einn liður í lágmarksskráningu vistunarupplýsinga. Þar er gerð sú krafa að allar stofnanir skrái með samræmdum hætti samkvæmt NANDA og NIC kerfunum.

Endurbótum á heildstæðu skáningarkerfi hjúkrunar mun seint ljúka. Þessi útgáfa af Handbók um skáningu hjúkrunar er sú þriðja í röðinni. Fyrsta Handbók um skáningu hjúkrunar kom út árið 1991 eftir margra ára vinnu við gerð þeirrar handbókar. Endurskoðuð og viðbætt útgáfa var gefin út árið 1997 og viðauki við þá útgáfu árið 2000.

Megin breyting á þessari útgáfu frá þeirri sem gefin var út árið 1997 með viðauka árið 2000 er sú að tekið er upp nýtt flokkunarkerfi fyrir hjúkrunargreiningar. Kaflinn um Upplýsingasöfnun hefur verið endurskrifaður, bætt er við nýjum hjúkrunargreiningum, nokkrar greiningar afskráðar og breytingar gerðar á eldri hjúkrunargreiningum. Heildarfjöldi hjúkrunargreininga í þessari handbók er því 155. Þá hafa tillögur að meðferð sem tengjast hverri hjúkrunargreiningu verið endurbættar. Þessi bók er aðgengilegri en fyrri útgáfur því hér er tengt á auðskiljanlegri hátt en áður hjúkrunargreiningar og tillögur að hjúkrunarmedferð. Einnig er í bókinni atriðaorðaskrá sem auðveldar alla notkun handbókarinnar.

Þessi útgáfa er einnig aðgengileg á heimasíðu Landlæknisembættisins, vefslóð <http://www.landlaeknir.is>. Á þann hátt er hún aðgengileg öllum þeim sem telja sig hafa hag af að kynna sér efni hennar eða nota það í starfi.

Vinnuhópur Landlæknisembættisins um skráningu hjúkrunar hefur séð um þýðingu og staðfæringu á því efni sem hér er sett fram og breytingar á því efni sem fyrir var í bókinni. Vinnuhópurinn sem vann einkum að þessari útgáfu eru: Vilborg Ingólfssdóttir, formaður, Anna Björg Aradóttir, Ásta Thoroddsen, Elísabet Guðmundsdóttir, Ingibjörg Hjaltadóttir, Kristín Pálsdóttir, Kristín Þórarinsdóttir, Lilja Björk Kristinsdóttir, Lilja Stefánsdóttir, Lilja Þorsteinsdóttir, Matthildur Valfells og Sigrún Gunnarsdóttir. Einnig hafa aðrir hjúkrunarfræðingar komið með góðar ábendingar.

Vilborg Ingólfssdóttir hefur haft umsjón með verkinu f.h. Landlæknisembættisins, Ásta Thoroddsen ritstýrt verkinu og Hrefna Þorbjarnardóttir, lækna ritari, hefur séð um tölvuinnslátt og uppsetningu bókarinnar. Öllum þessum aðilum er færðar bestu þakkir fyrir ómetanlega vinnu.

Landlæknisembættið bindur vonir við að þessi handbók geti stutt hjúkrunarfræðinga í starfi, bætt skáningu hjúkrunar og þar með stuðlað að auknum gæðum hjúkrunar og heilbrigðisþjónustu hér á landi.

Reykjavík, mars 2002.

FORMÁLI ANNARRAR ÚTGÁFU

Þessi bók er endurnýjuð útgáfa á Handbók um skráningu hjúkrunar sem Landlæknisembættið gaf út árið 1991. Sú handbók hafði að geyma kafla um upplýsingasöfnun þar sem bent var á atriði sem bæri að hafa í huga við söfnun upplýsinga fyrir hjúkrun og kafla með NANDA hjúkrunargreiningum. Í þessari endurnýjuðu útgáfu hafa báðir fyrrnefndir kafla verið endurskoðaðir og bætt hefur verið við kafla um hjúkrunarmedferð. Einnig er nú sérstakur kafli um hjúkrunargreiningar og mikilvægi skráningar hjúkrunar.

Í kafla um upplýsingasöfnun hefur verið bætt við nokkrum atriðum til að hann nýtist hjúkrunarfræðingum hvort sem þeir starfa í heilsugæslu, á sjúkrastofnunum eða hjúkrunarheimilum.

Umfangsmeyri breytingar hafa verið gerðar á kafla um hjúkrunargreiningar. Í fyrsta lagi hefur nýjum NANDA hjúkrunargreiningum verið bætt við. Í öðru lagi hefur orðalag í fyrri greiningum verið endurskoðað og hefur það tekið nokkrum breytingum. Í þriðja lagi hefur greiningunum verið raðað upp á annan hátt, þ.e. eftir skiptingu Gordon á lykilþáttum heilbrigðis. Til að auðvelda notendum handbókina er þó alls staðar getið um fyrri númeraskipan og einnig er yfirlit yfir NANDA flokkana í viðauka. Auk þessara breytinga er nú sérstök umfjöllun við einstakar hjúkrunargreiningar. Þar er leitast við að hvetja hjúkrunarfræðinga til að skoða þá ábyrgð sem fylgir því að setja fram hjúkrunargreiningu og hvert sé hlutverk hjúkrunarfræðinga í meðferð skjólstæðings.

Í kafla um hjúkrunarmedferð er kynnt flokkunarkerfi fyrir hjúkrunarmedferð (NIC - Nursing Intervention Classification). Varpað er fram hugmyndum um hvaða hjúkrunarmedferð gæti komið til greina sem meðferð við ákveðnum hjúkrunargreiningum.

Þeir aðilar sem helst hafa unnið að þessum breytingum eru hjúkrunarfræðingarnir Vilborg Ingólfssdóttir, Ásta Thoroddsen, Anna Björg Aradóttir, Kristín Pálsdóttir, Bryndís Halldórsdóttir og Sigrún Gunnarsdóttir. Einnig hafa fjölmargir aðrir hjúkrunarfræðingar lesið yfir texta, komið með góðar athugasemdir og bent á það sem betur mætti fara. Vilborg Ingólfssdóttir hefur haft umsjón með verkinu fyrir hönd Landlæknisembættisins. Ásta Thoroddsen og Anna Björg Aradóttir hafa ritstýrt verkinu. Hrefna Þorbjarnardóttir lækna ritari hefur séð um tölvuinnslátt og uppsetningu bókarinnar. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir ómetanlega vinnu.

Reykjavík, september 1997.

Vilborg Ingólfssdóttir
Ásta Thoroddsen
Anna Björg Aradóttir

FORMÁLI FYRSTU ÚTGÁFU

Undanfarna áratugi hefur víða verið unnið að bættri skráningu hjúkrunar. Hér á landi hefur skráning hjúkrunar á sjúkrastofnunum tekið miklum framförum. Hjúkrunarfræðingar sem starfa í heilsugæslu hafa einnig haft mikinn áhuga á að bæta og samræma skráningu hjúkrunar. Árið 1986 barst landlækni áskorun frá deild hjúkrunarforstjóra innan Hjúkrunarfélags Íslands um að unnið yrði að því að staðla hjúkrunargreiningar og aðra þá þætti sem þarf til tölvuskráningar hjúkrunar við heilsugæslustöðvar.

Hjúkrunarfélag Íslands og Félag háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga tilnefndu hjúkrunarfræðinga, sem starfa í heilsugæslu, til verksins.

Í árslok 1986 byrjaði hópur þessara hjúkrunarfræðinga að starfa með Landlæknisembættinu að verkefninu.

Þessi hópur hefur nú starfað í um 5 ár. Margir hafa lagt hönd á plóginn. Þungi vinnunnar hefur þó hvílt á hjúkrunarfræðingunum Önnu Björgu Aradóttur, Kristínu Pálsdóttur, Maríu Guðmundsdóttur, Sigrúnu Gunnarsdóttur og Vilborgu Ingólfssdóttur, svo og Bryndísi Halldórsdóttur, Guðrúnu Broddadóttur og Kristínu Axelsdóttur. Rut Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur, frumþýddi texta um hjúkrunargreiningar, auk þess sem hópurinn fékk ábendingar frá ýmsum öðrum hjúkrunarfræðingum.

Skráning hjúkrunar tekur til margra þátta. Hópurinn setti sér fljótlega tvö markmið að vinna að fyrst um sinn. Fyrra markmiðið var að taka saman atriði sem hafa ber í huga við söfnun upplýsinga enda er upplýsingasöfnun grunnur að markvissri hjúkrun. Seinna markmiðið var að gefa út handbók um flokkunarkerfi hjúkrunargreininga.

Í þessari útgáfu eru settar fram tillögur hópsins um atriði sem hafa ber í huga við söfnun upplýsinga fyrir hjúkrun og þýðing á flokkunarkerfi hjúkrunargreininga. Vonir standa til að síðar verði unnið að öðrum þáttum skráningar í hjúkrun.

Hvað upplýsingasöfnunina varðar var ákveðið að styðjast við skilgreiningu Marjory Gordon á lykilorðum heilbrigðis.

Hjúkrunargreiningar hafa víða verið teknar saman. Eftir athuganir og miklar umræður ákvað hópurinn að fá tilskilin leyfi og þýða handbók um flokkunarkerfi hjúkrunargreininga frá NANDA (North American Nursing Diagnosis Association). Þetta safn varð fyrir valinu bæði vegna þess hversu virt og viðurkennt það er auk þess sem hver hjúkrunargreining hefur raðnúmer sem er grundvallaratriði við tölvuskráningu.

Það er ætlunin að hópur hjúkrunarfræðinga starfi áfram með Landlæknisembættinu að bættri skráningu í hjúkrun. Hjúkrunarfræðingar eru hvattir til að senda hópnum ábendingar og tillögur um það sem betur má fara, bæði í sambandi við upplýsingasöfnunina svo og hjúkrunargreiningar. Hópurinn mun síðan meta þær, enda verður þessari útgáfu ekki breytt nema af hópnum.

Áfram verður fylgst með breytingum og nýjum hjúkrunargreiningum frá NANDA og mun hópurinn senda þær frá sér eins og þurfa þykir. Þannig verður þessi íslenska útgáfa í sífelldri endurnýjun.

Kostir bættrar skráningar eru ótvíræðir. Þó að nú sé útgefin handbók, sem á að vera gagnleg við öflun upplýsinga og við að setja fram hjúkrunargreiningar, er margt óunnið. Það er von þeirra sem að þessu verkefni standa að þessi áfangi verði hvati að áframhaldandi vinnu við að bæta skráningu hjúkrunar bæði í heilsugæslu og á öðrum heilbrigðisstofnunum.

1. HLUTI

UM HJÚKRUNARGREININGAR OG SKRÁNINGU HJÚKRUNAR

Ásta Thoroddsen

Hugmyndafræði hjúkrunar á Íslandi hefur að verulegu leyti verið sótt til amerískra kennimanna í hjúkrun á síðustu árum. Hjúkrun á Íslandi byggir þó á gömlum merg, þar sem fyrirmyndir voru sóttar til Evrópu og þá sérstaklega til Norðurlandanna. Að auki hefur íslenskt heilbrigðiskerfi og menning að sjálfsögðu haft áhrif á hugmyndir okkar um hjúkrun og þá leiðir sem við kjósum að nota í nálgun okkar. Íslenskir hjúkrunarfræðingar hafa til margra ára notað flokkunarkerfi hjúkrunargreininga eða fagorðaskrá og er kominn góð reynsla á notagildi NANDA greininga (North American Nursing Diagnosis Association), sem eru upp runnar frá Bandaríkjunum og Kanada. Rannsóknir Ástu Thoroddsen og fleiri (2002) sýna að um 60 % skráðra hjúkrunargreininga voru skv. NANDA fyrir nokkrum árum. Skiptar skoðanir hafa hins vegar verið meðal hjúkrunarfræðinga hér á landi um ágæti þessara greininga og meðal annars verið sagt að þær endurspegli ekki íslenskan menningarheim og að orðalag sé klúðurslegt.

Einungis brot af þeirri hjúkrun, sem hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar veita er skráð og vafasamt er hvort nokkurn tíma verður unnt að skrá allt sem gert er. Þætti eins og hugsanir, tilfinningar, snertingu og umhyggju verður alltaf erfitt að skrá á hlutlægan hátt. Með því að fá fram þau hjúkrunarvandamál og -meðferð sem skráð er annars vegar og sem framkvæmd er hins vegar fæst fram raunhæf mynd af störfum hjúkrunarfræðinga á vettvangi í ákveðnum aðstæðum. Samræmt fagmál þarf því að vera fyrir hendi og þá fyrst er unnt að skoða hjúkrunarþjónustuna, bera saman þjónustu á mismunandi stöðum m.t.t. sameiginlegra þátta og sérhæfingar og meta hagkvæmni.

Flokkunarkerfi, sem samræmir fagmál hjúkrunar gerir sýnilegt hver vandamálin eru og er því mjög hagnýtt. Slíkt kerfi auðveldar rannsóknir í hjúkrun og eflir þar með fræðilega þekkingu innan greinarinnar. Fagorðaskrá, sem vísindagrein þróar, þjónar þeim tilgangi að gefa flóknum fyrirbærum ákveðið heiti og auðveldar tjáskipti milli þeirra sem nota hana. Fagorðaskrá afmarkar einnig sérstakt ábyrgðar- og hæfnissvið meðlima greinarinnar (Warren, 1983; Moorhead, McCloskey og Bulechek, 1993).

Flestir geta verið sammála um að hjúkrun er mikilvæg fyrir velferð flestra sjúklinga. Engu að síður getur oft verið erfitt að sýna fram á það og áhrif hjúkrunar eru oft lítt sýnileg. Hvað gera hjúkrunarfræðingar? Breytti hjúkrunin sem sjúklingur fékk einhverju um framgang hans heilsufarsvandamála? Hvaða áhrif hafði hjúkrunarmedferðin á gæði þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veitt var? Til að geta svarað þessum spurningum og mörgum fleirum er skráning hjúkrunar nauðsyn. Hjúkrun er einnig nauðsynlegt að hafa ákveðin flokkunarkerfi fyrir hjúkrunargreiningar, -meðferð og -árangur til að móta heilbrigðisstefnu framtíðarinnar sem tekur mið af þörfum skjólstaðinga heilbrigðiskerfisins og er fjárhagslega hagkvæmt.

SAMRÆMD SKRÁNING

Þróun í heilbrigðismálum hefur verið geysihröð undanfarin ár. Stjórnvöld og stjórnendur á stofnunum gera sífellt meiri og meiri kröfur um aðgengilegar upplýsingar. Ástæður eru m.a. sparnaður og hagræðing, áreiðanlegar upplýsingar fyrir stefnumótun í heilbrigðismálum vantar, tölvuvæðing í heilbrigðisþjónustunni og aukið vægi flokkunarkerfa vegna hennar. Landlæknisembættið (2001) setti fram ný tilmæli um lágmarksskráningu vistunarypplýsinga fyrir sjúkrahús 1. apríl 2001. Þar kemur fram að skrá ber heilsuvanda allra sjúklinga í formi hjúkrunargreininga skv. NANDA og hjúkrunarmedferð skv. flokkunarkerfi NIC (Nursing Intervention Classification).

Ef hjúkrunarfræðingar bera gæfu til að sameinast um notkun sömu flokkunarkerfanna við skráningu á hjúkrun gætu markmið samræmdrar skráningar hjúkrunar á landinu öllu náðst þ.e.

- að sameiginlegt tungumál verði fyrir hjúkrunarstarfið;
- að hjúkrun einstaklinga verði skráð og lýst á svipaðan hátt;
- að unnt verði að bera saman hjúkrunarupplýsingar á milli klínískra sviða, stofnana, landsvæða, landa;
- að tilhneigingar í hjúkrunarmedferð og stefnur komi í ljós;
- að byggður verði upp gagnagrunnur fyrir hjúkrunarrannsóknir;
- að upplýsingar úr hjúkrun verði notaðar til að hafa áhrif á ákvarðanir í heilbrigðismálum (ICN, 1996)

Helstu kostir samræmdrar skráningar hjúkrunar eru fyrir:

- hjúkrunarfræðinga almennt og þar með hjúkrunarstarfið
- stjórnendur í hjúkrun
- rannsóknir í hjúkrun
- hjúkrunarmenntun
- stefnumótun í hjúkrun og í heilbrigðisþjónustunni (ICN, 1996)

Þó að íslenskir hjúkrunarfræðingar noti NANDA kerfið til skráningar hjúkrunargreininga þá eru ýmis viðfangsefni hjúkrunarfræðinga sem ekki rúmast innan hjúkrunargreininga. Flokkunarkerfi hjúkrunargreininga fjalla um mannleg viðbrögð eða svörun skjólstæðinga við ákveðnu heilsufarsvandamáli. Einnig eru til flokkunarkerfi hjúkrunarmedferða sem fjalla um athafnir og meðferð hjúkrunarfræðinga við þessum vandamálum eða hjúkrunarviðfangsefnum. Aftarlega í þessari bók eru skráðar tillögur að hjúkrunarmedferð við hverja hjúkrunargreiningu skv. flokkunarkerfi hjúkrunarmedferða (NIC-Nursing Intervention Classification) (McCloskey og Bulechek, 2000).

TÖLVUVÆÐING

Byltingarkennd þróun hefur orðið í tölvuvæðingu á undanförunum árum og tölvuskráning í hjúkrun er þar engin undantekning. Tölvuvæðingin gerir það að verkum að hægt er að fá fram upplýsingar á skjótan hátt um ýmsa þætti í starfsemi einnar stofnunar. Stjórnendur og yfirvöld gera jafnframt sífellt meiri kröfur um að fá upplýsingar sem byggja mál á við rekstur og upplýsingarnar gefa m.a. tilefni til umræðna um gæði þjónustu, gæðaeftirlit og gæðastjórnun. Grunnurinn að því að unnt sé að hafa skráningu hjúkrunar á tölvutæku formi er að til séu flokkunarkerfi, sem allir hjúkrunarfræðingar geta notað. Flokkunarkerfi sem nota á fyrir hjúkrun verða að vera þróuð innan hjúkrunar og taka til hjúkrunargreininga, -medferðar og helst einnig til mats (outcome).

Upplýsingar um ákveðna þætti hjúkrunarstarfsins skapast og gagnagrunnur er myndaður fyrir hjúkrunarfræðinga til að vinna eftir. Innan hjúkrunar er mikil sérhæfing og því verður öll hjúkrunarmedferð aldrei á valdi neins eins hjúkrunarfræðings, en kerfisbundin skráning hjálpar hjúkrunarfræðingum að greina faglega þætti starfsins betur (Ásta Thoroddsen, 2002).

HJÚKRUNARGREINING SKILGREIND

Hjúkrunargreiningar eru ein leið til að flokka þekkingu í hjúkrun. Aydelotte og Peterson (1987) segja almennan tilgang með hjúkrunargreiningum vera að:

- setja upp kerfi sem dregur saman upplýsingar
- auðvelda notkun upplýsinga, þ.e. sækja þær og nota
- lýsa tengslum á milli hluta
- setja fram tilgátur
- koma fram með almennt tungumál til að lýsa málefnum sem varða

hjúkrunarfræðinga.

Fram hafa komið margar skilgreiningar á hjúkrunargreiningum m.a. frá Marjorie Gordon, (1976) sem sagði:

Hjúkrunargreining lýsir raunverulegu (virku) eða mögulegu heilbrigðisvandamáli, sem hjúkrunarfræðingur í krafti menntunar sinnar og reynslu er hæfur til og hefur leyfi til að leysa.

Í þessari skilgreiningu er komið inn á mikilvæg atriði um, að hjúkrunargreining tekur eingöngu til þess sviðs, sem er á færi hjúkrunarfræðinga að leysa og sem þeir mega meðhöndla lögum samkvæmt. Læknisfræðileg greining getur þannig ekki staðið sem hjúkrunargreining. Hjúkrunarfræðingur er ábyrgur fyrir hjúkrunargreiningu á sama hátt og læknir er ábyrgur fyrir læknisfræðilegri greiningu. Sú ábyrgð byggir á þekkingu, reynslu og hæfni hjúkrunarfræðings til að leysa þau vandamál, sem fram eru sett.

Sú skilgreining sem Vinnuhópur um skráningu hjúkrunar styðst við er frá NANDA en þar segir:

Hjúkrunargreining er klínískt mat á svörun einstaklings, fjölskyldu eða samfélagi við virkum eða mögulegum heilbrigðisvandamálum eða lífsferlinum. Hjúkrunargreining leggur grunninn að vali á árangursríkri hjúkrunarmedferð, sem hjúkrunarfræðingur er ábyrgur fyrir. (NANDA, 2001)

FLOKKUNARKERFI HJÚKRUNARGREININGA SKV. NANDA (Taxonomy of Nursing Diagnosis)

Eins og fyrri útgáfur þessarar bókar byggir þessi útgáfa á flokkunarkerfi hjúkrunargreininga samkvæmt NANDA. Miklar breytingar hafa verið gerðar á flokkunarkerfinu og er hið nýja kerfi kynnt í sérstökum kafla í þessari bók. Eldri hugmyndafræði NANDA sem byggði á hinum níu mannlegu viðbrögðum og sem stýrði flokkun hjúkrunargreininga hefur verið lögð niður. Flokkunarkerfi II er mun líkara heilsufarslyklum Marjorie Gordon og skiptist í 13 svið:

SVIÐ 1

HEILSUEFLING

Meðvitund um vellíðan eða eðlilega starfsemi og leiðir sem nota má til að halda stjórn á og efla vellíðan eða eðlilega starfsemi.

SVIÐ 2

NÆRING

Sú starfsemi að taka við, samlaga og nota næringarefni í þeim tilgangi að viðhalda vefjum, græða vefi og framleiða orku.

SVIÐ 3

ÚTSKILNAÐUR

Seyting og losun úrgangsefna úr líkamanum.

SVIÐ 4

VIRKNI OG HVÍLD

Framleiðsla, varðveisla, eyðsla eða jafnvægi á orkubirgðum.

SVIÐ 5

SKYNNJUN OG VITSMUNIR

Það kerfi í manninum sem sér um úrvinnslu upplýsinga og felur í sér athygli, áttun, tilfinningu, skynjun, vitsmuni og tjáskipti.

SVIÐ 6

SJÁLFSKYNJUN

Að vera meðvitaður um sjálfan sig.

SVIÐ 7

HLUTVERK OG FÉLAGSLEG TENGL

Jákvæð og neikvæð sambönd eða tengsl á milli einstaklinga eða hópa og hvaða leiðir eru farnar til að sýna þau tengsl.

SVIÐ 8

KYNLÍF

Samsömun í kynhlutverki, kynlífsstarfsemi og frjósemi.

SVIÐ 9

ADLÖGUN OG STREITUPÓL

Takast á við atburði lífs/lífsferil.

SVIÐ 10

LÍFSSKOÐANIR

Meginreglur um athafnir, siði eða stofnanir sem liggja að baki framkomu, hugsunum og atferli og litið er á sem sannar eða að hafi innra gildi.

SVIÐ 11

ÖRYGGI OG VARNIR

Vera laus við hættu, líkamlegan skaða eða skaða á ónæmiskerfi, varðveita gegn missi og vernda velferð og öryggi.

SVIÐ 12

LÍÐAN

Tilfinning um andlega, líkamlega eða félagslega velferð eða vellíðan.

SVIÐ 13

VÖXTUR OG ÞROSKI

Líkamlegum vexti, þroska á líffærakerfum og/eða áföngum í þroska náð sem viðeigandi er miðað við aldur.

Nánari lýsingu á flokkunarkerfi II er að finna í samnefndum kafla. Þar er hjúkrunargreiningunum raðað í flokka eftir innihaldi. Þessir flokkar eru þó einungis til að auðvelda flokkun sambærilegra hugtaka. Þekking á uppbyggingu flokkunarkerfisins hjálpar hjúkrunarfræðingum að beita því í daglegum störfum. Hver hjúkrunargreining hefur ákveðið númer, en það segir ekki til um röðun greiningar í flokka eða afstöðu einnar greiningar til annarrar eins og var í eldra kerfi. Greiningarþættir eða einkenni, sem lýsa ákveðnu heilbrigðisvandamáli eru flokkuð saman, ályktun er dregin af þeim og gefið ákveðið heiti: heiti hjúkrunargreiningar. Hver greining er skilgreind og þannig aðgreind frá öðrum hjúkrunargreiningum.

Hjúkrunargreiningar geta bæði verið almennar (veiklaðar varnir) en einnig sértækar (tannheilsu ábótavant). Dæmi um þetta eru greiningar varðandi vandamál tengd húð og slímhúðum:

Veiklaðar varnir

Vefjaskaði - sár

Veikluð munnslímhúð

Veikluð húð

Hætta á veiklun húðar
Tannheilsu ábótavant

Skráning á einkennum sem skjólstæðingur sýnir eru mikilvæg, því þau stuðla að rétttri greiningu sem ásamt orsakaþáttunum stýra meðferðinni. Mikilvægt getur verið að greina á milli mismunandi tegunda þvagleka, þar sem meðferðin er ólík eftir því hver tegundin er.

Sem dæmi má nefna að það stoðar lítið að kenna skjólstæðingi með starfrænan þvagleka grindarbotnsæfingar!

FRAMSETNING HJÚKRUNARGREININGA

Hjúkrunarvandamál er samheiti yfir hjúkrunargreiningu og hjúkrunarviðfangsefni. Hjúkrunargreining er ályktun, sem dregin er af ítarlegri, kerfisbundinni upplýsingasöfnun um skjólstæðing, sem getur verið einstaklingur, fjölskylda eða samfélag. Hún lýsir viðbrögðum skjólstæðings við heilsuvanda s.s. þegar einstaklingur þarf aðstoð hjúkrunarfræðings til að viðhalda eða endurheimta heilsu sína eða öðlast friðsælan dauðdaga. Hún lýsir virku eða hugsanlegu heilsufarsvandamáli eða breytingum, sem verða á persónuþroska einstaklingsins við breyttar aðstæður. Hjúkrunarviðfangsefni hins vegar eru að jafnaði sett fram til að viðhalda og/eða efla heilbrigði einstaklings eða þegar hjúkrunarfræðingur getur lagalega ekki ákveðið meðferð til að meðhöndla eða fyrirbyggja vandamál. Þess vegna getur bæði þurft fyrirsmæli læknis og hjúkrunarfræðilega meðferð til að leysa hjúkrunarviðfangsefni.

Beiting gagnrýnninnar hugsunar er mikilvæg fyrir söfnun upplýsinga og öll skrefin, sem á eftir koma. Gagnrýnin hugsun hefur þann tilgang að skoða og meta upplýsingar, draga ályktanir og gera áætlanir. Eftir að upplýsinga hefur verið aflað um skjólstæðing með viðtali, skoðun og öðru sem við á tekur greiningarferlið við. Það felur í sér þrjú skref:

- **Greina upplýsingarnar með því að**
Bera upplýsingarnar saman við viðurkennda / viðtekna staðla
Flokka upplýsingarnar og tengja þær saman
Greina gloppur og ósamræmi í upplýsingum
- **Greina heilsufarsvandamál, áhættuþætti og styrkleika**
- **Setja fram fullyrðingu um hjúkrunargreiningu**
Annað hvort hjúkrunargreiningu eða hjúkrunarviðfangsefni

HJÚKRUNARGREINING FELUR Í SÉR:

- Fullyrðingu um viðbrögð eða svörun einstaklingsins (P)
- Þætti, sem stuðla að eða eru líkleg orsök fyrir þessum viðbrögðum (E)
- Skráningu á einkennum, sem jafnframt má líta á sem rökstuðning fyrir greiningunni (S)

Þessi framsetning á hjúkrunargreiningu er byggir á svonefndu PES kerfi (**P**roblem-**E**tiology-**S**igns and **S**ymptoms)(Gordon, 1976). Í samræmi við það sem áður hefur komið fram eru greiningarþættirnir eða einkenni að jafnaði það fyrsta sem hugað er að (S), þau eru flokkuð saman og ályktun dregin af þeim í formi hjúkrunargreiningar (P). Orsakaþættir eru jafnframt tilgreindir (E).

PES - KERFIÐ

P- Problem - Vandamál

Lýsing á heilbrigðisvandamáli (virku eða hugsanlegu) skjólstæðings (einstaklings, fjölskyldu, samfélags) þar sem hjúkrunarmeðferð er veitt

E- Etiology - Þættir, sem stuðla að eða orsaka

Einn eða fleiri hugsanlegir orsakabættir fyrir vandamálinu gefnir til kynna og eru leiðbeinandi fyrir þá hjúkrunarmedferð sem þarf að veita

S- Signs and symptoms - Greiningabættir eða einkenni

Á greiningabáttunum eða einkennunum, sem skjólstæðingurinn hefur, er byggt þegar komist er að niðurstöðu um ákveðna hjúkrunargreiningu

Dæmi: Ófullnægjandi hreinsun öndunarvega [P] tengt magnleysi [E]

Einkenni: Hryglir í sjúkl., kraftlítil hósti, virðist ekki geta tekið á til að hósta vel [S]

Mikilvægt er að gera greinarmun á mögulegum orsakabáttum við framsetningu greininga, því hver orsakabáttur getur kallað á mismunandi hjúkrunarmedferð. T.d.:

HJÚKRUNARGREINING	ORSAKABÁTTUR	DÆMI UM HJÚKRUNARMEDFERÐ
Álagsþvagleki (sjúkl. A)	Slappur grindarbotn	Kenna sjúkl. grindarbotnsæfingar
Starfrænn þvagleki (sjúkl. B)	Skert áttun Lömun í handlegg, nær ekki að girða sig	Aðstoða sj. að átta sig á staðsetningu salernis; Aðlaga fatnað að fötlun s.s. buxur sému með teygju.

MISMUNANDI TEGUNDIR HJÚKRUNARGREININGA

Hjúkrunargreining tekur mið af skjólstæðingnum, heilbrigðum eða sjúkum. Ástand eða aðstæður hans hafa áhrif á hvers konar hjúkrunargreining er sett fram. Í bókinni sem hér fer á eftir koma fram fjórar tegundir greininga, en þær eru *virkar hjúkrunargreiningar* (t.d. Skert líkamleg hreyfigeta), *hættugreiningar*, (Hætta á skaða), *jákvæðar greiningar* (Árangursrík brjósttagjöf) og *heilkennagreiningar* (Streita í kjölfar flutnings, Hætta á fylgikvillum rúmlegu). Í bókinni eru allar greiningar settar fram eins, þar sem fram kemur heiti greiningar, skilgreining og greiningarþættir. Tengdir þættir eru settir fram þar sem við á. Til skýringar skal stuttlega gerð grein fyrir þessum þáttum:

1. Í heiti greiningar er ávallt lýsandi þáttur, sem vísar til auðkennis og gerir greininguna nákvæmari (truflun á, ófullnægjandi, skortur á).
2. Skilgreiningin útskýrir merkingu og eðli greiningarinnar og aðgreinir hana frá öðrum hjúkrunargreiningum.
3. Greiningabættirnir eru klínískar vísbendingar eða einkenni sem skjólstæðingur sýnir. Þeir geta verið huglægir (subjective) eða hlutlægir (objective). Þeir skiptast í aðalgreiningabætti (til staðar í 80 - 100 % tilvika), aukagreiningabætti (til staðar í 50 - 79 % tilvika) og áherslugreiningarþætti.
4. Tengdir þættir eru orsakabættir og eru því leiðbeinandi fyrir hjúkrunarmedferð. Ástæðan fyrir því að notað er orðið „tengt“ en ekki „vegna“ er að oft á tíðum er ekki hægt að segja með fullri vissu til um beint orsakasamband heldur eingöngu að um samband sé að ræða. Tengdir þættir geta verið af líffræðilegum, sálfræðilegum eða umhverfisástæðum, bundnir meðferð eða aðstæðum, þroska, o.fl. Tengdu þættirnir eru alltaf settir fram á hlutlausan hátt þannig að

á engan sé hallað. Ef orsök er ekki þekkt þá er það sett fram sem orsakapáttur, t.d. Hægðatregða tengd óþekktri orsök.

Hverri tegund greininga er lýst nánar hér á eftir.

Virkar hjúkrunargreiningar

Virkar hjúkrunargreiningar eru notaðar þegar hjúkrunarvandamál er til staðar og eru því algengastar. Þær byggjast á ofangreindum fjórum þáttum, þ.e. lýsandi þáttum í heiti greiningar, skilgreiningu, greiningarþáttum og tengdum þáttum.

Dæmi: Ófullnægjandi hreinsun öndunarvegna tengt þröttleysi.
Einkenni: Hryglir í sjúklingi, veikburða hósti, uppgangur.

Hættugreiningar

Hættugreiningar eru notaðar þegar einn skjólstæðingur er metinn í meiri hættu en annar á að fá hjúkrunarvandamál við sömu eða svipaðar aðstæður. Þessar greiningar eiga því eingöngu við þegar einhver er í sérstakri hættu á einhverju. T.d. eru allir sem hafa þvaglegg í hættu á að fá þvagfærasýkingu. Hins vegar hafa sumir fleiri áhættuþætti en aðrir og því í meiri hættu en almennt gerist. Því ætti eingöngu að nota þessar greiningar hjá þeim. Orðið „hætta á“ hefur þarna mikið klínískt gildi, þ.e. að greina á milli þeirra sem eru í verulegri hættu og hinna, sem eru í „eðlilegri“ hættu á einhverju.

Í heiti þessara greininga kemur fram lýsandi þátturinn „hætta á“

Engir greiningarþættir eru notaðir, þar sem skjólstæðingur sem er í hættu ætti ekki að hafa einkenni - en þau geta verið yfirvofandi. Færa má rök fyrir því, að skjólstæðingur sem kominn er með einkenni sé ekki lengur í hættu, heldur bendi einkennin til að hjúkrunargreiningin sé orðin virk.

Tengdu þættirnir eru þeir sömu og í virku greiningunum.

Dæmi: Hætta á veiklun húðar (þrýstingssárum) tengt lömun, skertri skynjun.

Jákvæðar greiningar (vellíðan)

Jákvæðar greiningar (vellíðan) eru notaðar þegar mat á skjólstæðingi sýnir að hann bætir líðan sína. Tvær vísbendingar eiga að vera fyrir hendi:
ósk einstaklings um betri líðan
núverandi ástand er viðunandi en má bæta

Þessar greiningar hefjast flestar á Möguleikar á bættri / aukinni..., sem er þá hinn lýsandi þáttur.

Ekki er nauðsynlegt að tengja þessar greiningar orsök eða tilgreina greiningarþætti þ.e. eingöngu greiningin sjálf sett fram.

Þessar greiningar henta vel fyrir heilsugæslu, skóla, alls staðar þar sem heilbrigðir einstaklingar eru, s.s. í ungbarnavernd, mæðravernd, sængurkvennadeild o.fl. Þær geta einnig átt við t.d. hjá

einstaklingi, sem er í megrun vegna offitu og gengur ágætlega, en þarf áframhaldandi stuðning til að ljúka velheppnaðri meðferð.

Dæmi: Árangursrík brjóstagjöf (möguleikar á árangursríkari brjóstagjöf).

Heilkennahjúkrunargreiningar

Þær eru samsafn virkra eða hættugreininga sem gera má ráð fyrir að séu fyrir hendi vegna sérstaks ástand eða aðstæðna. Í dag eru til fimm hjúkrunargreiningar af þessum toga:

Hætta á fylgikvillum rúmlegu
Áfall eftir nauðgun
Viðbrögð eftir áfall
Streita í kjölfar flutnings
Erfiðleikar við skynjun umhverfis

Orsakaþættir koma fram í heiti greiningar (fylgikvillar rúmlegu, nauðgun,) og því þarf ekki að taka þá fram. Einkenni (greiningarþætti) þarf ekki að tilgreina.

Hjúkrunarviðfangsefni - collaborative problems

Á vettvangi eru hjúkrunarfræðingar að fást við tvenns konar þætti í meðferð. Annars vegar er um að ræða meðferð sem kemur í kjölfar hjúkrunargreininga og sem hjúkrunarfræðingar bera ábyrgð á og hafa leyfi til að setja upp meðferð fyrir. Hins vegar eru ýmiss konar klínísk vandamál, þar sem hjúkrunarfræðingar fylgja meðferð lækni eða fylgjast með skjólstæðingum og komi eitthvað upp á þarf lækni til að gefa fyrirmæli um meðferð, sem hjúkrunarfræðingar síðan framfylgja. Þetta kallast hjúkrunarviðfangsefni. Sjúklingur sem gengst undir skurðaðgerð er í *hættu á fylgikvillum* s.s. þarmalömun og blæðingu. Það er ekki á færi hjúkrunarfræðings að fyrirbyggja innvortis blæðingu í kjölfar aðgerðar. Hins vegar er það hlutverk hans að fylgjast með ástandi og líðan sjúklingsins og láta hlutaðeigandi lækni vita þegar þess gerist þörf. Hætta á fylgikvillum meðferðar / sjúkdóma er því í mörgum tilvikum hjúkrunarviðfangsefni því meðferðin krefst bæði fyrirmæla frá lækni og hjúkrunarfræðingi og þar með geta þau ekki staðið sem hjúkrunargreining. Í daglegu starfi gera hjúkrunarfræðingar e.t.v. ekki greinarmun á þessu tvennu en fyrir fræðilega, faglega og lagalega hlið hjúkrunar skiptir það máli.

Eftirfarandi eru dæmi um framsetningu, sem kemur fyrir við notkun hjúkrunargreininga og ekki samræmist hugmyndafræði NANDA og tillögur að annarri framsetningu. Þessi listi er engan veginn tæmandi og settur fram til umhugsunar og umræðna fyrir hjúkrunarfræðinga.

- Læknisfræðileg greining er notuð í staða hjúkrunargreiningar: Lungnabólga. Í stað þess gæti verið: Ófullnægjandi hreinsun öndunarvega tengt mikilli slímmyndun og þróttleysi vegna lungnabólgu.
- Vandamálið eða greiningin er tengd þáttum, sem ekki er hægt að breyta: Hætta á skaða tengt blindu. Að jafnaði er það ekki á færi hjúkrunarfræðings að laga blindu og því væri Hætta á skaða tengt óöryggi í umhverfinu vegna blindu betri framsetning.
- Einkenni eða orsakaþættir settir fram á ruglingslegan hátt: Slímsöfnun í lungum post op. tengt rúmlegu. Gæti verið Ófullnægjandi hreinsun öndunarvega tengt almennum slappleika eftir aðgerð og rúmlegu.
- Framkvæmd eða verk hjúkrunarfræðings notað í stað viðbragða sjúklings: Umhirða colostomiu. Betra væri að skrá greininguna út frá sjúklingnum s.s.: Ófullnægjandi geta til að viðhalda heilbrigði tengt ófullnægjandi þekkingu á umhirðu colostomiu.
- Greining ónákvæm eða ósértæk: Breyting á hægðalosun tengd næringarinntekt. Hér kemur ekki fram hvort um hægðatregðu, niðurgang eða hægðaleka er að ræða. Sérækara er t.d. Hægðatregða tengd ófullnægjandi neyslu trefja.

- Tvær greiningar undir sama hatti: Kvíði og hræðsla tengt aðskilnaði frá foreldrum. Gæti t.d. verið: Ótti tengdur aðskilnaði frá foreldrum eða Kvíði tengdur breytingum í umhverfi og ófullnægðum þörfum.
- Framsetning á greiningu felur í sér gildismat, fordóma eða þess háttar: Langvarandi verkir tengt hugsanlegum ávinningi sjúklings. Ætti frekar að vera Langvarandi verkir tengdir óþekktri orsök eða ef við á t.d. endurteknum vöðvakrömpum. Kvörtun sjúklings um verki stendur þar sem verkur er það sem sjúklingurinn segir hann vera. Ávinningur sjúklings, hvort sem hann á við rök að styðjast eða ekki, krefst frekari skoðunar og annarrar meðferðar en getur falist í verkjameðferð. Þess skal ávallt gætt að á engan sé hallað og að skráning sé sett fram á hlutlausan hátt. Í þessu sambandi er rétt að benda á Lög um réttindi sjúklinga frá 1997.
- Ályktun er dregin af hæpnum forsendum, s.s. að í framsetningu greiningar er ýjað að einhverju: Hætta á að frammistöðu í foreldrahlutverki verði ábótavant tengt reynsluleysi móður (fyrsta barn). Ætti frekar að vera Ófullnægjandi þekking á umönnun barns. Móðir segist ekki vita hvað henni beri að gera.

Að auki er hjúkrunarfræðingum bent á umfjöllun við einstakar hjúkrunargreiningar, sem fram kemur víða í bókinni og nefnist *Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar*. Þar er getið um ýmislegt sem orkað getur tvímælis við beitingu einstakra greininga, vísað er á aðrar greiningar, sem til greina kæmu, lagalega þætti og fleira. Þörf er á umræðu meðal hjúkrunarfræðinga um hjúkrunargreiningar, innihald þeirra og réttmæti og umfjöllun um einstakar hjúkrunargreiningar er einn liður í að ýta undir slíkt.

HEIMILDASKRÁ

Aydelotte, M. og Peterson, K. (1987). Nursing taxonomies: state of the art. Í McLane, A. ritstj.: *Classification of Nursing Diagnoses: Proceedings of the 7th conference*. St. Louis: Mosby-Year Book.

Ásta Thoroddsen (2002, apríl). *Translation of nursing: Applicability of NIC in a non-US culture*. Erindi flutt á NNN (NANDA-NIC-NOC) ráðstefnu í Chicago, 11. apríl 2002. Erindið er hægt að fá hjá höfundu.

Ásta Thoroddsen og Hrund Sch. Thorsteinsson (2002). Nursing Diagnosis Taxonomy across the Atlantic Ocean: Congruence between nurses' charting and the NANDA taxonomy. *Journal of Advanced Nursing*, 37 (4), 372-81.

Ásta Thoroddsen og Kristín Þórarinsdóttir (2002). Samræmt fagmál í hjúkrun: Notkun hjúkrunargreininga í klínísku starfi. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 72 (1), 13-21.

Gordon, M. (1976). Nursing diagnosis and the diagnostic process. *American Journal of Nursing*, 76(8), 1298-1300.

ICN-International Council of Nurses (1996) The International Classification for Nursing Practice: A Unifying Framework. ICN Press, Geneva.

Landlæknisembættið (2001). Lágmarksskráning vistunarypplýsinga á sjúkrahúsum. 3. útg. [<http://landlaeknir.is/uploads/files/Lagmarksskran3.pdf>]. Sótt af netinu 22. janúar 2002.

Lög um réttindi sjúklinga nr.74/1997.

McCloskey, J.C. og Bulechek, G.M. (ritstj.)(2000). Nursing Interventions Classification (NIC). St. Louis: Mosby Year Book.

Moorhead, S.A., McCloskey, J.C. og Bulechek, G.M. (1993). Nursing Intervention Classification. A comparison with the Omaha System and the Home Healthcare Classification. *Journal of Nursing Administration*, 23(10), 23-9.

NANDA (2001). Nursing Diagnosis: Definitions & Classification, 2001-2002. Höfundur: Philadelphia, P.A.

Warren, J.J. (1983). Accountability and nursing diagnosis. *Journal of Nursing Administration*, 13(10).

FLOKKUNARKERFI II

Skipulag NANDA-hjúkrunargreininga hefur þróast frá miðjum 8. áratugnum úr stafrófsröðuðum lista í hugtakakerfi sem síðan var haft að leiðarljósi við röðun hjúkrunargreininga í flokkunarkerfi. Í þessum hluta bókarinnar er lögð áhersla á söguna, svo og svið, flokka, greiningarhugtök auk hjúkrunargreininga sem samþykktar voru árið 2000 sem flokkunarkerfi II. Fjallað er um margása uppbyggingu flokkunarkerfisins og fagheiti og auk þess fylgir breytingatafla fyrir flokkunarkóða til að auðvelda færslu úr Flokkunarkerfi I í Flokkunarkerfi II.

ÞRÓUN FLOKKUNARKERFIS II

Að lokinni NANDA-ráðstefnunni í apríl 1994 hittist flokkunarnefnd samtakanna til að raða nýsamþykktum greiningum í endurskoðað Flokkunarkerfi I. Nefndin átti í umtalsverðum erfiðleikum með að flokka sumar greininganna. Í ljósi þessara erfiðleika og hins sívaxandi fjölda innsendra greininga á stigi 1.4 og ofar (sjá heimasíðu NANDA, (<http://www.nanda.org>) taldi nefndin að nýtt skipulag flokkunarkerfisins væri raunhæfur möguleiki. Miklar umræður spunnust um þennan möguleika og hvernig unnt væri að koma endurskipulagi í kring á fræðilegan en jafnframt endurtakanlegan hátt.

Til að byrja með ákvað nefndin að athuga hvort ákveðnir flokkar kæmu fram af sjálfu sér við skoðun gagnanna. Notuð var sjálfsprottin (*naturalistic*) Q- þáttgreining við flokkunina og lauk fyrstu umferð á ráðstefnunni 1994. Önnur umferð var farin síðar og greining samkvæmt henni kynnt á ráðstefnunni 1996. Sú Q-flokkun leiddi af sér 21 flokk, en svo margir flokkar eru óhentugir og óhagkvæmir.

Árið 1998 sendi flokkunarnefndin stjórn NANDA-samtakanna fjórar Q-flokkar byggðar á mismunandi hugmyndarömmum. Sú fyrsta var kynnt 1996 og var sjálfsprottin (*naturalistic*). Önnur flokkunin byggði á hugmyndaramma Jennys (1994), sú þriðja á NOC-hugmyndarammanum (Johnson & Maas, 1997) og sú fjórða byggði á heilsufarslyklum Gordons (1998). Engin þessara flokkana þótti fullnægjandi, þótt heilsufarslyklar Gordons kæmst næst því. Með leyfi Gordons var heilsufarslyklum hennar breytt lítillega til að búa til fimmtu flokkunina og var hún kynnt félagsmönnum á fundi í apríl 1998. Var þátttakendum boðið að raða hjúkrunargreiningum samkvæmt þeim sviðum sem valin höfðu verið. Í lok fundarins höfðu 40 nothæf gagnamengi safnast til frekari greiningar. Við gagnasöfnun gættu nefndarmenn þess að halda til haga öllum spurningum sem spurt hafði verið, athugasemdum frá þátttakendum um það sem þeim þótti ruglingslegt og tillögum til úrbóta.

Frekari breytingar voru gerðar á hugmyndarammanum sem byggðust á greiningum gagna og athugasemdum af vettvangi. Einu sviði í upprunalega hugmyndarammanum var skipt í tvennt til að fækka flokkum og greiningum innan þess. Sérstöku sviði var bætt við fyrir vöxt og þroska þar sem upprunalegur hugmyndarammi hafði ekki að geyma það svið. Fjölmörgum öðrum sviðum voru gefin ný heiti til að endurspegla betur innihald hjúkrunargreininganna. Endanleg uppbygging flokkunarkerfisins líkist heilsufarslyklum Gordons mun minna en áður, en dregið hefur úr rangri flokkun og endurtekningar sjást varla lengur. Þetta er það sem sóst er eftir við uppbyggingu flokkunarkerfis.

Að síðustu voru samdar skilgreiningar fyrir öll svið og flokka innan kerfisins. Skilgreining hverrar greiningar var síðan borin saman við þann flokk og svið sem henni var skipað í. Niðurröðun greininga var endurskoðuð og smálagfæringar voru gerðar til að tryggja sem besta samsvörun milli sviða, flokka og greininga. Mynd 1.1 sýnir skipulag sviða og flokka í Flokkunarkerfi II. Tafla 1.1 sýnir Flokkunarkerfi II, en það hefur 13 svið, 106 flokka og 155 hjúkrunargreiningar.

UPPBYGGING FLOKKUNARKERFIS II

Fræðimenn, starfsfólk á sviði upplýsingatækni og stjórnendur gagnagrunna eru þeir sem nota raunveruleg flokkunarkerfi mest. Starfsfólk á klínískum sviðum þarf sjaldan að vísa í skipulag flokkunarkerfisins en hefur hins vegar meiri áhuga á hinum raunverulegu greiningum í kerfinu. Hins vegar hjálpar það þeim sem vill nota greiningarmálið til að finna upplýsingar fljótt að vera handgenginn því hvernig það er byggt upp. Stuttar útskýringar á skipulagi flokkunarkerfisins, sem hér eru kynntar, auka því skilning á greiningunum innan þess.

Flokkunarkerfi II var skipulagt sem margása og bætir það verulega sveigjanleika fagheitanna og gerir viðbætur og lagfæringar auðveldari.

Um er að ræða sjö ása

Ás 1 Greiningarhugtakið

Ás 2 Tími (brátt, langvarandi, skammtíma, langtíma)

Ás 3 Umönnunareining (einstaklingur, fjölskylda, samfélag, hópur)

Ás 4 Aldur (frá föstri til aldraðs)

Ás 5 Heilsufarsástand (virk vandamál, áhættuþættir, tækifæri eða möguleiki á vexti eða aukningu)

Ás 6 Lýsandi þáttur (takmarkar eða gerir merkingu greiningarhugtaks sértækari)

Ás 7 Vísun til líkamskerfa (líkamshlutar eða -svæðis)

SKILGREINING Á ÁSUNUM

Í NANDA-flokkunarkerfinu er ás skilgreindur sem vídd mannlegra viðbragða sem kemur til greina við greiningarferlið.

Ásarnir koma fram í heiti eða kóða hjúkrunargreiningar með sértæku gildi. Í sumum tilvikum er þetta orðað beint í heiti greiningar, t.d. *ófullnægjandi aðlögunarleiðir samfélags* og *vangeta fjölskyldu til að nýta aðlögunarleiðir* þar sem umönnunareining (í þessu tilviki samfélag og fjölskylda) kemur fram í heiti greiningar. Orðin *ófullnægjandi* og *vangeta* eru lýsandi þættir (ás 6).

Í öðrum tilvikum er ásin undanskilinn, t.d. í *skert athafnaprek*, þar sem einstaklingurinn er umönnunareining. Í sumum tilvikum er ekki viðeigandi að tilgreina tiltekinn ás sem hluta af heiti greiningar. Tímaásinn hefur t.d. fjögur gildi sem eiga ekki við í hvert skipti sem greint er.

Ás 1 Lykilhugtak greiningar

Lykilhugtak greiningar er skilgreint sem aðalatriði eða þýðingarmesti hluti þeirrar fullyrðingar sem settur er fram sem greining og er í raun rót greiningarinnar.

Lykilhugtakið er ýmist sjálfstætt nafnorð (t.d. líkamshiti) eða nafnorðasamband (t.d. *hreinsun öndunarvegjar*) eða þá nafnorð með lýsingarorði sem afmarkar það nánar (t.d. *óstöðugur líkamshiti*).

Lykilhugtökin í Flokkunarkerfi II eru:

- | | |
|---------------------------------|---------------------------------|
| • Aðlögun | • Áverki |
| • Aðlögunarleiðir | • Bati eftir aðgerð |
| • Aðlögunarrými innan höfuðkúpu | • Brjóstagjöf |
| • Afneitun | • Dettni, byltur |
| • Atferli ungbarns | • Dægrastytting |
| • Athafnaprek | • Eftir áfall |
| • Áfall eftir nauðgun | • Einmanaleiki |
| • Álag í umönnunarhlutverki | • Eitrun |
| • Ásvelging | • Erfiðleikar við ákvarðanatöku |

- Félagsleg einangrun
- Félagsleg samskipti
- Fjölskyldulíf
- Flutningur
- Foreldrahlutverk
- Frammistaða í hlutverki
- Fylgikvillar rúmlegu
- Ganga – göngugeta
- Gaumstol
- Gegnflæði
- Heilbrigðismiðuð hegðun
- Heimilishald
- Hækkun á líkamshita
- Lækkun á líkamshita
- Hitastjórnun
- Hlutverkaágreiningur
- Hreinsun öndunarvega
- Hreyfing - hreyfigeta
- Hugsanaferli
- Húð
- Hægðaleki
- Hægðatregða
- Kvíði
- Kynging
- Kynlífsmynstur
- Kynlífsvandi
- Köfnun
- Latex-ofnæmisviðbrögð
- Leguskaði vegna skurðaðgerðar
- Líkamshiti
- Líkamsímynd
- Loftskipti
- Magnleysi, þreyta
- Meðferð ekki fylgt
- Minni
- Munnleg tjáskipti
- Munnslímhúð
- Niðurgangur
- Næring
- Næringarmynstur ungbarns
- Ofbeldi
- Orkusvið

- Ógleði
- Ótti
- Ráf
- Rugl
- Sálarangist
- Sálarlegt jafnvægi
- Sjálfkrafa öndun
- Sjálfsbjörg
- Sjálfsmisþyrming
- Sjálfsvíg
- Sjálfsvirðing
- Sjálfsvitund
- Skaðleg ósjálfráð taugaviðbrögð
- Skyntilfinning
- Sorg
- Stjórnun á meðferðaráætlun
- Streita í kjölfar flutnings
- Svefn
- Svefnmynstur
- Sýking
- Tannheilsa
- Tengsl
- Tregi
- Túlkun umhverfis
- Útfall hjarta
- Útskilnaður
- Vanmáttarkennd
- Varnir
- Vefir
- Venja úr öndunarvél
- Verkir
- Viðhald heilbrigðis
- Vonleysi
- Vökvi
- Vöxtur
- Þekking
- Þrífst ekki
- Þroski
- Þvagleki
- Þvagtregða
- Öndun

MYND 1.1 FLOKKUNARKERFI II – SVIÐ OG FLOKKAR

Heilsu-efling	Næring	Útskilnaður	Virkni/hvöld	Skynjun/vitsmunir	Sjálfsskynjun
Heilbrigðisvitund	Fæðunám	Þvag-færi	Svefn/hvöld	Athygli	Sjálfshugmynd
Heilbrigðisstjórnun	Melting	Meltingar-færi	Virkni/þjálfun	Áttun	Sjálfsvirðing
	Frásög	Húð	Orku-jafnvægi	Tilfinning/skynjun	Líkamsímynd
	Efnaskipti	Öndunar-færi	Viðbrögð blóðrásar, hjarta og lungna	Vitsmunir	
	Vökvabúskapur			Tjáskipti	

Hlutverk og tengsl	Kynlíf	Aðlögun/streitupól	Lífs-skoðanir	Öryggi/Varnir	Líðan	Vöxtur/þroski
Umönnunarhlutverk	Samsömun í kynhlutverki	Viðbrögð eftir áfall	Gildismat	Sýking	Líkamleg líðan	Vöxtur
Fjölskyldutengsl	Kynlífs-virkni	Aðlögunarleiðir	Trú	Líkamlegar varnir - skaði	Umhverfis-líðan	Þroski
Frammistaða í hlutverki	Frjósemi	Tauga-atferlisleg streita	Samræmi í gildismati, trú og athöfnum	Ofbeldi Umhverfis-áhætta Varnar-viðbrögð Hitastjórnun	Félagsleg líðan	

Ás 2 Tími

Tími er skilgreindur sem varanleiki tímabils eða tímallengd. Gildi á ásnum eru brátt, langvarandi, með hléum og viðvarandi.

- *Brátt*: Minna en 6 mánuðir.
- *Langvarandi*: Meira en 6 mánuðir.
- *Með hléum*: Stöðvast/hættir eða hefst aftur með hléum, í tímabilum, endurtekur sig.
- *Viðvarandi*: Ótruflað, heldur áfram án þess að hætta.

Ás 3 Umönnunareining

Umönnunareining er skilgreind sem sá hópur sem hjúkrunargreining er ákvörðuð fyrir. Gildin á ás 3 eru einstaklingur, fjölskylda, hópur og samfélag.

- *Einstaklingur*: Ein manneskja, aðgreind frá öðrum, persóna.
- *Fjölskylda*: Tveir eða fleiri einstaklingar sem hafa samfellt eða viðvarandi samband sín í milli og skynja gagnkvæmar skyldur, skilja hluti á sama hátt eða eiga sér sameiginlegan tilgang og deila með sér vissum skyldum gagnvart öðrum; eru tengdir blóðböndum eða að eigin vali.
- *Hópur*: Einstaklingar sem safnast, flokkast saman eða vinna saman.
- *Samfélag*: „Hópur fólks sem býr á sama stað og lýtur sömu stjórn. Dæmi: Hverfi, borgir, manntalssvæði og áhættuhópar”. (Craft-Rosenberg, 1999, p. 127)

Deleted:

Formatted

Þegar umönnunareining er ekki tilgreind sérstaklega er átt við einstakling.

Ás 4 Aldur

Aldur er skilgreindur sem sá tími eða tímabil sem einstaklingur hefur verið til. Gildin á ás 4 eru:

- | | |
|-----------------------------------|----------------------------------|
| • Fóstur | • Unglingur, 13-19 ára |
| • Nýburi, frá fæðingu til 28 daga | • Ungt fólk, 20-39 ára |
| • Ungbarn, 1 mán. til 12 mán. | • Miðaldra fólk, 40-64 ára |
| • Smábarn, 1-2 ára | • Eldra fólk, 65-74 ára |
| • Forskólabarn, 3-5 ára | • Aldrað fólk, 75-84 ára |
| • Barn á skólaaldri, 6-12 ára | • Háaldrað fólk, 85 ára og eldri |

Ás 5 Heilsufarsástand

Heilsufarsástand er skilgreint sem staða eða stig á samfelldum heilsuferli. Gildin á ás 5 eru heilbrigði, áhætta eða virkt ástand:

- *Heilbrigði*: Sá eiginleiki eða ástand að vera heill heilsu, einkum í kjölfar markvissrar viðleitni.
- *Áhættuþættir*: Varnarleysi, sérstaklega í kjölfar þess að hafa orðið fyrir einhverju sem eykur líkur á skaða eða missi.
- *Virkt ástand*: Raunverulegt ástand eða það ástand semeinstaklingur upplifir á hverjum tíma.

Ás 6 Lýsandi þáttur

Lýsandi þáttur eða viðmiðunarþáttur er skilgreindur sem niðurstaða mats sem þrengir eða tiltekur nánar merkingu hjúkrunargreiningar. Gildin á ás 6 eru:

- | | |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------|
| • <i>Aukning</i> : Meiri að stærð, magni eða stigi | • <i>Fyrirboði</i> : Það að gera sér grein fyrir fyrirfram, sjá fyrir |
| • <i>Fullnægjandi, árangursríkt</i> : Sem framkallar fyrirætluð áhrif eða þau áhrif sem vænst er | • <i>Vanhæfni</i> : Það að verða óhæfur eða ófær, verða vanmáttugur |

- *Geta*: Hæfileiki til að gera eða framkvæma
- *Hættuástand*: Varnarleysi gagnvart ógn
- *Minnkun*: Það að dregið sé úr eða gert minna að stærð, magni eða stigi
- *Möguleiki á aukningu/betra ástandi* (notað með greiningum á heilbrigðu eða eðlilegu ástandi): Það að gera stærra, að batna að gæðum, að öðlast hið æskilegra
- *Ofgnótt*: Magn eða eiginleikar sem eru meiri en nauðsynlegt, æskilegt eða gagnlegt er
- *Ófullnægjandi*: Sem framkallar ekki æskileg eða tilætluð áhrif
- *Ósamsvarandi, frávik*: Ekki í samræmi við staðla
- *Óskipulag*: Eyðilegging á kerfisbundnu fyrirkomulagi
- *Óstöðugleiki*: Ástand þegar ójafnvægi ríkir
- *Röskun*: Rofin samfella eða samræmi
- *Seinkun*: Frestun, hindrun eða seinkun
- *Skipulag*: Myndun eins konar kerfisbundins fyrirkomulags
- *Skortur á*: Ónógur að magni, gerð eða stigi; ekki fullnægjandi; ófullkominn
- *Skynjun*: Það að gera sér grein fyrir með hjálp skynfæra; heimfærsla merkingar
- *Starfræn*: Eðlileg, fullkomin starfsemi
- *Stöðugleiki*: Ástand þegar jafnvægi ríkir
- *Truflun*: Órói/æsingur eða rof, það þegar gripið hefur verið inn í
- *Uppurið*: Tæmt að fullu eða hluta, örmagna
- *Vangeta*: Skortur á getu til að gera eitthvað eða framkvæma
- *Vanstarfsemi*: Óeðlileg, ófullkomin starfsemi
- *Veiklun*: Eitthvað sem orðið er verra, veikburða, hefur skaðast, smækkað eða hrakað.

Ás 7 Vísun til líkamskerfa

Vísun til líkamskerfa á við líkamshluta eða svæði líkamans – alla vefi, líffæri, líffærafræðilega staði eða uppbyggingu. Gildin á Ás 7 eru:

- Heyrnar-
- Þarma-
- Hjarta og lungna-
- Heila-
- Meltingarfæra-
- Bragð-
- Innankúpu-
- Þvagfæra-
- Slímhúðir
- Munn-
- Lyktar-
- Jaðartauga- og blóðrásar-
- Jaðarblóðrásar-
- Nýrna-
- Húð-
- Snerti-
- Sjón-

Þar sem hugtakakerfið er byggt upp af mörgum ásum sem saman mynda einskonar grind er rétt að verkja athygli á því að lýsandi þáttur (t.d. *minnkað*, *skert*) birtist á sérstökum ási sem er aðskilinn frá lykilhugtökunum. Eftir því sem flokkunarkerfið þróast verður unnt að velja það lykilhugtak/mannleg viðbrögð sem útskýrir ástand skjólstæðings/sjúklings. Einnig verður unnt að velja úr þeim lýsandi þáttum sem eru á ásnum fyrir lýsandi þætti. Ef athyglin beinist til dæmis að mannlega viðbragðinu *foreldrahlutverki* er hægt að velja af ásnum fyrir lýsandi þætti til dæmis *röskun* eða *möguleiki á betra*. Að auki eru fimm aðrir ásar sem velja má úr viðeigandi atriði. Fyrir greiningu um *foreldrahlutverk* væri hægt að bæta við *einstaklingi* frá þjónustuþegaásnum, *unglingi* frá aldursásnum, *hættu á* frá heilsufarsástandsásnum til að búa til hjúkrunargreininguna *Hætta á röskun á foreldrahlutverki einstaklings vegna unglings*.

Nokkur varnaðar- og hvatningarorð: Notkun margása uppbyggingar eins og hér hefur verið lýst gerir það að verkum að unnt er að búa til margs konar greiningar, sem hafa enga afmarkandi greiningarþætti og geta því jafnframt verið algjör vitleysa (t.d. *truflaðar athafnir daglegs lífs fósturs*). Því er hvatt til þess að einungis verði notaðar þær greiningar til prófunar sem hafa verið samþykktar og hafa því afmarkandi greiningarþætti.

TAFLA 1.1 FLOKKUNARKERFI II:

SVIÐ, FLOKKAR, LYKILHUGTÖK GREININGA OG HJÚKRUNARGREININGAR.

SVIÐ 1 HEILSUEFLING

Meðvitund um vellíðan eða eðlilega starfsemi og leiðir sem nota má til að halda stjórn á og efla vellíðan eða eðlilega starfsemi.

Flokkur 1 Heilbrigðisvitund. Þekking á eðlilegri starfsemi og vellíðan.

Flokkur 2 Heilbrigðisstjórnun. Þekkja, hafa stjórn á, framkvæma og samhæfa virkni til að viðhalda heilsu og vellíðan.

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Stjórn á meðferðaráætlun

Heilbrigðismiðuð hegðun

Viðhald heilbrigðis

Heimilishald

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00082	Stjórnun einstaklings við að fylgja meðferðaráætlun er fullnægjandi
00078	Stjórnun einstaklings við að fylgja meðferðaráætlun er ófullnægjandi
00080	Stjórnun fjölskyldu við að fylgja meðferðaráætlun er ófullnægjandi
00081	Stjórnun samfélags við að fylgja meðferðaráætlun er ófullnægjandi
00084	Heilbrigðismiðuð hegðun (tilgreinið nánar)
00099	Ófullnægjandi geta til að viðhalda heilbrigði
00098	Skert geta til heimilishalds

SVIÐ 2 NÆRING

Sú starfsemi að taka við, samлага og nota næringarefni í þeim tilgangi að viðhalda vefjum, græða vefi og framleiða orku.

Flokkur 1 Fæðunám. Taka fæðu eða næringarefni inn í líkamann.

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Næringarmynstur ungbarns

Kynging

Næring

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00107	Ófullnægjandi næringarmynstur ungbarns
00103	Kyngingarörðugleikar
00002	Næring minni en líkamspörf

00001	Næring meiri en líkamspörf
00003	Hætta á neyslu næringar umfram líkamspörf

Flokkur 2 Melting. Sú líkamlega og efnafræðilega starfsemi sem umbreytir fæðu í efni, sem eru hæfileg til frásogs og samlögunar.

Flokkur 3 Frásog. Upptaka næringarefna gegnum vefi líkamans.

Flokkur 4 Efnaskipti. Efnafræðilegir og líkamlegir ferlar sem eiga sér stað í lífverum og frumum til að proska og nýta frymi, framleiða orku og úrgangsefna með losun orku fyrir alla lífsnauðsynlega ferla.

Flokkur 5 Vökvabúskapur. Inntaka og frásog vökva og elektrólýta.

LYKILHUGTÖK GREININGAR	SAMÞYKKTAR GREININGAR
Vökvi	00027 Vökvaskortur
	00028 Hætta á vökvaskorti
	00026 Vökvasöfnun
	00025 Hætta á vökvaójafnvægi

SVIÐ 3 ÚTSKILNAÐUR

Seyting og losun úrgangsefna úr líkamanum.

Flokkur 1 Þvagfærakerfi. Ferli seytunar og losunar þvags.

LYKILHUGTÖK GREININGAR	SAMÞYKKTAR GREININGAR
Þvagútskilnaður	00016 Truflun á þvagútskilnaði
Þvagtregða	00023 Þvagtregða
Þvagleki	00021 Stöðugur þvagleki
	00020 Starfrænn þvagleki
	00017 Álagsþvagleki
	00019 Bráðapþvagleki
	00018 Þvagleki - ósjálfrátt viðbragð (Reflex Incontinence)
	00022 Hætta á bráðapþvagleka

Flokkur 2 Meltingarfærakerfi. Losun og seytun úrgangsefna úr þörmum.

LYKILHUGTÖK GREININGAR	SAMÞYKKTAR GREININGAR
Hægðaleki	00014 Hægðaleki
Niðurgangur	00013 Niðurgangur
Hægðatregða	00011 Hægðatregða
	00015 Hætta á hægðatregðu
	00012 Einstaklingur telur sig vera með hægðatregðu

Flokkur 3 Húð.

Ferli seytunar og losunar gegnum húð.

Flokkur 4 Öndunarfærakerfi. Fjarlægning niðurbrotsefna efnaskipta, seytunar og aðskotahluta úr lungum eða berkjum.

LYKILHUGTÖK GREININGAR	SAMÞYKKTAR GREININGAR
Loftskipti	00030 Trufluð loftskipti

SVIÐ 4 VIRKNI / HVÍLD

Framleiðsla, varðveisla, eyðsla eða jafnvægi á orkubirgðum.

Flokkur 1 Svefn/hvöld. Það að blunda, leggja sig, vera í ró og næði eða óvirkur.

LYKILHUGTÖK GREININGAR	SAMÞYKKTAR GREININGAR
Svefnmynstur	00095 Svefntruflun
Svefn	00096 Svefnleysi

Flokkur 2 Virkni/þjálfun. Hreyfing líkamshluta (hreyfigeta), framkvæmd vinnu eða athafna, oft (oftast) gegn viðnámi.

LYKILHUGTÖK GREININGAR	SAMÞYKKTAR GREININGAR
Fylgikvillar rúmlegu	00040 Hætta á fylgikvillum rúmlegu
Hreyfing	00085 Skert líkamleg hreyfigeta
	00091 Skert geta til að hreyfa sig í rúmi
	00089 Skert geta til að hreyfa sig um í hjólastól
Flutningur	00090 Skert geta til að flytja sig á milli
Ganga	00088 Skert göngugeta
Dægrastytting	00097 Skortur á dægrastyttingu
Ráf	00154 Ráf
Sjálfsbjörg	00109 Skert geta við klæðnað/snyrtingu
	00108 Skert geta við böðun/hreinlæti
	00102 Skert geta til að matast
	00110 Skert geta við salemisferðir
Bati eftir aðgerð	00100 Seinkaður bati eftir aðgerð

Flokkur 3 Orkujafnvægi. Öflugt samræmi á milli líkamsorku sem safnað er og þeirrar sem eyðist.

LYKILHUGTÖK GREININGAR	SAMÞYKKTAR GREININGAR
Orkusvið	00050 Truflun á orkusviði
Magnleysi	00093 Magnleysi

Flokkur 4 Viðbrögð hjarta, blóðrásar og lungna. Gangverk hjarta og lungna sem styður virkni/hvöld.

LYKILHUGTÖK GREININGAR	SAMÞYKKTAR GREININGAR
Útfall hjarta	00029 Minnkað útfall hjarta
Sjálfkrafa öndun	00033 Viðheldur ekki sjálfkrafa öndun
Öndun	00032 Ófullnægjandi öndun
Athafnaþrek	00092 Skert athafnaþrek
	00094 Hætta á skertu athafnaþreki
Venja úr öndunarvél	00034 Trufluð viðbrögð við að venja frá öndunarvél
Gegnflæði	00024 Ónógt flæði til vefja (tilgreinið tegund: nýrna, heila, hjarta og lungna, meltingarfæra, útkerfa)

SVIÐ 5 SKYNNJUN OG VITSMUNIR

Það kerfi í manninum sem sér um úrvinnslu upplýsinga og felur í sér athygli, áttun, tilfinningu, skynjun, vitsmuni og tjáskipti.

Flokkur 1 Athygli. Að vera tilbúinn andlega til að taka eftir og veita athygli.

LYKILHUGTÖK GREININGAR	SAMÞYKKTAR GREININGAR
Gaumstol	00123 Gaumstol

Flokkur 2 Áttun. Að vera meðvitaður um tíma, stað og persónu.

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Túlkun umhverfis

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00127 Erfiðleikar við skynjun umhverfis

Flokkur 3 Tilfinning/skynjun. Það að taka við upplýsingum gegnum skynfærin með snertingu, bragði, lykt, sjón, heyrn og hreyfiskyni og skilja upplýsingar frá skynfærum þannig að unnt sé að gefa þeim nafn, tengja þær innbyrðis og/eða bera kennsl á ákveðin mynstur.

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Skyntilfinning

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00122 Trufluð skyntilfinning (tilgreinið: sjón, heyrn, hreyfing, lykt, snerting, bragð)

Flokkur 4 Vitsmunir. Það að nota minni, nám, hugsun, lausn vandamála, óhlutbundna hugsun, dómgreind, innsæi, greind, reikning og tungumál.

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Þekking

Rugl

Minni

Hugsanaferli

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00126 Ónóg þekking (tilgreinið nánar)

00128 Bráðarugl

00129 Langvinnt ruglástand

00131 Skert minni

00130 Truflun á hugsanaferli

Flokkur 5 Tjáskipti. Það að senda og taka við yrtum og óyrtum upplýsingum.

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Munnleg tjáskipti

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00051 Trufluð munnleg tjáskipti

SVIÐ 6 SJÁLFSKYNJUN AÐ VERA MEÐVITAÐUR UM SJÁLFA SIG (SELF-PERCEPTION).

Flokkur 1 Sjálfshugmynd. Að skynja sjálfan sig í heild (self-concept).

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Sjálfsvitund

Vanmáttarkennd

Vonleysi

Einmanaleiki

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00121 Truflun á sjálfsvitund

00125 Vanmáttarkennd

00152 Hætta á vanmáttarkennd

00124 Vonleysi

00054 Hætta á einmanaleika

Flokkur 2 Sjálfsvirðing. Mat á eigin verðleikum, hæfileikum, gildum og árangri.

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Sjálfsvirðing

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00119 Langvarandi lítil sjálfsvirðing

00120 Lítil sjálfsvirðing vegna aðstæðna

00153 Hætta á lítilli sjálfsvirðingu vegna aðstæðna

Flokkur 3 Líkamsímynd. Huglæg ímynd af eigin líkama.

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Líkamsímynd

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00118 Breytt líkamsímynd

SVIÐ 7 HLUTVERK OG FÉLAGSLEG TENGL

Jákvæð og neikvæð sambönd eða tengsl milli einstaklinga eða hópa af einstaklingum og hvaða leiðir eru farnar til að sýna þau sambönd.

Flokkur 1 Umönnunarhlutverk. Hegðunarmynstur sem umhverfið ætlast til af þeim einstaklingum sem veita umönnun og eru ekki heilbrigðisstarfsmenn.

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Álag í umönnunarhlutverki

Foreldrahlutverk

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00061 Álag í umönnunarhlutverki

00062 Hætta á álagi í umönnunarhlutverki

00056 Frammistöðu í foreldrahlutverki ábótavant

00057 Hætta á að frammistöðu í foreldrahlutverki verði ábótavant

Flokkur 2 Fjölskyldutengsl. Tengsl milli einstaklinga sem eru blóðskyldir eða tengdir að eigin vali.

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Fjölskyldulíf

Tengslamyndun

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00060 Röskun á fjölskyldulífi

00063 Röskun á fjölskyldulífi vegna áfengisfíknar

00058 Hætta á myndun veikra tengsla foreldris og barns

Flokkur 3 Frammistaða í hlutverki. Það hversu vel hlutverki er gegnt miðað við þá hegðun sem umhverfið ætlast til.

Lykilhugtök greiningar

Brjóstagjöf

Frammistaða í hlutverki

Hlutverkaágreiningur

Félagsleg samskipti

Samþykktar greiningar

00106 Árangursrik brjóstagjöf

00104 Erfiðleikar við brjóstagjöf

00105 Röskun á brjóstagjöf

00055 Frammistöðu í hlutverki ábótavant

00064 Ágreiningur í foreldrahlutverki

00052 Trúflun á félagslegum samskiptum

SVID 8 KYNLÍF

Samsömun í kynhlutverki, kynlífsstarfsemi og frjósemi.

Flokkur 1 Samsömun í kynhlutverki. Það að vera sérstök persóna hvað varðar kynhneigð og/eða kyn.

Flokkur 2 Kynlífsvirkni. Hæfileikinn eða getan til að taka þátt í kynlífsathöfnum.

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Kynlífsvandi

Kynlífsmynstur

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00059 Kynlífsvandi

00065 Ófullnægjandi kynlífsmynstur

Flokkur 3 Frjósemi. Hvert það ferli þar sem ný manneskja verður til.

SVID 9 AÐLÖGUN OG STREITUÞOL

Það að takast á við atburði ævinnar /ólík æviskeið.

Flokkur 1 Viðbrögð eftir áfall. Viðbrögð í kjölfar líkamlegs eða sálræns áfalls.

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Streita í kjölfar flutnings

Áfall eftir nauðgun

Viðbrögð eftir áfall

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00114 Streita í kjölfar flutnings

00149 Hætta á streitu í kjölfar flutnings

00142 Áfall eftir nauðgun

00144 Áfall eftir nauðgun: þögl viðbrögð

00143 Áfall eftir nauðgun: blönduð viðbrögð

00141 Viðbrögð eftir áfall

00145 Hætta á viðbrögðum eftir áfall

Flokkur 2 Varnarhættir. Það ferli að ná tökum á áreitum úr umhverfinu.

LYKILHUGTÖK GREININGAR	SAMÞYKKTAR GREININGAR
Ótti	00148 Ótti
Kviði	00146 Kviði
	00147 Kviði tengdur yfirvofandi andláti
Tregi	00137 Langvinn sorg
Afneitun	00072 Árangurslaus afneitun
Sorg	00136 Fyrirboði sorgarviðbragða
	00135 Ófullnægjandi úrvinnsla sorgar
Aðlögun	00070 Skert aðlögun
Aðlögunarleiðir	00069 Ófullnægjandi aðlögunarleiðir einstaklings
	00073 Vangeta fjölskyldu til að nýta aðlögunarleiðir
	00074 Ófullnægjandi úrræði fjölskyldu til að nýta aðlögunarleiðir
	00071 Varnarviðbrögð sem aðlögunarleið
	00077 Ófullnægjandi aðlögunarleiðir samfélags
	00075 Möguleiki á betri aðlögunarleiðum fjölskyldu
	00076 Möguleiki á betri aðlögunarleiðum samfélags

Flokkur 3 Taugaatferlisleg streita. Atferlisleg svörun sem endurspeglar starfsemi tauga og heila.

LYKILHUGTÖK GREININGAR	SAMÞYKKTAR GREININGAR
Skaðleg ósjálfráð taugaviðbrögð	00009 Skaðleg ósjálfráð taugaviðbrögð (Dysreflexia)
	00010 Hætta á skaðlegum ósjálfráðum taugaviðbrögðum
Atferli ungbarns	00116 Truflun á atferli/viðbrögðum ungbarns
	00115 Hætta á truflun á atferli/viðbrögðum ungbarns
	00117 Möguleiki á betra atferli/viðbrögðum ungbarns
Aðlögunarrými	00049 Minnkað aðlögunarrými innan höfuðkúpu

SVIÐ 10 LÍFSSKOÐANIR

Grundvallarskoðanir um athafnir, siði eða stofnanir sem liggja að baki framkomu, hugsunum og atferli og litið er á sem sannar eða hafi gildi í sjálfu sér.

Flokkur 1 Gildismat. Það að vita hvernig framkomu og endalok maður kýs sér og hvernig maður vill forgangsraða.

Flokkur 2 Trú. .Skoðanir, væntingar eða dómur um athafnir, siði eða stofnanir, sem litið er á sem sannar eða að hafi innra gildi.

LYKILHUGTÖK GREININGAR	SAMÞYKKTAR GREININGAR
Sálarlegt jafnvægi	00068 Möguleiki á betra sálarlegu jafnvægi

Flokkur 3 Samræmi í gildismati, trú og athöfnum. Samræmi eða jafnvægi sem náð er á milli gildismats, trúar og athafna.

LYKILHUGTÖK GREININGAR	SAMÞYKKTAR GREININGAR
Sálarangist	00066 Sálarangist (erfiðleikar vegna trúar/lífsviðhorfs)
	00067 Hætta á sálarangist
Erfiðleikar við ákvarðanatöku	00083 Erfiðleikar við ákvarðanatöku (tilgreinið nánar)
Meðferð ekki fylgt	00079 Meðferð ekki fylgt (tilgreinið nánar)

SVIÐ 11 ÖRYGGI OG VARNIR

Það að vera laus við hættu, líkamlegan skaða eða skaða á ónæmiskerfi, sleppa frá missi og vernda velferð og öryggi.

Flokkur 1 Sýking. Viðbrögð hins sýkta í kjölfar innrásar sjúkdómsvalda.

LYKILHUGTÖK GREININGAR
Sýking

SAMÞYKKTAR GREININGAR
00004 Hætta á sýkingu

Flokkur 2 Líkamlegar varnir – skaði. Líkamlegur áverki eða meiðsl.

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Munnslímhúð
Skaði

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00045 Veikluð munnslímhúð
00035 Hætta á skaða
00087 Hætta á skaða við legu vegna skurðaðgerðar
00155 Dettni
00038 Hætta á áverka
00046 Veikluð húð
00047 Hætta á veiklun húðar
00044 Vefjaskaði - sár
00048 Tannheilsu ábótavant
00036 Hætta á köfnun
00039 Hætta á ásvelgingu
00031 Ófullnægjandi hreinsun öndunarvega
00086 Hætta á skertri starfsemi úttauga- /æðakerfis
00043 Veiklaðar varnir

Áverki
Húð

Vefjaskaði
Tannheilsa
Köfnun
Ásvelging
Hreinsun öndunarvega
Starfsemi tauga- og æðakerfis
Varnir

Flokkur 3 Ofbeldi. Það að beita óhóflegum krafti eða valdi til þess að valda áverka eða misþyrma.

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Sjálfsmisþyrming

Ofbeldi

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00139 Hætta á sjálfsmisþyrmingu
00151 Sjálfsmisþyrming
00138 Hætta á ofbeldi gagnvart öðrum
00140 Hætta á ofbeldi gagnvart sjálfum sér
00150 Sjálfsvígshætta

Flokkur 4 Umhverfisáætta. Uppspretta hættu í nærliggjandi umhverfi.

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Eitrun

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00037 Hætta á eitrun

Flokkur 5 Varnarviðbrögð. Ferlar eða viðbrögð sem sjálfið ver sig með gagnvart utanaðkomandi áreitum.

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Latex ofnæmisviðbrögð

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00041 Latex ofnæmisviðbrögð
00042 Hætta á latex ofnæmisviðbrögðum

Flokkur 6 Hitastjórnun. Lífeðlisfræðilegt ferli hita- og orkustjórnunar í líkamanum honum til verndar.

LYKILHUGTÖK GREININGAR

Líkamshiti
Hitastjórnun

SAMÞYKKTAR GREININGAR

00005 Hætta á óstöðugum líkamshita
00008 Ófullnægjandi hitastjórnun
00006 Lækkun á líkamshita
00007 Hækkun á líkamshita

SVID 12 Líðan

Tilfinning um andlega, líkamlega eða félagslega velferð eða vellíðan.

Flokkur 1 Líkamleg líðan. Sú tilfinning að líða vel eða vera í góðu jafnvægi líkamlega.

LYKILHUGTÖK GREININGAR	SAMÞYKKTAR GREININGAR
Verkir	00132 Verkir
	00133 Langvarandi verkir
Ógleði	00134 Ógleði

Flokkur 2 Umhverfislíðan. Tilfinning fyrir vellíðan í eigin umhverfi.

Flokkur 3 Félagsleg líðan. Tilfinning fyrir vellíðan hvað varðar félagslegar aðstæður.

LYKILHUGTÖK GREININGAR	SAMÞYKKTAR GREININGAR
Félagsleg einangrun	00053 Félagsleg einangrun

SVIÐ 13 VÖXTUR OG ÞROSKI

Líkamlegum vexti, þroska á líffærakerfum og/eða áföngum í þroska náð sem viðeigandi er miðað við aldur.

Flokkur 1 Vöxtur. Líkamlegur vöxtur eða þroski líffærakerfa.

LYKILHUGTÖK GREININGAR	SAMÞYKKTAR GREININGAR
Vöxtur	00113 Hætta á vaxtarfrávikum
Þrífst ekki	00101 Fullorðinn (einstaklingur) þrífst ekki

Flokkur 2 Þroski. Áfangar í þroska, þroskaseinkun eða vöntun á áfanga í þroska.

LYKILHUGTÖK GREININGAR	SAMÞYKKTAR GREININGAR
Þroski	00111 Breyting á vexti og þroska
	00112 Hætta á þroskaseinkun

FREKARI ÞRÓUN FLOKKUNARKERFIS II FYRIR HJÚKRUNARGREININGAR

Margása grind flokkunarkerfisins gerir hjúkrunarfræðingum á vettvangi kleift að sjá hvar myndast gótt og/eða hugsanlegar nýjar og nýtsamar greiningar. Ef hjúkrunarfræðingar búa til nýjar hjúkrunargreiningar, eina eða fleiri, sem nýtast vel í klínískri vinnu, eru þeir beðnir að senda þær til NANDA-samtakanna og Vinnuhóps um skráningu hjúkrunar hjá Landlæknisembættinu (<http://www.landlaeknir.is>), svo að aðrir geti notið góðs af. Leiðbeiningar um hvernig ber að standa að því að senda inn nýjar greiningar má finna á heimasíðu NANDA-samtakanna: <http://www.NANDA.org>. Endurskoðunarnefnd NANDA-samtakanna og Vinnuhópur um skráningu hjúkrunar eru reiðubúin að aðstoða hjúkrunarfræðinga sem vilja senda inn greiningar.

BREYTING KÓÐA: FLOKKUNARKERFI I Í FLOKKUNARKERFI II

Flokkunarkerfi II er gert í samræmi við það kóðunarkerfi sem er í samræmi við tilmæli frá National Library of Medicine (NLM) sem lúta að kóðun fagheita á heilbrigðissviði. NLM mælir ekki með að kóðar innihaldi upplýsingar um staðsetningu, eins og var í kóðauppbyggingu Flokkunarkerfis I. Upphaflega flokkunarkerfið gaf upplýsingar um staðsetningu hjúkrunargreininganna innan kerfisins, t.d. hófust allar greiningar undir flokknum *Breyting* á tölustafnum 1.

Kóðar Flokkunarkerfis II eru byggðir upp sem 32-bitu heiltala (ef unnið er í gagnagrunnum með annað táknkerfi er notaður 5 tölustafa kóði). Slík uppbygging gerir ráð fyrir viðbótum við flokkunarkerfið í ljósi aukinnar þekkingar án þess að breyta þurfi kóðum greininganna sem fyrir eru.

Tafla 1.2 sýnir breytingar sem verða á kóðum í Flokkunarkerfi I þegar fært er yfir í kóða Flokkunarkerfis II og er þar gert ráð fyrir kóðum fyrir nýjar greiningar.

TAFLA 1.2 BREYTING KÓÐA: ÚR FLOKKUNARKERFI I Í FLOKKUNARKERFI II

Hjúkrunargreining	Flokkunar- kerfi I Kóðar	Flokkunar- kerfi II Kóðar
Breyting	1.	Afskráð
Næring meiri en líkamspörf	1.1.2.1	00001
Næring minni en líkamspörf	1.1.2.2	00002
Hætta á neyslu næringar umfram líkamspörf	1.1.2.3	00003
Hætta á sýkingu	1.2.1.1	00004
Hætta á óstöðugum líkamshita	1.2.2.1	00005
Lækkun á líkamshita	1.2.2.2	00006
Hækkun á líkamshita	1.2.2.3	00007
Ófullnægjandi hitastjórnun	1.2.2.4	00008
Skaðleg ósjálfráð taugaviðbrögð (Dysreflexia)	1.2.3.1	00009
Hætta á skaðlegum ósjálfráðum taugaviðbrögðum	1.2.3.2	00010
Hægðatregða	1.3.1.1	00011
Einstaklingur telur sig vera með hægðatregðu	1.3.1.1.1	00012
Niðurgangur	1.3.1.2	00013
Hægðaleki	1.3.1.3	00014
Hætta á hægðatregðu	1.3.1.4.	00015
Truflun á þvagútskilnaði	1.3.2.	00016
Álagsþvagleki	1.3.2.1.1	00017
Þvagleki - ósjálfrátt viðbragð (Reflex incontinence)	1.3.2.1.2	00018
Bráðapvagleki	1.3.2.1.3	00019
Starfrænn þvagleki	1.3.2.1.4	00020
Stöðugur þvagleki	1.3.2.1.5	00021
Hætta á bráðapvagleka	1.3.2.1.6.	00022
Þvagtregða	1.3.2.2	00023
Ónógt flæði til vefja	1.4.1.1	00024
Hætta á vökvaójafnvægi	1.4.1.2.	00025
Vökvasonun	1.4.1.2.1	00026
Vökvaskortur	1.4.1.2.2.1	00027
Hætta á vökvaskorti	1.4.1.2.2.2	00028
Minnkað útfall hjarta	1.4.2.1	00029
Trufluð loftskipti	1.5.1.1	00030
Ófullnægjandi hreinsun öndunarvega	1.5.1.2	00031
Ófullnægjandi öndun	1.5.1.3	00032
Viðheldur ekki sjálfkrafa öndun	1.5.1.3.1	00033
Trufluð viðbrögð við að venja frá öndunarvél	1.5.1.3.2	00034
Hætta á skaða	1.6.1.	00035
Hætta á köfnun	1.6.1.1	00036
Hætta á eitrun	1.6.1.2	00037
Hætta á áverka	1.6.1.3	00038
Hætta á ásvelgingu	1.6.1.4	00039
Hætta á fylgikvillum rúmlegu	1.6.1.5	00040
Latex ofnæmisviðbrögð	1.6.1.6.	00041
Hætta á latex ofnæmisviðbrögðum	1.6.1.7.	00042
Veiklaðar varmir	1.6.2.	00043
Vefjaskaði - sár	1.6.2.1	00044
Veikluð munnslímhúð	1.6.2.1.1	00045
Veikluð húð	1.6.2.1.2.1	00046
Hætta á veiklun húðar	1.6.2.1.2.2	00047
Tannheilsu ábótavant	1.6.2.1.3.	00048
Minnkað aðlögunarrými innan höfuðkúpu	1.7.1.	00049
Truflun á orkusviði	1.8.	00050
Tjáskipti	2.	Afskráð
Trufluð munnleg tjáskipti	2.1.1.1	00051
Tengslamyndun	3.	Afskráð

Truflun á félagslegum samskiptum	3.1.1.	00052
Félagsleg einangrun	3.1.2.	00053
Hætta á einmanaleika	3.1.3.	00054
Frammistöðu í hlutverki ábótavant	3.2.1.	00055
Frammistöðu í foreldrahlutverki ábótavant	3.2.1.1.1	00056
Hætta á að frammistöðu í foreldrahlutverki verði ábótavant	3.2.1.1.2	00057
Hætta á myndun veikra tengsla foreldris og barns	3.2.1.1.2.1	00058
Kynlífsvandi	3.2.1.2.1	00059
Röskun á fjölskyldulífi	3.2.2.	00060
Álag í umönnunarhlutverki	3.2.2.1	00061
Hætta á álagi í umönnunarhlutverki	3.2.2.2	00062
Röskun á fjölskyldulífi vegna áfengisfíknar	3.2.2.3.1	00063
Ágreiningur í foreldrahlutverki	3.2.3.1	00064
Ófullnægjandi kynlífsmynstur	3.3.	00065
Gildismat	4.	Afskráð
Sálarangist (erfiðleikar vegna trúar/lífsviðhorfs)	4.1.1.	00066
Hætta á sálarangist	4.1.2.	00067
Möguleiki á betra sálarlegu jafnvægi	4.2.	00068
Val	5.	Afskráð
Ófullnægjandi aðlögunarleiðir einstaklings	5.1.1.1	00069
Skert aðlögun	5.1.1.1.1	00070
Varnarviðbrögð sem aðlögunarleið	5.1.1.1.2	00071
Árangurslaus afneitun	5.1.1.1.3	00072
Vangeta fjölskyldu til að nýta aðlögunarleiðir	5.1.2.1.1	00073
Ófullnægjandi úrræði fjölskyldu til að nýta aðlögunarleiðir	5.1.2.1.2	00074
Möguleiki á betri aðlögunarleiðum fjölskyldu	5.1.2.2	00075
Möguleiki á betri aðlögunarleiðum samfélags	5.1.3.1	00076
Ófullnægjandi aðlögunarleiðir samfélags	5.1.3.2	00077
Stjómun einstaklings við að fylgja meðferðaráætlun er ófullnægjandi	5.2.1.	00078
Meðferð ekki fylgt (tilgreinið nánar)	5.2.1.1	00079
Stjómun fjölskyldu við að fylgja meðferðaráætlun er ófullnægjandi	5.2.2.	00080
Stjómun samfélags við að fylgja meðferðaráætlun er ófullnægjandi	5.2.3.	00081
Stjómun einstaklings við að fylgja meðferðaráætlun er fullnægjandi	5.2.4.	00082
Erfiðleikar við ákvarðanatöku	5.3.1.1	00083
Heilbrigðismiðuð hegðun	5.4.	00084
Hreyfing	6.	Afskráð
Skert líkamleg hreyfigeta	6.1.1.1	00085
Hætta á skertri starfsemi úttauga-/æðakerfis	6.1.1.1.1	00086
Hætta á skaða við legu vegna skurðaðgerðar	6.1.1.1.2	00087
Skert göngugeta	6.1.1.1.3.	00088
Skert geta til að hreyfa sig um í hjólastól	6.1.1.1.4.	00089
Skert geta til að flytja sig á milli	6.1.1.1.5.	00090
Skert geta til að hreyfa sig í rúmi	6.1.1.1.6.	00091
Skert athafnaprek	6.1.1.2	00092
Magnleysi	6.1.1.2.1	00093
Hætta á skertu athafnapreki	6.1.1.3	00094
Svefntruflun	6.2.1.	00095
Svefnleysi	6.2.1.1.	00096
Skortur á dægrastyttingu	6.3.1.1	00097
Skert geta til heimilishalds	6.4.1.	00098
Ófullnægjandi geta til að viðhalda heilbrigði	6.4.2.	00099
Seinkaður bati eftir aðgerð	6.4.2.1.	00100
Fullorðinn (einstaklingur) þrífst ekki	6.4.2.2.	00101
Skert geta til að matast	6.5.1.	00102
Kyngingarörðugleikar	6.5.1.1	00103
Erfiðleikar við brjóstagjöf	6.5.1.2	00104
Röskun á brjóstagjöf	6.5.1.2.1	00105

Árangursrík brjóstagjöf	6.5.1.3	00106
Ófullnægjandi næringarmynstur ungbarns	6.5.1.4	00107
Skert geta við böðun/hreinlæti	6.5.2.	00108
Skert geta við klæðnað/snyrtingu	6.5.3.	00109
Skert geta við salernisferðir	6.5.4.	00110
Breyting á vexti og þroska	6.6.	00111
Hætta á þroskaseinkun	6.6.1.	00112
Hætta á vaxtarfrávikum	6.6.2.	00113
Streita í kjölfar flutnings	6.7.	00114
Hætta á truflun á atferli/viðbrögðum ungbarns	6.8.1.	00115
Truflun á atferli/viðbrögðum ungbarns	6.8.2.	00116
Möguleiki á betra atferli/viðbrögðum ungbarns	6.8.3.	00117
Skynjun	7.	Afskráð
Breytt líkamsmynd	7.1.1.	00118
Langvarandi lítill sjálfsvirðing	7.1.2.1	00119
Lítill sjálfsvirðing vegna aðstæðna	7.1.2.2	00120
Truflun á sjálfsvitund	7.1.3.	00121
Trufluð skyntilfinning	7.2.	00122
Gaumstol	7.2.1.1	00123
Vonleysi	7.3.1.	00124
Vanmáttarkennd	7.3.2.	00125
Þekking	8.	Afskráð
Ónóg þekking	8.1.1.	00126
Erfiðleikar við skynjun umhverfis	8.2.1.	00127
Bráðarugl	8.2.2.	00128
Langvinnt ruglástand	8.2.3.	00129
Truflun á hugsanaferli	8.3.	00130
Skert minni	8.3.1.	00131
Tilfinning	9.	Afskráð
Verkir	9.1.1.	00132
Langvarandi verkir	9.1.1.1	00133
Ógleði	9.1.2.	00134
Ófullnægjandi úrvinnsla sorgar	9.2.1.1	00135
Fyrirboði sorgarviðbragða	9.2.1.2	00136
Langvinn sorg	9.2.1.3.	00137
Hætta á ofbeldi gagnvart öðrum	9.2.2.	00138
Hætta á sjálfsmisþyrmingu	9.2.2.1	00139
Hætta á ofbeldi gagnvart sjálfum sér	9.2.2.2	00140
Viðbrögð eftir áfall	9.2.3.	00141
Áfall eftir nauðgun	9.2.3.1	00142
Áfall eftir nauðgun: blönduð viðbrögð	9.2.3.1.1	00143
Áfall eftir nauðgun: þögul viðbrögð	9.2.3.1.2	00144
Hætta á viðbrögðum eftir áfall	9.2.4.	00145
Kvíði	9.3.1.	00146
Kvíði tengdur yfirvofandi andláti	9.3.1.1.	00147
Ótti	9.3.2.	00148
Hætta á streitu í kjölfar flutnings		00149
Sjálfsvígshætta		00150
Sjálfsmisþyrming		00151
Hætta á vanmáttarkennd		00152
Hætta á lítilli sjálfsvirðingu vegna aðstæðna		00153
Ráf		00154
Dettni		00155

HEIMILDIR

Braham, C.G., & the Random House Reference Staff (Ritstj.). (1998). *Random House Webster's dictionary* (3. útg.). New York: Ballantine Books.

Craft-Rosenberg, M. (1999). Notes on NDEC: Diagnoses for community nursing. *Nursing Diagnosis*, 10, 127 – 129.

Gordon, M. (1998). *Manual of nursing diagnosis*. St. Louis: Mosby.

Jenny, J. (1994). Advancing the science of nursing with nursing diagnosis. Í: M. Rantz & P. LeMone (Ritstj.), *Classification of nursing diagnoses: Proceedings of theeleventh conference* (bls. 73 – 81), Glendale, CA: CINAHL.

Johnson, M., & Maas, M. (1997). *Nursing outcomes classification (NOC)*. St. Louis: Mosby.

NANDA. (1999). *NANDA nursing diagnoses: Definitions & classification 1999–2000*. Philadelphia: Höfundur.

2. HLUTI

UPPLÝSINGASÖFNUN

Söfnun upplýsinga er grunnur þeirrar hjúkrunar sem veita á hverju sinni og því er mikilvægt að vel sé að henni staðið. Heilsufarslyklar þeir sem kynntir eru hér að neðan byggjast á hinni nýju flokkunarfræði NANDA hjúkrunargreininga, sem kynnt er í þessari bók. Lyklarnir eru lítillaga frábrugðnir heilsufarslyklum Gordons, sem voru notaðir í fyrri útgáfum þessarar bókar. Þeir eru 13 talsins og gefa yfirlit yfir einstaklinginn, heilsufar hans og heilbrigðisviðhorf. Helstu breytingar eru að þrír nýir lyklar hafa verið myndaðir: Líðan, öryggi og varnir og vöxtur og þroski. Lyklarnir eru notaðir til að meta einstaklinginn og tengsl hans við fjölskyldu og samfélag. Út frá fengnum upplýsingum er hægt að greina vandamál, sem eru til staðar eða sem gætu komið til. Þeim er síðan miðlað til annarra hjúkrunarfræðinga og meðferðaraðila, sem vinna með einstaklingnum. Hver lykill er líffræðileg og sálfélagsleg lýsing á einstaklingnum, fjölskyldu hans og umhverfi. Lyklarnir byggja á athugunum hjúkrunarfræðings og sögu þeirri sem gefin er.

Yfirlit yfir heilsufarslykla:

1. Heilbrigðisviðhorf – heilsuefning
2. Næring og efnaskipti
3. Útskilnaður
4. Sjálfsbjörg, virkni og hvíld
5. Skynjun og vitsmunir
6. Sjálfsskynjun
7. Hlutverk og félagsleg tengsl
8. Kynlíf
9. Aðlögun og streituþol
10. Lífsskoðanir
11. Öryggi og varnir
12. Líðan
13. Vöxtur og þroski

1. HEILBRIGÐISVIÐHORF – HEILSUEFLING

Heilbrigðisvitund

Almennt heilsufar, fyrr og nú. Ofnæmi. Lyfjanotkun að staðaldri
Almenn líðan
Kvillar
Kvef, “umgangspestir” síðastliðið ár
Áhættuþættir
Hvað hefur einstaklingurinn gert til að viðhalda heilbrigði? Hefur það hjálpað?
Áfengisnotkun, tóbaksnotkun, lyfjamisnotkun, fíkniefnanotkun

Heilbrigðisstjórnun

Nýtir heilbrigðisþjónustu og félagslega þjónustu, sem í boði er og við á:

Tannlæknaþjónusta
Krabbameinsleit
Ónæmisaðgerðir
Heilbrigðisfræðsla
Heimahjúkrun eða önnur hjúkunarþjónusta
Læknisþjónusta
Félagsleg þjónusta

Upplifun einstaklings á eigin heilbrigði, sjúkdómsástandi og innsæi

Væntingar og vonir varðandi heilsufar og meðferð

Fylgni við meðferð og stjórn á eigin meðferð

2. NÆRING OG EFNASKIPTI

Mataræði

Samsetning fæðu

Matarlyst

Sérfæði

Fæðuofnæmi / óþol

Vítamín

Koffein-notkun

Vandamál við að kyngja, tryggja

Matmálstímar

Hvenær? Með hverjum? Hvar?

Matreiðsla

Hver matreiðir?

Hæð – þyngd – beinabygging

Líkamsþyngdarstuðull

Þyngdaraukning / þyngdartap, hve mikið?

Hvernig upplifir einstaklingur núverandi þyngd?

Vökvaþvægni

Þurrkur

Vökvasöfnun

Sjúkdómar fyrr og nú

3. ÚTSKILNAÐUR

Þvægfæri

Sjúkdómar fyrr og nú

Þvæglát

Tíðni, litur, magn, lykt

Óþægindi, sviði, verkir

Næturþvæglát

Stjórnun, þvægmisur

Þörf fyrir hjálpartæki

Önnur vandamál

Meltingarfæri

Sjúkdómar fyrr og nú

Hægðir

Tíðni – tregar, lausar
Litur, magn, lykt
Stjórnun, hægðamissir
Hægðalyf
Verkir, óþægindi
Vandamál
Viðhorf einstaklings til útskilnaðar

Sviti

Svitakóf
Nætursviti
Svitnar mikið
Bjargráð

4. SJÁLFSBJÖRG, VIRKNI OG HVÍLD

Svefn/hvíld

Svefnvenjur

Háttatími / fótaferð
Hvíld / slökun að degi
Samfelldur / rofinn svefn
Úthvíldur að morgni
Sefur við ljós
Rúmgrindur

Svefnvandamál

Tengd verkjum, óværð, hræðslu, streitu, hávaða, truflunum, þvaglátum, svengd, hrotum, draumum, martröðum, tíðahring, kæfisvefni

Bjargráð / úrræði

Slökun, hugleiðsla, þjálfun yfir daginn
Lyf
Önnur úrræði

Venjur fyrir svefn

Matur / drykkur, lestur, slökun, hugleiðsla

Venjur og tími sem tekur að svæfa barn

Sjálfsbjörg, virkni/þjálfun

Sjálfsbjörg og dagleg störf

Geta til að baðast, klæðast, annast daglegt hreinlæti, matast, sjá um eigin lyf, elda (Barthel, FIM)
Geta til að þrifa, kaupa inn, þvo þvott, annast viðhald húsnæðis, garðs
Daglegar athafnir
Starf – staða, tími, andleg örvun, ánægja í starfi

Þjálfun virkni

Reglubundin þjálfun, útivist, íþróttir, hreyfing, tómstundir, áhugamál
Hvað, hve oft, nægjanlegt / mikilvægt að eigin mati

Orkujafnvægi

Þreyta – magnleysi

Úthald / starfsþrek
Næg orka til þess sem þarf / vill gera
Ef ekki, hverju tengist það þá:
Stoðkerfi s.s. vöðvastyrk, hreyfigetu, fötlun
Taugakerfi s.s. jafnvægi, samhæfingu
Blóðrásarkerfi s.s. hjartasjúkdómum, æðakölkun
Öndunarfærum s.s. mæði, andþyngslum
Andlegum þáttum s.s. þunglyndi, kvíða, neikvæðri sjálfsmynd
Full starfsorka

Hreyfigeta

Gengur á jafnsléttu, í stiga. Geta til að flytja sig á milli
Full hreyfigeta, skert. Liðferill
Vöðvastyrkur, lamanir
Göngulag, líkamsstaða, jafnvægi, samhæfing
Dofi, máttleysi
Hjálpartæki
Sjúkdómar fyrr og nú

Viðbrögð hjarta, blóðrásar og lungna

Öndun

Tíðni, dýpt, taktur, öndunarhljóð
Mæði, andþyngsli, hósti, uppgangur, notkun hjálparvöðva
Sjúkdómar fyrr og nú

Hjarta og blóðrás

Blóðþrýstingur, púls – hraði, taktur, styrkleiki
Púlsar í útlimum
Litarháttur, bjúgur, hitastig
Háræðafylling
Sjúkdómar fyrr og nú

5. SKYNJUN OG VITSMUNIR

Áttun

Áttun á stað, stund, persónu (MMSE)
Vökustig, meðvitund (Glasgow Coma Scale)

Vitsmunir

Dómgreind, einbeiting, hugsun, minni, innsæi
Hugarástand, ranghugmyndir, ofskynjanir, ofsóknarhugmyndir

Nám og námsgeta. Hvernig finnst viðkomandi best að læra? Hvar, hvernig, tengsl við eitthvað ákveðið?

Tilfinning/skynjun

Sjón

Huglægt / hlutlægt
Gleraugu / linsur
Reglulegt eftirlit
Sjónsvið
Sjúkdómar fyrr og nú
Augndropar
Önnur hjálpartæki
Lýsing

Heyrn

Huglægt / hlutlægt
Sjúkdómar fyrr og nú
Notar heymartæki, öryggi í meðferð tækja, áhrif á samskipti
Önnur hjálpartæki

Hreyfi- og stöðuskyn, lyktarskyn, snertiskyn, bragðskyn, hita- og kuldaskyn

Tjáskipti - tjáning

Málþroski, talerfiðleikar, tungumálaerfiðleikar, tjáning án orða
Táknmál, varalestur
Málstol, þvoglumælgir

Athygli

Skynjar báða líkamshelminga (gaumstol)

6. SJÁLFSSKYNJUN

Sjálfshugmynd

Nýlegar breytingar á líkama, aðstæðum og eigin getu og áhrif þessara breytinga á einstakling
Valda aðstæður reiði, ótta, óróleika, kvíða
Þunglyndi, depurð, andleg vanlíðan
Athuga vísbendingar um virkni, samskipti, tjáskipti, sjálfsvorkunn, hlédrægni, stjórnsemi, þunglyndi, reiði, einmanaleika, vanmáttarkennd, vonleysi, sjálfsvitund

Andlegur og líkamlegur þroski

Sjálfsvirðing

Líðan m.t.t. hlutverks, atvinnu
Nýlegar breytingar á hlutverki, aðstæðum og eigin getu og áhrif þessara breytinga á einstakling
Sjálfsvirðing, sjálfsálit, viðhorf til eigin getu

Líkamsímynd

Athuga vísbendingar um afneitun, virkni, framtakssemi og áhrif á samskipti við aðra

7. HLUTVERK OG FÉLAGSLEG TENGL

Fjölskyldutengsl

Hjúskaparstaða
Samsetning, aldur einstaklinga, nýlegar breytingar á samsetningu
Samskipti, tengsl, gagnkvæmur, stuðningur, sameiginleg félagsleg þátttaka s.s. tómstundir
Styrkleiki og veikleiki fjölskyldu
Tengsl við stórfjölskyldu. Stuðningsaðilar, vinir
Vandamál í fjölskyldu

Umönnunarhlutverk

Gæsla barna, annarra fjölskyldumeðlima
Hvernig tekur fjölskyldan á þroskaverkefnum og kreppum?
Heimahjúkrun, heimilisaðstoð, dagvistun, hvíldarinnlögn
Viðhorf til félagslegrar þjónustu
Stuðningsaðilar, vinir
Aðstoð frá stuðningsaðilum
Viðhorf fjölskyldu til vanda, sjúkdóms

Frammistaða í hlutverki

Hlutverk fjölskyldumeðlima
Samskipti, tengsl, gagnkvæmur, stuðningur
Styrkleiki og veikleiki fjölskyldu
Félagsleg þátttaka, vinir, félagar
Tengslamyndun barna og foreldra
Traust milli fjölskyldumeðlima

Áhyggjur fjölskyldu

Sjúkrahúsdvöl, veikindi
Atvinna, atvinnuöryggi, vinnutími, leyfi
Fjárhagur, fjárhagslegt öryggi, áhyggjur af afkomu
Húsnæði, húsnæðisöryggi, breytingar
Vandamál í fjölskyldu

8. KYNLÍF

Kynþroski- kynfæri

Tíðablæðingar (upphaf, síðustu tíðir, tíðahvörf)
Vandamál tengd tíðablæðingum, tíðahvörfum
Sáðlát
Vandamál, sýkingar, útferð, ófrjósemi

Barneignir

Fæðingar, upplifun, keisaraskurður, fósturlát

Fyrirbyggjandi aðgerðir – þekking

Getnaðarvarnir
Krabbameinsleit: skoðun á brjóstum, leghálsi, eistum
Þekking á áhættu hegðun
Fræðsla fjölskyldu til barna sinna

Kynlíf

Kynferðisleg sjálfsmynd (líkamsímynd, sjálfsmynd, hlutverk)
Viðhorf til kynlífs
Vandamál tengd ófullnægjandi kynlífi
Kynferðisleg virkni (náin kynni, virkni, áhrif heilbrigðis og sjúkdóma á kynferðislega tjáningu og virkni)
Kynhneigð

9. AÐLÖGUN OG STREITUÞOL

Streita, streituviðbrögð, viðbrögð eftir áfall

Andlegt, líkamlegt og félagslegt álag og áhrif streitu á heilbrigði
Sérstök streituáreiti í daglegu lífi s.s. skóla, vinnu eða fjölskyldu
Nýlegar breytingar í lífi einstaklings, missir, veikindi, flutningur
Nýleg áföll

Aðlögunarleiðir

Viðbrögð við breytingum á heilsufari eða aðstæðum, áföllum, streitu
Áhrif heilsufars, breytinga, áfalla, streitu á andlega, líkamlega og félagslega líðan
Aðlögun að breytingum á heilsufari eða aðstæðum
Aðlögunarleiðir, varnarhættir
Streitustjórnun, bjargráð
Sorg, missir

Taugaatferlisleg streita

Lífeðlisfræðileg kennimerki streitu
Ósjálfráðar hreyfingar, viðbrögð

10. LÍFSSKOÐANIR

Trú

Trúarþarfir, mikilvægi trúar, trúariðkun/ trúarlíf

Lífsviðhorf

Gildismat

Samræmi í gildismati, trú og athöfnum

Áhrif lífsskoðana á meðferðarfylgni

11. ÖRYGGI OG VARNIR

Líkamlegar varnir – skaði

Húð

Litur, hiti, þurrkur, bólur
Sár: útlit sárs og húðar umhverfis
Grær vel / illa
Lykt, sviti
Sjúkdómar fyrr og nú

Áhættuþættir þrýstingssára

Útstæð bein
Þrýstingur, núningur og tog á húð
Raki af völdum líkamsvessa
Rúmlega
Legustellingar sem valda þrýstingi á húð
Hreyfi- eða skynskerðing
Þurr eða veikluð húð

Munnur

Eigin tennur – ástand
Lausar tennur – sitja vel
Tannholdssjúkdómar
Slímhúð – þurrkur, skán, sár, munnangur
Munnhirða

Hætta á skaða

Veiklaðar varnir, sýkingarhætta
Minnkaður hóstareflex, hætta á ásvelgingu
Dettni
Sjónskerðing, önnur skynskerðing sem getur leitt til skaða

Hitastjórnun

Líkamshiti
Ofkæling

Ofbeldi

Sjálfskaðandi hegðun
Árásargjörn hegðun
Sjálfsvígshugsanir

Varnarviðbrögð

Latex ofnæmisviðbrögð

Hættur á heimili

Öryggi, slysagildir (lausar mottur, þröskuldar, stigar)

Hættur í umhverfi

Útivistarsvæði, umferð, þjónusta, verslanir, slysagildir

Umferðaröryggi

Bílbelti, bílstólar, reiðhjólahljálmar, endurskinsmerki, mannbroddar

12. LÍÐAN

Líkamleg líðan

Sársauki, verkir

Staðsetning, styrkur (verkjaskali), dreifing, leiðni, bjargráð

Óþægindi, vanlíðan, kláði

Ógleði

Félagsleg líðan

Félagsleg þátttaka, félagsleg fælni

Stuðningsaðilar, vinir

13. VÖXTUR OG ÞROSKI

Viðmið um vöxt og þroska eigin aldurshóps, frávík frá viðmiðum

Fylgir vaxtarkúrfu í hæð og þyngd

Hreyfiþroski barna, fín- og grófhreyfingar

Persónuþroski barna

Félags- og vitsmunuþroski barna

Málþroski barna

3. HLUTI

Ártal í sviga við hverja hjúkrunargreiningu gefur til kynna fyrri útgáfur.

Hjúkrunargreiningar

1. Heilbrigðisviðhorf – heilsuefling
2. Næring og efnaskipti
3. Útskilnaður
4. Virkni og hvíld
5. Skynjun og vitsmunir
6. Sjálfsskynjun
7. Hlutverk og félagsleg tengsl
8. Kynlíf
9. Aðlögun og streituþol
10. Lífsskoðanir
11. Öryggi og varnir
12. Líðan
13. Vöxtur og þroski

HJÚKRUNARGREININGAR

1. HEILBRIGÐISVIÐHORF - HEILSUEFLING

Heilbrigðisstjórnun

STJÓRNUN EINSTAKLINGS VIÐ AÐ FYLGJA MEÐFERÐARÁÆTLUN ER FULLNÆGJANDI
Effective therapeutic regimen management (1997)

SKILGREINING:

Einstaklingur nær að aðlaga daglegt líf sitt að meðferð sjúkdóms eða fylgikvillum hans þannig að þau fullnægi ákveðnum heilbrigðismarkmiðum.

GREININGARÞÆTTIR:

- Daglegir lifnaðarhættir samrýmast markmiðum meðferðar eða forvarnaráætlunar
- Sjúkdómseinkenni innan þeirra marka sem við má búast
- Greint frá löngun til að ná tökum á sjúkdómsmeðferð og fyrirbyggingu fylgikvilla
- Greint frá vilja til að minnka áhættuþætti er valda versnun sjúkdóms og fylgikvillum.

STJÓRNUN EINSTAKLINGS VIÐ AÐ FYLGJA MEÐFERÐARÁÆTLUN ER ÓFULLNÆGJANDI
Ineffective individual management of therapeutic regimen (1997)

SKILGREINING:

Einstaklingur á erfitt með að aðlaga daglega lífshætti sína að meðferð sjúkdóms og fylgikvillum hans þannig að ákveðnum heilbrigðismarkmiðum verði náð.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Lifnaðarhættir ófullnægjandi til að ná markmiðum meðferðar eða forvarnaráætlunar.

Auka:

- Aukin einkenni sjúklings (þekkt eða óvænt)
- Greint frá löngun til að ná tökum á meðferð sjúkdóms eða fylgikvilla
- Greint frá erfiðleikum við að ná tökum á, eða samhæfa, einu eða fleirum meðferðarúrræðum sjúkdóms og áhrifum þess á fylgikvilla eða fyrirbyggingu hans
- Greint frá því að daglegt líf samræmist ekki meðferðarúrræðum
- Greint er frá því að hegðun miðaði ekki að því að minnka áhættuþætti sjúkdóms eða fylgikvilla hans.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Heilbrigðiskerfið flókið
- Meðferðarúrræði flókin
- Erfiðleikar við ákvarðanatöku
- Fjárhagsörðugleikar
- Of miklar kröfur gerðar til einstaklings eða fjölskyldu
- Árekstrar innan fjölskyldu
- Heilbrigðisvenjur fjölskyldu
- Of fáar leiðir til aðgerða
- Þekkingarskortur
- Tortryggni gagnvart meðferð og/eða heilbrigðisstarfsfólki
- Mat á alvarleika
- Mat á móttækileika
- Mat á hindrunum
- Mat á ágóða
- Áhrifaleysi
- Skortur á félagslegum stuðningi.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Flestir einstaklingar og fjölskyldur sem þurfa að glíma við brád eða langvinn heilsufarsvandamál þurfa iðulega að takast á við meðferðaráætlun sem krefst breytinga á fyrri lífsháttum eða starfsemi. Þessar breytingar eða aðlögun geta oft skipt sköpum um hver útkoman verður.

Þessi greining fjallar um þá einstaklinga eða fjölskyldur sem eiga erfitt með að ná góðum tökum á meðferð. Hjúkrunarfræðingar gegna lykilhlutverki í því að hjálpa þeim að finna mögulegar leiðir og meta hverjar þeirra eru líklegar til árangurs. Könnun á valkostum og fræðsla til skjólstæðings eru því aðalatriðin í hjúkrunarmedferðinni.

STJÓRNUN FJÖLSKYLDU VIÐ AÐ FYLGJA MEÐFERÐARÁÆTLUN ER ÓFULLNÆGJANDI

Ineffective family therapeutic regimen management
(1997)

SKILGREINING:

Fjölskylda á erfitt með að aðlaga daglega lífshætti sína að meðferð sjúkdóms og fylgikvillum hans þannig að ákveðnum heilbrigðismarkmiðum verði náð.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Leiðir fjölskyldu til að ná markmiðum meðferðar eða forvarnaráætlunar eiga ekki við.

Auka:

- Versnun á sjúkdómseinkennum fjölskyldumeðlims (óvænt eða fyrirséð)
- Sjúkdómi og fylgikvilla hans ekki veitt nægileg eftirtekt
- Greint frá löngun til að ná tökum á meðferð sjúkdóms og að fyrirbyggja fylgikvilla
- Greint frá erfiðleikum við að ná tökum á einni eða fleiri aðferðum til að koma í veg fyrir fylgikvilla
- Greint frá því að fjölskylda hefur ekki gripið til ráðstafana til að minnka áhættuþætti tengda framvindu sjúkdóms eða fylgikvilla hans.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Flókið heilbrigðiskerfi
- Flókin meðferð
- Erfiðleikar við ákvarðanatöku
- Fjárhagsörðugleikar
- Of miklar kröfur gerðar til einstaklings eða fjölskyldu
- Árekstrar innan fjölskyldu.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Sjá undir: *Stjórnun einstaklings við að fylgja meðferð er ófullnægjandi.*

STJÓRNUN SAMFÉLAGS VIÐ AÐ FYLGJA MEÐFERÐARÁÆTLUN ER ÓFULLNÆGJANDI

Ineffective community therapeutic regimen management
(1997)

SKILGREINING:

- Samfélag á erfitt með að aðlagast meðferðarúrræðum og fylgikvillum sjúkdóma þannig að ákveðnum heilbrigðismarkmiðum verði náð.

GREININGARÞÆTTIR:

- Áætlanir og einstaklinga sem eiga að bera ábyrgð á umönnun sjúklingahópa skortir
- Talsmenn hópa skortir
- Starfsemi innan samfélags til að mæta annars og þriðja stigs forvörnum ófullnægjandi
- Sjúkdómseinkenni meiri en eðlilegt getur talist miðað við fjölda og samsetningu íbúa
- Ónóg úrræði heilbrigðisþjónustu til að mæta nýgengi og algengi sjúkdóma
- Úrræði heilbrigðisþjónustu til að sinna sjúkum ekki til staðar
- Ófyrirséð auking sjúkdóma.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Þessi greining fjallar aðallega um áhættuhópa í samfélaginu, að komið sé auga á þá, og greiningu samfélagsþarfa í kjölfar nákvæms mats.

HEILBRIGÐISMIÐUÐ HEGÐUN (tilgreinið nánar)

Health seeking behaviour
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur við góða heilsu reynir markvisst að breyta heilbrigðisvenjum sínum og/eða umhverfinu til þess að auka eigið heilbrigði. ¹⁾

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Lætur í ljós eða sýnir vilja til að auka vellíðan.

Auka:

- Lætur í ljós eða sýnir vilja til að auka stjórn á heilbrigðisathöfnum
- Lætur í ljós áhyggjur af áhrifum umhverfis á heilbrigði
- Lætur í ljós eða sýnir vanþekkingu á þeirri þjónustu sem samfélagið hefur upp á að bjóða til aukinnar vellíðunar
- Sýnir skort á þekkingu á heilbrigðishvetjandi hegðun/heilbrigðishvatningu.

1) Góð heilsa er það þegar tekist hefur að fyrirbyggja sjúkdóma í samræmi við aldur, einstaklingur tjáir góða eða frábæra heilsu og ef einkenni sjúkdóma eru til staðar þá eru þau rétt meðhöndluð og í jafnvægi.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Sjá undir: Ófullnægjandi geta til að viðhalda heilbrigði.

ÓFULLNÆGJANDI GETA TIL AÐ VIÐHALDA HEILBRIGÐI

Ineffective health maintenance (1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur getur ekki greint, ráðið við og/eða leitað hjálpar til að viðhalda heilbrigði.

GREININGARÞÆTTIR:

- Augljós vanþekking á heilbrigðum lífsháttum
- Augljósir aðlögunarerfiðleikar vegna innri/ytri umhverfisbreytinga
- Sagt er frá eða tekið er eftir vangetu til að vera ábyrgur fyrir heilbrigðum lífsháttum á einhverju eða öllum sviðum
- Saga um óheilsusamlegt líferni
- Lýst áhuga á að bæta heilsu
- Skortur á útbúnaði, fé eða öðrum bjargráðum
- Skortur á persónulegu stuðningskerfi.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Skortur eða verulegar breytingar á hæfni til tjáskipta (skrifleg, munnleg og/eða með látbragði)
- Getur ekki tekið yfirvegaðar og ígrundaðar ályktanir
- Truflun á skynjun eða vitræn truflun (gróf/fín hreyfifærni algjörlega eða að hluta til skert)
- Ófullnægjandi aðlögun einstaklings
- Vangeta til að gegna hlutverki sínu vegna sorgar
- Óuppfyllt þroskaverkefni
- Ófullnægjandi aðlögun fjölskyldu
- Andlegir erfiðleikar
- Skortur á efnislegum bjargráðum.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Hjúkrunargreininguna ÓFULLNÆGJANDI GETA TIL AÐ VIÐHALDA HEILBRIGÐI er unnt að nota jafnt fyrir heilbrigða sem og sjúka einstaklinga. Heilbrigði er sfbreytilegt ástand sem hver einstaklingur skilgreinir út frá eigin skynjun. Hver einstaklingur er ábyrgur fyrir eigin heilbrigði og því fjallar greiningin um áhugahvöt hans til að taka á þáttum sem snerta heilbrigði og heilbrigða lífshætti. Eitt af mikilvægum hlutverkum hjúkrunarfræðinga varðandi viðhald heilbrigðis er að vekja einstaklinga til vitundar um að betri heilsa sé möguleg.

Þessi greining á vel við um einstaklinga sem láta í ljós óskir um að breyta í átt til heilbrigðari lífshátta. Dæmi um óheilbrigða lífshætti eru t.d.:

- skortur á reglulegri hreyfingu
- vanlíðan í starfi
- að vera ekki endurnærður eftir hvíld
- neyta fitu- og saltríkrar fæðu
- offita
- reykingar
- óhófleg áfengisneysla
- ófullnægjandi félagslegur stuðningur.

Hjúkrunargreiningin ÓFULLNÆGJANDI GETA TIL AÐ VIÐHALDA HEILBRIGÐI getur einnig verið gagnleg til að lýsa einstaklingi sem þarf á kennslu, leiðbeiningum eða tilvísun til annarra heilbrigðisstarfsmanna að halda, t.d. til að fyrirbyggja vandamál eða viðhalda heilbrigði eftir útskrift af bráðasjúkrahúsi.

HEILBRIGÐISMIÐUÐ HEGÐUN á við um einstaklinga eða hópa sem óska eftir heilbrigðistengdum upplýsingum eða fræðslu til að efla eða viðhalda góðri líðan (fyrirbyggjandi hegðun, heimsókn í leitarstöð, bætt næring) eða eins og fram kemur í skilgreiningunni: "Einstaklingur við góða heilsu reynir markvisst að breyta heilbrigðisvenjum sínum og/eða umhverfinu til þess að auka eigið heilbrigði." Í flestum tilvikum er því um einkennalausan einstakling að ræða. Greininguna má hins vegar vel nota fyrir einstakling, sem er með langvinnan sjúkdóm og vill reyna að ná betri tókum á ákveðnum heilsufarsþáttum eða betri líðan.

Ekki er nauðsynlegt að tengja greininguna HEILBRIGÐISMIÐUÐ HEGÐUN orsakabáttum. Nægjanlegt er að tilgreina hvaða þætti er átt við s.s. HEILBRIGÐISMIÐUÐ HEGÐUN: SJÁLFSKOÐUN BRJÓSTA.

SKERT GETA TIL HEIMILISHALDS

Impaired home maintenance
(1991)

SKILGREINING:

Vangeta til að sjá sjálfur um nánasta umhverfi, þannig að það sé öruggt og stuðli að vexti og þroska.

GREININGARÞÆTTIR:

Huglægir:

- *Heimilisfólk kveðst eiga erfitt með að sjá um heimili, þannig að það sé þægilegt:

*Heimilisfólk leitar hjálpar við heimilishald

- *Heimilisfólk kveðst skuldugt eða í fjárhagskröggum.

Hlutlægir:

- Umhverfi í óreiðu
- Eldhúsáhöld, *fatnaður eða sængurfatnaður eru óhrein eða ekki til staðar, *matarleifar eða úrgangur
- Óþefur
- Húsnæði of heitt eða of kalt
- *Fjölskyldumeðlimir yfirkeyrðir, t.d. örmagna, kvíðnir
- Skortur á nauðsynlegum útbúnaði eða hjálpartækjum
- Meindýr eða nagdýr
- *Endurtekinn misbrestur á hreinlætisvenjum, endurteknar ásóknir meindýra eða endurteknar sýkingar.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Einstaklingur/fjölskyldumeðlimur veikir eða slasaður
- Ófullnægjandi skipulag og áætlanagerð hjá fjölskyldu
- Ónóg fjárráð
- Ókunnugleiki varðandi bjargráð sem umhverfið býður upp á
- Truflun á vitrænni eða tilfinningalegri starfsemi
- Vanþekking
- Fyrirmyndir að hlutverkum vantar
- Ófullnægjandi stuðningskerfi.

* Áherslugreiningarþættir.

2. NÆRING OG EFNASKIPTI

Fæðunám

NÆRING MINNI EN LÍKAMSPÖRF

Imbalanced nutrition: less than body requirements
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur fær minni næringu en hann þarfnast.

GREININGARÞÆTTIR:

- Þyngdartap þrátt fyrir fullnægjandi fæðuinntöku
- Þyngd 20% eða meira undir kjörþyngd
- Fæðuneysla minni en ráðlagðir dagskammtar
- Slappir kyngingar- eða tyggingarvöðvar
- Grunur um eða staðfesting á matarskorti
- Óbeit á mat
- Breytt bragðskyn
- Offylli strax eftir fæðuneyslu
- Kviðverkir með eða án líffræðilegrar ástæðu
- Viðkvæmt, bólgið munnhol
- Viðkvæmar háráðar
- Magakrampar
- Niðurgangur og/eða fituskita
- Mikil garnahljóð
- Lítil áhugi á mat
- Einstaklingi finnst hann ekki geta melt fæðuna
- Fölir augnhvarmar og slímhúð
- Lítil vöðvakraftur
- Mikið hárlos
- Skortur á upplýsingum, rangar upplýsingar
- Misskilningur.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Vangeta til að neyta, melta fæðu eða frásoga næringarefni, vegna líffræðilegra, sálfræðilegra eða efnahagslegra þátta.

NÆRING MEIRI EN LÍKAMSPÖRF

Imbalanced nutrition: more than body requirements
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur fær meiri næringu en hann þarfnast.

GREININGARÞÆTTIR:

- Þyngd 10% yfir kjörþyngd
- *Þyngd 20% yfir kjörþyngd
- *Þríhöfða (triceps) húðfelling meira en 15 mm hjá körlum, 25 mm hjá konum
- Kyrrseta
- Övenjulegar matarvenjur
- Fæðuneysla tengd öðrum athöfnum
- Fæðuneysla einkum seinni hluta dags
- Bregst við áhrifum utan frá, s.s. tíma dags og félagslegum aðstæðum, með því að borða
- Bregst við öðrum innri áreitum en svengd, t.d. kvíða.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Óhófleg fæðuneysla með tilliti til efnaskipta.

** Áherslugreiningarþættir.*

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Við notkun þessarar greiningar hjá einstaklingum sem eru of feitir ber að hafa í huga að hún tekur einungis til meðferðarþátta sem lúta að næringu. Ef leggja á aðaláherslu á mataræði og fæðuinntekt getur þessi greining því átt vel við. Offita er hins vegar flókið samspil menningar- og sálfélagslegra þátta auk efnaskipta. Sé ætlunin hins vegar að vinna að varanlegum lífsháttabreytingum með einstaklingnum á greiningin *Ófullnægjandi geta til að viðhalda heilbrigði* mun betur við, þar sem *Næring meiri en líkamspörf* tekur ekki á þeim þáttum.

Varast ber að nota greininguna *Næring meiri en líkamspörf* fyrir einstakling sem er yfir kjörþyngd eða á við offitu að stríða ef hann hefur ekki áhuga á að taka á þeim málum. Hvatinn til að léttast verður að koma innan frá og það er réttur hvers einstaklings að ráða sjálfur sínum málum.

Hjúkrunarfræðingurinn getur hins vegar frætt

einstaklinginn um áhættuþætti, hugsanlegan ávinning og leiðir til að breyta mataræði sínu og/eða lífsháttum, en ákvörðunin er ávallt einstaklingins.

Næring meiri en líkamspörf hefur klínískt notagildi fyrir einstaklinga sem eru í hættu á að þyngjast eða þyngjast vegna sérstaks ástands (meðgöngu, sjúkdóma) eða meðferðar (t.d. lyfjameðferðar, s.s. stera).

HÆTTA Á NEYSLU NÆRINGAR UMFRAM LÍKAMSPÖRF

Imbalanced nutrition: risk for more than body requirements (1991)

SKILGREINING:

Hætta er á að einstaklingur fái of mikla næringu, miðað við næringarþörf.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

- *Offita hjá öðru eða báðum foreldrum
- *Hröð breyting á vaxtarlínuriti barns
- Föst fæða sem aðaluppistaða í næringu fyrir 5 mánaða aldur
- Fæða notuð sem verðlaun eða huggun
- Meiri þyngd við upphaf hverrar nýrrar meðgöngu
- Óvenjulegar matarvenjur
- Fæðuneysla tengd öðrum athöfnum
- Fæðuneysla einkum seinni hluta dags
- Bregst við áhrifum utan frá, s.s. tíma dags og félagslegum aðstæðum, með því að borða
- Bregst við öðrum innri áreitum en svengd, t.d. kvíða.

* *Áherslugreiningarþættir.*

KYNGINGARÖRÐUGLEIKAR

Impaired swallowing (1991, 2000)

SKILGREINING:

Óeðlileg kynging í tengslum við galla í munni, koki eða vélinda eða starfsemi þeim tengdum.

GREININGARÞÆTTIR:

Kokstig skaddað/veiklað:

- Breytt höfuðstaða
- Ófullnægjandi hækkun barkakýlis
- Hafnar fæðu
- Óútskýrður hiti
- Seinkuð kynging
- Endurteknar lungnasýkingar
- Gutlandi rödd
- Bakflæði upp í nef
- Stendur á öndinni, hóstar eða kúgast
- Margkyngir
- Kyngingarrannsókn sýnir óeðlilegt kokstig.

Vélindastig skaddað/veiklað:

- Brjóstsviði eða magaverkir
- Súr andardráttur
- Óútskýrður pirringur í kringum máltíðir
- Uppsala á kodda
- Kyngir endurtekið eða jórtrar
- Magainnihald kemur upp eða blautur ropi
- Gnístir tönnum
- Næturbósti eða vaknar upp
- Tekið er eftir erfiðleikum við kyngingu (t.d. safnar fæðu í munnhol, hóstar/stendur á öndinni)
- Höfuð reigt aftur á bak (hyperextension)
- Beygir sig meðan á máltíð stendur eða eftir hana
- Kyngingarrannsókn sýnir óeðlilegt vélindastig
- Kyngingartregða
- Hafnar eða takmarkar fæðu
- Kvartar um að „eitthvað sé fast“
- Blóðug uppköst
- Uppköst.

Munnstig skaddað/veiklað:

- Tungan nær ekki að mynda matartuggu
- Veikt sog sem leiðir til árangurslítils totts
- Varir lokast ekki
- Fæðan þrýstist út úr munni
- Hæg myndun matartuggu
- Fæða rennur út úr munni
- Tuggan fer of snemma niður
- Bakflæði upp í nef
- Getur ekki hreinsað munnhol
- Langar máltíðir en innbyrðir lítið
- Stendur á öndinni, hóstar eða kúgast áður en kyngt er
- Kyngingarrannsókn sýnir óeðlilegt munnstig
- Kyngir í smáskömmum

- Tyggir ekki nægilega
- Matur safnast fyrir í hliðarskor
- Slefar.

TENGDIR ÞÆTTIR:

Fæðingargallar:

- Efri öndunarvegir vanskapaðir
- Þrífst ekki eða vannæring vegna próteinskorts
- Umtalsverður vöðvaslappleiki (hypotonia)
- Öndunarfærtruflanir
- Saga um næringu í gegnum sondu
- Hegðunarfandamál við máltíðir
- Sjálfsskaðandi hegðun
- Truflun frá tauga- og stoðkerfi (t.d. minnkaður eða lélegur kokreflex, minnkaður styrkur tyggingarvöðva, skynskerðing, andlitslömum)
- Stíflur (t.d. bjúgur, barkaraufartúba, æxli)
- Meðfæddir hjartasjúkdómar
- Skaddaðar heilataugar.

Vandamál frá taugakerfi:

- Efri öndunarvegir vanskapaðir
- Óeðlilegt barkakýli
- Slökun á neðri hluta vélinda bregst sem leiðir til útvíkkunar efri hluta þess (achalasia)
- Bakflæðissjúkdómur í maga/vélinda
- Áunnir líffæragallar
- Meðfædd heilalömun
- Innvortis áverkar
- Gallar í barka, barkakýli eða vélinda
- Höfuðáverkar
- Seinþroski
- Útvortis áverkar
- Gallar í nefholi eða nefkoki
- Vansköpun í munnsoli eða koki
- Fyrirburar.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Sjá undir: *Hætta á ásvelgingu.*

ÓFULLNÆGJANDI NÆRINGARMYNSTUR UNGBARNIS

Ineffective infant feeding pattern (1997)

SKILGREINING:

Ungbarn sýnir skerta getu til að sjúga eða samhæfa sog og kyngingu.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Vangeta til að byrja eða viðhalda árangursríku sozi
- Vangeta til að samhæfa sog, kyngingu og öndun.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Fyrirburi
- Skynræn (neurological) sköddun/seinkun
- Ofurviðkvæmni í munni
- Löng fasta (NPO=nil per oro)
- Meðfæddir gallar
- Skurðaðgerð á meltingarvegi
- Þyngdartap
- Mikil óværð
- Þreyta
- Lyfjaáhrif.

Vökvabúskapur

VÖKVASKORTUR

Deficient fluid volume (1991)

SKILGREINING:

Minnkaður vökví í æðum, frumum eða innan fruma. Þetta vísar til þurrks, vatnstaps án breytinga á natríum.

GREININGARÞÆTTIR:

- Minnkaður þvagútskilnaður
- Aukin þvagþéttni
- Skyndilegt þyngdartap
- Minnkuð bláæðafylling
- Blóðþéttni (hækkað hematokrit)
- Minnkuð fylling húðar
- Lágþrýstingur
- Þurr húð
- Þurrar slímhúðir

GREININGARÞÆTTIR, SEM KREFJAST FREKARI RANNSÓKNA:

- Þorsti
- Hraðari púls
- Minnkað slagmagn/þrýstingur
- Breyting á andlegu ástandi
- Hækkaður líkamshiti

- Slappleiki.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Virkt vökvatap
- Truflun á stjórn vökvabúskapar.

HÆTTA Á VÖKVASKORTI

Risk for deficient fluid volume
(1991)

SKILGREINING:

Hætta á minnkuðum vökva í æðum, frumum eða innan fruma.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

- Mjög ungur/mjög gamall
- Mjög léttur/mjög þungur
- Mikið vökvatap á vanalegan hátt, t.d. niðurgangur
- Vökvatap á óeðlilegan hátt, t.d. inniliggjandi slöngur
- Þættir sem hafa áhrif á frásög, inntöku eða aðgang að vökva, t.d. hreyfihömlun
- Þættir sem hafa áhrif á vökvaþarfir, t.d. hröð efnaskipti
- Ónóg þekking á vökvaþörf
- Lyf, t.d. þvagræsilyf.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Sjá áhættuþætti.

VÖKVASÖFNUN

Excess fluid volume
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur safnar á sig vökva.

GREININGARÞÆTTIR:

- Bjúgur
- Útflæði (effusion)
- Holdbjúgur
- Þyngdaraukning
- Mæði
- Inntaka meiri en útskilnaður

- Óeðlileg öndunarhljóð
- Hrygla (brakhljóð)
- Lækkun á blóðrauða og blóðkornaskilun (hematocrit)
- Þrýstingshækkun í miðjubláæðum*
- Þanin hóstarbláæð (jugular)*
- Jákvæður hepatojugular reflex.

* *Athugið: klínísk rök í lágmarki og þarfnast frekari rannsókna*

GREININGARÞÆTTIR, SEM KREFJAST FREKARI RANNSÓKNA:

- Klínísk rök skortir í rannsóknum á vökvassöfnun
- Andnauð tengd legu
- S/3 hjartahljóð
- Lungnabjúgur (rtg. mynd)
- Breyting á öndun
- Breyting á andlegu ástandi
- Breytingar á blóðþrýstingi
- Þrýstingsbreytingar í lungnaslagæð
- Þvagþurrð
- Breytingar á eðlisþyngd
- Blóðnituraukning (azotemia)
- Breytingar á elektrolytum
- Eirðarleysi og kvíði.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Stjórnun vökvabúskaps undir álagi
- Of mikil vökvainntaka
- Of mikil natríuminntaka.

HÆTTA Á VÖKVAÓJAFNVÆGI

Risk for fluid volume imbalance
(2000)

SKILGREINING:

Hætta á að lítil, mikil eða hröð tilfærsla verði á vökva frá einum stað til annars innan æða, milli fruma og/eða innan frumu. Átt er við vökvatap eða vökvassöfnun.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

- Í þróun.

3. ÚTSKILNAÐUR

Þvagfæri

TRUFLUN Á ÞVAGÚTSKILNAÐI

Impaired urinary elimination
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur er með truflun á þvagútskilnaði.

GREININGARÞÆTTIR:

- Erfiðleikar við þvaglát
- Aukin tíðni
- Tregða
- Leki
- Næturbvaglát
- Þvagteppa
- Knýjandi þörf.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Ýmsar orsakir eins og: líffærafræðileg hindrun, truflun á taugastjórnun, þvagfærasýking.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Greiningin *Truflun á þvagútskilnaði* er of víð til að hún hafi klínískt notagildi og hún lýsir ekki ástandi skjólstæðingsins þar sem ekki kemur fram í heiti hennar hvort um þvagtregðu eða þvagleka er að ræða. Nákvæm lýsing á einkennum og mat á einstaklingum m.t.t. orsakapátta er undirstaða þess að rétt hjúkrunargreining um þvagleka sé sett fram sem er jafnframt lykillinn að því að réttri hjúkrunarmeðferð sé beitt.

ÞVAGTREGÐA

Urinary retention
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur finnur að þvagblaðra tæmist ekki alveg.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Þanin þvagblaðra

- Tíð losun á litlu þvagmagni eða engin þvaglát.

Auka:

- Tilfinning um fulla þvagblöðru
- Þvag drýpur
- Þvag í blöðru eftir þvaglát
- Sársauki við þvaglát
- Þvagleki vegna yfirfullrar blöðru.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Hár þrýstingur í þvagrás vegna slappleika í samdráttarvöðva í blöðruvegg
- Heft taugaviðbragð (reflex arc)
- Sterkur hringvöðvi
- Stífla.

STÖÐUGUR ÞVAGLEKI

Total urinary incontinence
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur hefur stöðug og ófyrirsjáanleg þvaglát.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Ófyrirsjáanlegt stöðugt þvagflæði án þenslu eða tæmingarviðbragða í blöðru
- Árangurslausar meðferðir á þvagleka
- Næturbvaglát.

Auka:

- Lítið næmi fyrir spöng eða fyllingu þvagblöðru
- Engin tilfinning fyrir þvagleka.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Starfræn truflun í úttaugakerfi sem hindrar flutning boða um blöðrufyllingu
- Truflun á taugastarfsemi sem kemur af stað ófyrirsjáanlegum þvaglátum
- Óháðir samdrættir í detrusor reflex vegna uppskurðar
- Áverki eða sjúkdómur sem hefur áhrif á mænutaugar
- Líffærafræðilegir (fistill).

STARFRÆNN ÞVAGLEKI

Functional urinary incontinence
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Einstaklingur sem venjulega hefur stjórn á þvaglátum nær ekki á salerni í tíma.

GREININGARÞÆTTIR:

- Þvagmissir bundinn við morgun eingöngu
- Finnur fyrir þvaglátapörf
- Þarf lengri tíma til að ná á salerni frá því að fundið er fyrir þörf þar til ósjálfráð þvaglát eiga sér stað
- Nær ekki á salerni í tæka tíð
- Getur tæmt blöðru alveg.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Sálrænir þættir
- Skert sjón
- Skerðing á hugarstarfi
- Skert tauga- og vöðvastarfsemi
- Umhverfisbreytingar
- Slappleiki í grindarholi.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Sjá undir: *Truflun á þvagútskilnaði*.

ÁLAGSÞVAGLEKI

Stress urinary incontinence
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur missir þvag. Missir minna en 50 ml við aukinn þrýsting í kviðarholi.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Sagt frá eða tekið eftir þvagleka við aukinn þrýsting í kviðarholi, s.s. að standa, hnerra, hósta.

Auka:

- Knýjandi þörf fyrir þvaglát
- Tíð þvaglát (oftar en á 2ja stunda fresti).

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Hrönnunarbreytingar í grindarbotnsvöðvum og burðarlíffærum við öldrun
- Hár þrýstingur í kviðarholi (t.d. offita, þungun)
- Slappt þvagblöðruop
- Ofpensla milli þvagláta
- Slappir grindarbotnsvöðvar og burðarlíffæri.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Sjá undir: *Truflun á þvagútskilnaði*.

BRÁÐA ÞVAGLEKI

Urge urinary incontinence
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur hefur ósjálfráð þvaglát í kjölfar mjög knýjandi þarfar.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Knýjandi þörf fyrir þvaglát
- Tíð þvaglát (oftar en á 2ja stunda fresti)
- Blöðrusamdrættir/krampar.

Auka:

- Næturbvaglát (oftar en tvisvar á nóttu)
- Lítið magn við hver þvaglát (minna en 100 ml) eða mikið magn (meira en 550 ml)
- Nær ekki á salerni í tæka tíð.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Minnkað rúmmál blöðru (t.d. saga um bólgusjúkdóma í grindarholi, aðgerðir á kviðarholi, inniliggjandi þvagleggur)
- Erting á blöðrutogsnemum veldur krömpum (t.d. sýking í blöðru)
- Áfengi
- Koffín
- Aukin vökvainntaka
- Aukinn styrkur þvags
- Ofpensla á blöðru.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Sjá undir: *Truflun á þvagútskilnaði*.

ÞVAGLEKI - ÓSJÁLFRÁTT VIÐBRAGÐ (Reflex incontinence)

Reflex urinary incontinence
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Ósjálfráður þvagmissir. Þvagmissirinn er nokkurn veginn fyrirsjáanlegur þegar ákveðnu blöðrurúmmáli er náð.

GREININGARÞÆTTIR:

- Engin tilfinning fyrir þvaglátarþörf
- Algjör tæming þegar um áverka fyrir ofan þvaglátsstöðvar í heilabru er að ræða
- Ófullkomin tæming þegar skaði/áverki er fyrir ofan þvaglátsstöðvar í spjaldhrygg
- Engin tilfinning fyrir fylli blöðru
- Tilfinning tengd fullri blöðru svo sem sviti, eirðarleysi og óþægindi í grindarholi
- Getur ekki viljandi hafið eða fyrirbyggt þvaglát
- Engin tilfinning fyrir tæmingu blöðru
- Fyrirsjáanlegt mynstur þvagláta
- Getur ekki komið í veg fyrir samdrætti í blöðru þegar hann finnur fyrir þvaglátarþörf.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Vefjaskaði vegna blöðrubólgu af völdum geislunar, bólgu í blöðru, eða eftir stóra grindarholsaðgerð
- Taugaskaði fyrir ofan þvaglátsstöðvar í spjaldhrygg eða heilabru.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Sjá undir: *Truflun á þvagútskilnaði.*

HÆTTA Á BRÁÐAÞVAGLEKA

Risk for urge urinary incontinence
(2000)

SKILGREINING:

Hætta á ósjálfráðum þvaglátum sem tengist bráðri, sterkri tilfinningu á þörf til þvagláta.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

- Áhrif lyfja, koffíns, áfengis
- Ofvirkni blöðruvöðva vegna blöðrubólgu, þvagrásarþólgu, æxlis, nýrnasteina, sjúkdóma í miðtaugakerfi fyrir ofan þvaglátsstöðvar í heilabru

- Óstöðugleiki blöðruvöðva með skertri samdráttargetu
- Ósjálfráð slökun á hringvöðva
- Venur sig ekki á að svara þörf fyrir þvaglát
- Lítið blöðrurými.

Meltingarfæri

HÆGÐALEKI

Bowel incontinence
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Breyting á hægðalosun, þannig að hægðalosun er ósjálfráð.

GREININGARÞÆTTIR:

- Stöðugur hægðaleki
- Hægðalykt
- Getur ekki haldið í sér
- Bráð hægðalosun
- Segist sjálfur ekki finna fyrir þrýstingi í endaparmi (hægðalosunarþörf)
- Hægðaklínungur í nærfötum eða rúmfötum
- Finnur fyrir þrýstingi í endaparmi en segist ekki geta losnað við formaðar hægðir
- Sinnir ekki hægðalosunarþörf
- Getur ekki greint hægðalosunarþörf
- Röði á húð við endaparm.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Umhverfisþættir (t.d. óaðgengilegt salerni)
- Getur ekki losað hægðir að fullu
- Óeðlilegur hringvöðvi í endaparmi
- Hægðastífla
- Fæðuvenjur
- Sár í ristli eða endaparmi
- Streita
- Skaði á neðri hreyfitaug
- Óeðlilega mikill þrýstingur í kvið eða þörmum
- Almennur vaxandi vöðvaslappleiki
- Skert stjórn á hringvöðva í endaparmi
- Skaði á efri hreyfitaug
- Langvinnur niðurgangur
- Skert geta til að fara á salerni
- Neðri hluti ristils getur ekki safnað hægðum
- Lyf

- Hreyfingarleysi
- Ofnotkun hægðalyfja.

NIÐURGANGUR

Diarrhea

(1991, 2000)

SKILGREINING:

Hægðir eru linar og óformaðar.

GREININGARÞÆTTIR:

- Aukin garnahljóð
- Vatnsþunnar hægðir þrisvar á dag eða oft
- Knýjandi hægðalosunarþörf
- Kviðverkir
- Krampar í meltingarvegi.

TENGDIR ÞÆTTIR:

Sálfræðilegir þættir:

- Mikil steita og kvíði.

Aðstæðubundnir þættir:

- Misnotkun áfengis
- Eiturefni
- Ofnotkun hægðalyfja
- Geislun
- Sondumötun
- Hliðarverkanir lyfja
- Mengunarefni
- Ferðalög.

Líkamlegir þættir:

- Bólgur
- Lélegt frásog í meltingarvegi
- Sýking
- Erting
- Sníkjudýr.

HÆGÐATREGÐA

Constipation

(1991, 2000)

SKILGREINING:

Breyting verður á eðlilegri hægðalosun þannig að hún verði sjaldnar og/eða hægðir verða harðar og þurrar.

GREININGARÞÆTTIR:

- Breyting á hægðamynstri

- Ferskt blóð með hægðum
- Linar hægðir í endaþarmi
- Þaninn kviður
- Svartar eða tjörulitar hægðir
- Aukinn þrýstingur í kvið
- Deyfa þegar kviður er bankaður
- Sársauki við hægðalosun
- Minnkað magn hægða
- Áreynsla við hægðalosun
- Kviðverkir
- Getur ekki losað hægðir
- Lystarstol
- Höfuðverkur
- Breyting á garnahljóðum
- Meltingartruflanir
- Óvenjuleg heilsufarseinkenni hjá öldruðum þ.e.a.s. breytingar á andlegu ástandi, þvagleki, óútskýrð dettni, hækkun á líkamshita
- Mikill vindgangur
- Almennur slappleiki
- Óeðlilega lítil eða mikil garnahljóð
- Þreifanleg fyrirferð í kvið
- Eymсли í kvið með eða án spennts kviðveggjar
- Ógleði og/eða uppköst
- Vatnsþunnar hægðir.

TENGDIR ÞÆTTIR:

Starfrænir:

- Nýlegar umhverfisbreytingar
- Venur sig á að sinna eða svara ekki hægðapörf
- Ónóg líkamleg hreyfing
- Óreglulegar hægðavenjur
- Salernisferðir skila ekki árangri (þ.e.a.s. ekki á réttum tíma, óþægileg líkamsstaða til hægðalosunar eða ónæði)
- Slakir magavöðvar.

Sálfræðilegir:

- Þunglyndi
- Andlegt álag
- Rugl.

Lyfjafræðilegir:

- Blóðfitulækkandi efni
- Of stór skammtur af hægðalyfi
- Kalsíum karbónat
- Sýrubindandi lyf með alúmíníum
- Bólgueyðandi lyf önnur en sterar

- Óþíumskild lyf
- Andkólínerg lyf
- Þvagræsilyf
- Járn, phenothiazides
- Róandi lyf
- Lyf sem auka áhrif sympatíska kerfisins
- Bismuth sölt
- Þunglyndislyf
- Kalsíum hemjarar.

Líkamlegir:

- Ígerð eða sár í endaparmi
- Þungun
- Afrifur í endaparmi
- Æxli
- Megacolon (hirsprungs sjúkdómur)
- Ójafnvægi á söltum
- Endaparmssig
- Stækkun á blöðruhálskirtli
- Skert taugastarfsemi
- Þrengsli í endaparmi
- Rectocele
- Fyrirstaða eftir aðgerð
- Gyllinæð
- Offita.

Lífeðlisfræðilegir:

- Óæskilegar matarvenjur
- Minnkuð hreyfing í meltingarvegi
- Lélegar tennur eða munnhirða
- Ónóg trefjaefni í fæðu
- Ófullnægjandi vökvainntekt
- Breyting á venjubundnu fæði eða matarvenjum
- Þurrkur.

HÆTTA Á HÆGDATREGÐU

Risk for constipation
(2000)

SKILGREINING:

Hætta á breytingu á eðlilegri hægðalosun þannig að hún verði sjaldnar; hægðalosun verði ófullnægjandi og/eða að hægðir verði mjög harðar og þurrar.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

Starfrænir þættir:

- Svarar ekki hægðapörf
- Nýlegar umhverfisbreytingar

- Klósettferðir skila ekki árangri (þ.e.a.s. ekki á réttum tíma, óþægileg líkamsstaða til losunar eða ónæði)
- Óreglulegar hægðavenjur
- Ónóg líkamleg hreyfing
- Slakir magavöðvar.

Sálfræðilegir þættir:

- Andlegt álag
- Rugl
- Þunglyndi.

Líkamlegir þættir:

- Ónóg trefjaefni í fæðu
- Vefjapurrkur
- Lélegar tennur eða munnhirða
- Óæskilegar matarvenjur
- Ófullnægjandi vökvainntekt
- Breyting á venjubundnu fæði eða matarvenjum
- Minnkuð hreyfing í meltingarvegi
- Ígerð eða sár í endaparmi
- Þungun
- Þrengsli í endaparmi
- Fyrirstaða eftir aðgerð
- Afrifur í endaparmi
- Megacolon (hirsprungs sjúkdómur)
- Ójafnvægi á söltum
- Æxli
- Stækkun á blöðruhálskirtli
- Rectocele, endaparmssig
- Skert taugastarfsemi
- Gyllinæð
- Offita.

Lyfjafræðilegir þættir:

- Phenothiazides
- Bólguþeyðandi lyf önnur en sterar
- Róandi lyf
- Sýrubindandi lyf með alúmíníum
- Of stór skammtur af hægðalyfi
- Járn
- Andkólínerg lyf
- Þunglyndislyf
- Krampalyf
- Blóðfituleysandi efni
- Kalsíum hemjarar
- Kalsíum karbónat
- Þvagræsilyf
- Lyf sem auka áhrif sympatíska kerfisins
- Óþíumskyld lyf
- Bismuth sölt.

**EINSTAKLINGUR TELUR SIG VERA MEÐ
HÆGÐATREGÐU**

Perceived constipation
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Einstaklingur telur sig vera með hægðatregðu og ofnotar hægðalyf, stólpípu eða stíla til að hafa hægðir daglega.

GREININGARÞÆTTIR:

- Væntir þess að hafa hægðir daglega sem leiðir til ofnotkunar á hægðalyfjum, stólpípum eða stílum
- Býst við að hafa hægðir á sama tíma dag hvern.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Skert hugsun, rangt mat
- Siðvenjur/heilbrigðisviðhorf fjölskyldu.

4. VIRKNI OG HVÍLD

Svefn/hvíld

SVEFNTRUFLUN

Disturbed sleep pattern
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Tímabundar svefntruflanir (eðlileg, tímabundin, minnkuð meðvitund) að magni eða gæðum.

GREININGARÞÆTTIR:

- Langvarandi vökur
- Sefur í dúrum
- Veldur sjálfur truflun á eðlilegu svefnmynstri
- Tekur lengri tíma en 30 mínútur að sofna
- Vaknar snemma
- Vaknar fyrr eða seinna en óskað er
- Kvartar um erfiðleika við að sofna
- Kvartar um að vera ekki úthvíldur
- Aukið hlutfall af 1. stigs svefn
- Óánægja með svefn
- Minni svefn en eðlilegt má teljast miðað við aldur
- Vaknar þrisvar eða oftar á nóttu
- Minnkað hlutfall af 3. og 4. stigs svefni (þ.e. minnkuð viðbrögð, aukin syfja, minnkuð virkni)
- Minnkað hlutfall REM svefns (þ.e. ofvirkni, tilfinningalegur óstöðugleiki, æstur og hvatvís, óhefðbundið svefnrit)
- Minnkuð starfshæfni.

TENGDIR ÞÆTTIR:

Sálfræðilegir:

- Órólegar hugsanir fyrir svefn
- Virkni yfir daginn
- Heimþrá
- Líkamshiti
- Skap
- Mataræði
- Hefst í æsku
- Ófullnægjandi venjur fyrir svefn
- Langvarandi notkun örvandi efna
- Dægurtruflanir
- Breytilegur svefn og vökutími
- Depurð

- Einmanaleiki
- Tíð ferðalög yfir tímabelti
- Útsettur fyrir birtu/myrkur
- Sorg
- Eftirvænting
- Vaktavinna
- Saknar rekkjunaútar
- Breyting á lífshögum
- Heltekinn af því að reyna að sofna
- Tímabundnar kyntengdar hormónabreytingar
- Lífræn virk efni
- Ótti
- Aðskilnaður frá nákomnum
- Lífsmynstur fer ekki heim og saman við líkamsklukku
- Breytingar á svefnmynstri tengdar aldri
- Kvíði
- Lyfjameðferð
- Hræðsla við að geta ekki sofnað
- Aðlögun að slæmu svefnmynstri
- Þreyta
- Leiði.

Umhverfisþættir:

- Hávaði
- Ókunnuglegt svefnumhverfi
- Hitastig
- Raki
- Lýsing
- Önnur áreiti sem viðhalda vöku
- Mikil örvun
- Líkamlegar hömlur
- Skortur á næði
- Truflanir vegna umönnunar, eftirlits og rannsókna
- Herbergisfélagi
- Vond lykt.

Foreldrar:

- Svefnmynstur móður
- Tengsl foreldris og barns
- Andlegur stuðningur móður.

Lífeðlisfræðilegir þættir:

- Bráð þvaglátapörf
- Bleytir sig
- Hiti

- Ógleði
- Stíflur í öndunarferum
- Mæði
- Staða/lega
- Vélinda/bakflæði.

SVEFNLEYSI

Sleep deprivation
(2000)

SKILGREINING:

Löng tímabil þar sem minnkað meðvitundarstig næst ekki á samfelldan og eðlilegan hátt yfir sólarhringinn.

GREININGARÞÆTTIR:

- Syfja að degi til
- Minnkuð starfshæfni
- Slappleiki
- Þreyta
- Þrekleysi
- Eirðarleysi
- Þirringur
- Lækkaður sársaukaþröskuldur
- Áhugaleysi
- Sljóleiki/sinnuleysi
- Minnkuð viðbrögð
- Einbeitingarskortur
- Skyndtruflanir (þ.e. trufluð líkamsskynjun, hugarórar, óstöðugleiki)
- Ofskynjanir
- Bráðarugl
- Tímabundnar ofsóknarhugmyndir
- Æstur eða árásargjarn
- Kvíði
- Væg augntinun
- Handskjálfti.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Langvarandi líkamleg vanlíðan
- Langvarandi andleg vanlíðan
- Viðvarandi ófullnægjandi svefnvenjur
- Langvarandi notkun lyfja eða fæðuefna sem draga úr svefnþörf
- Breytt svefnmynstur tengt aldri
- Viðvarandi dægurtruflanir
- Ónóg dagleg virkni
- Viðvarandi umhverfisáreiti
- Viðvarandi ókunnuglegt eða óþægilegt svefnumhverfi
- Háttalag sem dregur úr því að geta sofnað

- Kæfisvefn
- Tímabundnar útlímahreyfingar (þ.e. þirringur í fótum, næturfótakrampar)
- Dægurvillur
- Svefnkýki
- Miðtaugakerfisbundin svefnhöfði
- Gengið í svefni
- Svefnhræðsla
- Vætir rúm
- Martraðir
- Fjölskyldubundin lömun í svefni
- Sársaukafull stinning að nóttu til
- Elliglop.

Sjálfsbjörg, virkni/þjálfun

SKERT GETA VIÐ KLÆÐNAD/SNYRTINGU

Dressing/grooming self-care deficit
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Skert geta til að klæðast og snyrta sig.

GREININGARÞÆTTIR:

- Getur ekki valið fatnað
- Getur ekki notað hjálpartæki
- Getur ekki notað rennilása
- Kemst ekki úr fötum
- Getur ekki klætt sig í sokka
- Getur ekki klætt sig að ofanverðu
- Getur ekki farið í eða úr fötum
- Getur ekki hneppt eða hnýtt föt o.s.frv.
- Getur ekki náð í eða gengið frá fötum
- Getur ekki haldið útliti sínu snyrtilegu
- Getur ekki klætt sig að neðanverðu
- Getur ekki tekið upp föt
- Getur ekki farið í skó.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Skortur á eða minnkuð áhugahvöt
- Verkir
- Mikill kvíði
- Truflun á skynjun eða vitrænni starfsemi
- Truflun á tauga- eða stoðkerfi
- Vanlíðan
- Hindranir í umhverfi
- Máttleysi og þreyta.

SKERT GETA VIÐ BÖÐUN/HREINLÆTI

Bathing/hygiene self-care deficit
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Skert geta til að baða sig eða þvo sér.

GREININGARÞÆTTIR:

- Getur ekki útvegað sér hreinlætisvörur
- Getur ekki þvegið líkama sinn eða hluta hans
- Getur ekki náð í eða komist að vatni
- Getur ekki stillt hitastig eða flæði, getur ekki komist inn á eða út af baðherbergi
- Getur ekki þurrkað sér.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

Vanlíðan.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Skortur á eða minnkuð áhugahvöt
- Máttleysi og þreyta
- Mikill kvíði
- Skynjar ekki líkamshluta eða rými
- Truflun á skynjun eða vitrænni starfsemi
- Verkir
- Truflun frá tauga- eða stoðkerfi
- Hindranir í umhverfi.

SKERT GETA TIL AÐ MATAST

Feeding self-care deficit
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Skert geta til að matast eða ljúka máltíðum.

GREININGARÞÆTTIR:

- Getur ekki kyngt mat, getur ekki matreitt
- Getur ekki notað hnífapör
- Getur ekki tuggið mat
- Getur ekki notað hjálpartæki
- Getur ekki komið mat í mataráhöld
- Getur ekki opnað matarílát
- Getur ekki haft stjórn á mat í munni
- Getur ekki neytt matar á öruggan hátt
- Getur ekki komið mat frá disk og upp í sig
- Getur ekki lokið máltíð
- Getur ekki neytt matar með hefðbundnum borðsiðum
- Getur ekki lyft bolla eða glasi
- Ófullnægjandi fæðuinntekt.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Máttleysi eða þreyta
- Mikill kvíði

- Truflun frá tauga- eða stoðkerfi
- Verkir
- Truflun á skynjun eða vitrænni starfsemi
- Vanlíðan
- Hindranir í umhverfi
- Skortur á eða minnkuð áhugahvöt
- Stoðkerfisskaði.

SKERT GETA VIÐ SALERNISFERÐIR

Toileting self-care deficit
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Skert geta til að fara og athafna sig á salerni.

GREININGARÞÆTTIR:

- Getur ekki girt sig
- Getur ekki þrifið sig nægjanlega
- Getur ekki sest á eða staðið upp af salerni eða bekkinstól
- Getur ekki komist á salerni eða bekkinstól
- Getur ekki sturtað niður eða gengið frá bekkinstól.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Hindranir í umhverfi
- Máttleysi eða þreyta
- Skortur á eða minnkuð áhugahvöt
- Mikill kvíði
- Skert hreyfigeta
- Skert ferðageta
- Stoðkerfisskaði
- Tauga- og vöðvaskaði
- Verkir
- Truflun á skynjun eða vitrænni starfsemi.

HÆTTA Á FYLGIVILLUM RÚMLEGU

Risk for disuse syndrom
(1991, 1997)

SKILGREINING:

Hætta á hrömun líkamans, þar sem vöðvum/stoðkerfi er ekki beitt af ástæðum sem eru annað hvort fyrirskipaðar eða óviðráðanlegar.*)

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

- Lömun
- Hreyfingarleysi vegna tækja
- Fyrirmæli um hreyfingarleysi
- Miklir verkir

- Breyting á meðvitund.

**) Afleiðingar hreyfingarleysis geta verið legusár, hægðatregða, slím- eða vökvassöfnun í lungum, blóðtappi, þvagtrekða, þvagfærasýkingar, minnkaður styrkur/úthald, lághrýstingur tengdur stöðubreytingum, minnkuð hreyfigeta liðamóta, vanáttun, breytingar á líkamsmynd, áhrifaleysi.*

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Hætta á fylgikvillum rúmlegu er ein af fáum heilkennagreiningum (syndrome nursing diagnosis) og hún felur í sér bæði virkar greiningar og hættugreiningar. A.m.k. 11 hjúkrunargreiningar eru undir þessum eina hatti sbr. áhættuþættina hér að ofan. Orsökina felst í heiti greiningarinnar, þ.e. rúmlegunni, og því þarf ekki að tilgreina orsakabáttinn sérstaklega.

SKERT LÍKAMLEG HREYFIGETA

Impaired physical mobility
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur hefur takmarkaða hæfni til að hreyfa sig án aðstoðar.

GREININGARÞÆTTIR:

- Vangeta til að hreyfa sig að vild um nánasta umhverfi, þ.á.m. í rúmi við flutning og fótavist
- Tregða við að reyna að hreyfa sig
- Takmörkuð hreyfing
- Minnkaður vöðvakraftur, stjórnun og/eða stærð vöðva, álögð hreyfihömlun, m.a. vélræn, lækisfræðileg fyriræli
- Skert samhæfing.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Þolir illa hreyfingu/minnkaður styrkur og þol
- Verkur/ópægindi
- Truflun á skynjun
- Vitræn truflun
- Tauga-, vöðvaskaði
- Vöðva-, beinaskaði
- Þunglyndi/mikill kvíði.

Tillögur að flokkun á starfrænni getu.

0 = Alveg sjálfbjarga.

1 = Þarf hjálpartæki.

2 = Þarf aðstoð, eftirlit eða fræðslu.

3 = Þarf aðstoð og hjálpartæki.

4 = Ósjálfbjarga, tekur ekki þátt í hreyfingu.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Greiningin lýsir einstaklingi sem hefur skerta getu til að beita hand- og fótleggjum eða er með minnkaðan vöðvastyrk.

Hjúkrunarmeðferðin felur því í sér að unnið sé að því að ná upp styrk, endurheimta starfsgetu og fyrirbyggja versnun. Einungis ætti að nota þessa greiningu þegar unnið er með þessa þætti. Skert hreyfigeta getur í mörgum tilvikum verið orsakabáttur fyrir öðrum hjúkrunargreiningum t.d. *Skertri getu við böðun/hreinlæti, hættu á skaða*. Greiningin á hins vegar ekki við hjá einstaklingi sem er alveg á rúmlegu, en þar á *Hætta á fylgikvillum rúmlegu* betur við.

SKERT GETA TIL AÐ HREYFA SIG Í RÚMI

Impaired bed mobility
(2000)

SKILGREINING:

Kemst takmarkað sjálfur úr einni stellingu í aðra í rúmi.

GREININGARÞÆTTIR:

- Skert geta til að: snúa sér frá einni hlið til annarrar
- Setjast upp og leggjast niður
- Hagræða sér í rúmi
- Leggjast á grúfu og snúa sér við
- Komast frá baklegu í að sitja flötum beinum eða frá flötum beinum í að leggjast útaf.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Í þróun.

Athugasemd: Tilgreinið getustig.

SKERT GETA TIL AÐ HREYFA SIG UM Í HJÓLASTÓL

Impaired wheelchair mobility
(2000)

SKILGREINING:

Kemst takmarkað sjálfur um umhverfið í hjólastól.

GREININGARÞÆTTIR:

Skert geta til að stýra hand- eða rafstýrðum hjólastól:

- Á sléttum eða ósléttum fleti
- Upp eða niður halla
- Við gangstéttarbrún.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Í þróun.

Athugasemd: Tilgreinið getustig.

SKERT GETA TIL AÐ FLYTJA SIG Á MILLI

Impaired transfer ability
(2000)

SKILGREINING:

Getur takmarkað hreyft sig sjálfur á milli tveggja nálægra flata.

GREININGARÞÆTTIR:

- Skert geta til að flytja sig úr rúmi í stól og úr stól í rúm
- Skert geta til að komast á og af salerni eða bekkjustól
- Skert geta til að komast í og úr baðkari eða sturtu
- Skert geta til að flytja sig á milli á ójöfnu
- Skert geta til að komast inn og út úr bíl
- Skert geta til að flytja sig úr stól og niður á gólf og öfugt
- Skert geta til að leggjast niður á gólf og standa upp frá gólfi.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Í þróun.

Athugasemd: Tilgreinið getustig.

SKERT GÖNGUGETA

Impaired walking
(2000)

SKILGREINING:

Takmörk á því að komast sjálfur um umhverfið gangandi.

GREININGARÞÆTTIR:

- Skert geta til að ganga stiga
- Skert geta til að ganga tilskilda vegalengd
- Skert geta til að ganga upp og niður halla
- Skert geta til að ganga á ójöfnu yfirborði
- Skert geta til að komast yfir gangstéttarbrún.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Í þróun.

Athugasemd: Tilgreinið getustig.

SKORTUR Á DÆGRASTYTTINGU

Deficient diversional activity
(1991)

SKILGREINING:

Einstakling finnst að örvun frá (þátttaka í og/eða áhugi á) tómstundum hafi minnkað.

GREININGARÞÆTTIR:

- Finnur fyrir leiða
- Óskar þess að hafa eitthvað að gera, að lesa o.s.frv.
- Getur ekki stundað venjuleg áhugamál meðan dvalið er á sjúkrastofnun.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Umhverfið býður ekki upp á dægrastyttingu, s.s.: vegna langdvalar á sjúkrastofnun eða vegna langvarandi meðferðar.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Einstaklingurinn sjálfur er sá eini sem getur látið í ljósi hvort skortur sé á dægrastyttingu eða ekki og hvort þær tegundir eða fjölbreytni sem boðið er upp á sé nægjanleg.

Til að réttlæta hjúkrunargreininguna *Skortur á dægrastyttingu* þarf hjúkrunarfræðingurinn að kanna orsakaþættina með tilliti til þess hvort unnt sé að ráða bót á þeim með hjúkrunarmeðferð þar sem sjónum væri beint að því að fjölga eða auka gæði tómstunda. Hjá einstaklingi með persónuleikavandamál sem hindra félagsleg samskipti hans og leiða til *Trúflunar félagslegum samskiptum* á sú hjúkrunargreining betur við. Hlutverk hjúkrunarfræðingsins væri þá að hjálpa

einstaklingnum að koma auga á þá hegðun, sem hindrar félagsleg samskipti.

RÁF

Wandering
(2002)

SKILGREINING:

Reikandi, tilgangslaus eða endurtekin hreyfing sem setur einstaklinginn í hættu; oft í ósamræmi við mörk, takmarkanir eða hindranir.

GREININGARÞÆTTIR:

- Er oft og iðulega á ferðinni frá einum stað til annars, með tíðri viðkomu á sama stað
- Er sífellt á ferðinni í leit að 'týndum' einstaklingi eða stað sem útilokað er að ná í eða nálgast
- Tilviljanakennd hreyfing
- Fer inn á bannsvæði eða persónuleg svæði
- Yfirgefur stað án þess að ætla sér það vegna sífelldrar hreyfingar
- Er tímunum saman á ferðinni án augljósrar stefnu
- Óróleg hreyfing eða göngulag
- Getur ekki staðsett markverð kennileiti í þekktu umhverfi
- Ferð eða hreyfing sem ekki er auðvelt að telja viðkomandi af eða að hann breyti um stefnu
- Fylgir umönnunaraðila eftir sem skuggi
- Fer í heimildarleysi inn á svæði
- Ofvirkni
- Rannsakandi eða leitandi hegðun
- Er á ferðinni með hléum á milli þar sem hann er kyrr (t.d. situr, stendur, sefur)
- Týnist.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Vitsmunaleg skerðing, sérstaklega á að muna og kalla fram, óáttun, léleg geta til rúmskynjunar (visuospatial)
- Máltruflanir (aðallega til tjáningar)
- Heilabarkarrýmun
- Hegðun áður en sjúkdómur gerði vart við sig (t.d. félagslyndur, opinn)
- Aðskilnaður frá fólki og stöðum sem hann þekkir
- Lyfjasljóvgun

- Tilfinningalegt ástand, sérstaklega vonbrigði, kvíði, leiði eða þunglyndi (æsingur)
- Félagsleg eða líkamleg of- eða vanörvun úr umhverfi
- Líkamlegt ástand eða þörf (t.d. hungur, þorsti, verkir, þvaglát, hægðatregða)
- Tími dags.

SEINKAÐUR BATI EFTIR AÐGERÐ

Delayed surgical recovery
(2000)

SKILGREINING:

Einstaklingur þarfnast fleiri daga eftir aðgerð til að geta sinnt athöfnum sem viðhalda lífi, heilsu og vellíðan.

GREININGARÞÆTTIR:

- Merki um truflun á gróanda á skurðsvæði (þ.e. roði, þrymlar, vessi, stíffleiki)
- Lystarleysi með eða án ógleði
- Skert geta til að hreyfa sig um
- Þarfnast aðstoðar við sjálfsumönnun
- Þreyta
- Saga um verki/ópægindi
- Atvinnuþátttöku seinkar
- Tilfinning fyrir því að þurfa lengri tíma til að ná bata.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Í þróun.

Orkujafnvægi

TRUFLUN Á ORKUSVIÐI

Disturbed energy field
(1997)

SKILGREINING:

Truflun á orkuflæði umhverfis einstakling sem leiðir til ósamræmis líkama, hugar og sálar.

GREININGARÞÆTTIR:

- Hitabreytingar (hiti/kuldi)
- Sjónrænar breytingar (útlínur/litir)
- Skerðing á sviðinu (tóm, bið, toppur, hæð)
- Hreyfing (bylgja, toppur, fiðringur, þéttni, straumur)
- Ómur (tónn, orð).

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Þessi hjúkrunargreining er nokkuð óvenjuleg og ekki margir hjúkrunarfræðingar, sem hafa öðlast þekkingu og reynslu til að geta beitt henni á Íslandi. Í bók Carpenito (1995) eru tilgreind nokkur atriði sem eru tillögur að þeim undirbúningi sem talinn er nauðsynlegur til að geta notað þessa greiningu. Þau eru: a.m.k. 6 mánaða starfsreynsla á bráðadeild; nám undir leiðsögn hjúkrunarfræðings með a.m.k. 2ja ára starfsreynslu; hafa unnið skv. starfsreglum; 30 klst. fræðileg og verkleg leiðsögn; 30 klst. verklegar æfingar undir leiðsögn á tiltölulega heilbrigðum einstaklingum; hafa lokið skriflegu og verklegu mati á fullnægjandi hátt.

Carpenito, L.J. (1995). Nursing Diagnosis. Application to clinical practice. 6. útg. St. Louis: J.B. Lippincott Co.

MAGNLEYSI

Fatigue
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Yfirþyrmandi, langvarandi tilfinning um að vera örmagna og minnkuð geta til venjubundinnar líkamlegrar eða andlegrar vinnu.

GREININGARÞÆTTIR:

- Öðlast ekki orku, jafnvel eftir svefn
- Orkuleysi eða getur ekki viðhaldið venjubundnum líkamlegum athöfnum
- Aukin hvíldarþörf
- Þreyta
- Ófær um að sinna daglegum venjum
- Tjáir stöðugt yfirþyrmandi þróttleysi
- Deyfð og/eða áhugaleysi
- Finnst þurfa viðbótarorku til að ljúka daglegum störfum
- Auknar líkamlegar kvartanir
- Skert einbeitingarhæfni
- Áhugalaus um umhverfi/innhverfur
- Minnkuð afkastageta
- Minnkuð kynþörf
- Sljóleiki
- Sektarkennd vegna þess að hann stendur ekki við skuldbindingar.

TENGDIR ÞÆTTIR:

Sálfræðilegir þættir:

- Leiðinlegur lífstíll
- Streita
- Kvíði
- Depurð.

Umhverfisþættir:

- Raki
- Birta
- Hávaði
- Hitastig.

Aðstæðubundnir þættir:

- Neikvæðir atburðir
- Atvinna.

Lífeðlisfræðilegir þættir:

- Svefnleysi
- Þungun
- Lélegt líkamlegt ástand
- Sjúkdómsástand
- Aukin líkamleg áreynsla
- Vannæring
- Blóðleysi.

Viðbrögð hjarta, blóðrásar og lungna

ÓFULLNÆGJANDI ÖNDUN

Ineffective breathing pattern
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Innöndun og/eða útöndun sem gefur ekki nægjanleg loftskipti.

GREININGARÞÆTTIR:

- Minnkaður innöndunar/útöndunar þrýstingur
- Minnkuð minute ventilation
- Notkun hjálparvöðva við öndun
- Nasavængjablakt
- Öndunarerfiðleikar
- Breytt þan brjóstveggjar
- Andnauð
- Kemur sér fyrir í 3ja punkta stöðu
- Andar með varir í stút
- Lengd útöndun
- Aukið fram-/afturþvermál

- Öndunarhraði (fullorðnir [14 ára og eldri] < 11 eða >24, ungbörn < 25 eða > 60, 1-4 ára < 20 eða > 30, 5-14 ára < 15 eða >25)
- Öndunardýpt (öndunarrúmmál 500 ml í hvíld, ungbörn 6-8 ml/kg)
- Hlutfallstími innöndunar og útöndunar
- Leguandköf
- Minnkuð öndunarrýmd.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Oföndun
- Grunn öndun (hypoventilation syndrome)
- Beinafmyndun
- Verkir
- Afmyndun brjóstveggjar
- Kvíði
- Minni orka/magnleysi
- Vanstarfsemi tauga og stoðkerfis
- Sköddun á stoðkerfi
- Skynjunar-/vitræn truflun
- Offita
- Mænuáverki
- Líkamsstaða
- Vanþroskað taugakerfi
- Þreyta í öndunarvöðvum.

ÓFULLNÆGJANDI HREINSUN ÖNDUNARVEGA

Ineffectice airway clearance
(1991, 2000)

Sjá einnig, bls. (vísa í bls. (bls. **190 í útg. bók 2002**)).

SKILGREINING:

Getur ekki hreinsað slím eða stíflur úr öndunarvegum til að viðhalda loftvegum fríum.

GREININGARÞÆTTIR:

- Öndunarerfiðleikar
- Minnkuð öndunarhljóð
- Leguandköf
- Auka öndunarhljóð (hrygla, brak (ronchi), snörl, blásturshljóð)
- Hósti með eða án árangurs
- Uppgangur
- Blámi
- Erfiðleikar við raddbeitingu (vocalizing)
- Uppglennt augu
- Breytingar á hraða og takti öndunar
- Eirðarleysi.

TENGDIR ÞÆTTIR:

Umhverfisþættir:

- Reykingar
- Reykinnöndun
- Óbeinar reykingar.

Stíflaðir loftvegir:

- Krampi í loftvegum
- Slímsöfnun
- Mikil slímmyndun
- Andar í gegnum túbu
- Aðskotahlutur í loftvegum
- Slím í berkjum
- Vessi í lungnablöðrum.

Lífeðlisfræðilegir:

- Truflun frá tauga- og stoðkerfi
- Ofvöxtur á berkjuveggjum
- COPD sjúkdómar
- Sýking
- Asthma
- Ofnæmi í loftvegum.

TRUFLUÐ LOFTSKIPTI

Impaired gas exchange
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Of mikill eða lítill flutningur verður á súrefni og/eða koltvíoxíði milli lungnablaðra og blóðrásar.

GREININGARÞÆTTIR:

- Sjóntruflanir
- Lækkað koltvíoxíð
- Hraður púls
- Koltvíoxíðshækkun í blóði
- Eirðarleysi
- Svefndrungi
- Önuglyndi
- Súrefnisskortur (hypoxia)
- Rugl
- Mæði
- Óeðlileg slagæðablóðgös
- Blámi (einungis í nýburum)
- Óeðlilegur húðlitur (fölnur, grár)
- Súrefnisskortur í vefjum
- Höfuðverkur þegar vaknar
- Óeðlilegur hraði, taktur og dýpt öndunar
- Sviti
- Óeðlilegt slagæða pH

- Nasavængjablakt.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Ójafnvægi á loftskiptum
- Breytingar á himnu milli lungnablaðra og háráða.

SKERT ATHAFNAÞREK

Activity intolerance
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur hefur ekki næga líkamlega eða andlega orku til að endast eða ljúka við daglegar athafnir sem hann þarf eða langar að framkvæma.

GREININGARÞÆTTIR:

- *Kveðst þreyttur eða slappur
- Óeðlilegur hjartsláttur eða blóðþrýstingur í kjölfar hreyfinga
- Óþægindi eða andnauð við áreynslu
- Hjartalínurit sýnir hjartsláttaróreglu eða blóðþurrð.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Rúmlega eða hreyfingarleysi
- Almennur slappleiki
- Kyrrseta
- Ójafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á súrefni.

* Áherslugreiningarþættir.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Skert athafnaþrek er ályktun sem lýsir ástandi þar sem líkamlegir kraftar nægja einstaklingnum ekki við daglegar athafnir. Hann getur hins vegar tekið þátt í meðferð sem miðar að því að styrkja og auka úthald hans. *Skert athafnaþrek* lagast við hvíld, en *Magnleysi* ekki og er það sem greinir þessar tvær greiningar að. Ennfremur er markmið *Skerts athafnaþreks* að auka athafnaþrek einstaklingins, en við *Magnleysi* er markmiðið aftur á móti að aðstoða einstaklinginn við að laga sig að þreytunni en ekki að auka úthaldið.

HÆTTA Á SKERTU ATHAFNAÞREKI

Risk for activity intolerance

(1991)

SKILGREINING:

Hætta á að einstaklingur hafi ekki næga líkamlega eða andlega orku til að endast eða ljúka við daglegar athafnir.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

- Saga um skert athafnaþrek
- Almenn ástand lélegt
- Truflun á blóðrás og öndun
- Óvanur tiltekinni hreyfingu.

MINNKAÐ ÚTFALL HJARTA

Decreased cardiac output
(1991, 1997, 2002)

SKILGREINING:

Hjartað dælir ekki nægu blóði til að fullnægja efnaskiptaþörfum líkamans.

GREININGARÞÆTTIR:

Breyting á hjartslætti:

- Hjartsláttartruflanir (hraðsláttur, hægláttur)
- Hjartsláttarónot (palpitations)
- Breytingar á hjartalínuriti.

Breyting á fylliprýstingi:

- Þanin hóstarbláæð
- Þreyta
- Bjúgur
- Hjartaóhljóð
- Aukinn/minnkaður miðbláæðarþrýstingur (CVP)
- Aukinn/minnkaður lungnaslagæðar-fleygþrýstingur (PAWP)
- Þyngdaraukning.

Breyting á mótþrýstingi:

- Köld, þvöl húð
- Andstutt, andnauð
- Þvagþurrð
- Seinkuð háráðafylling
- Veikari jaðarpúlsar (peripheral)
- Mismunandi niðurstöður blóðþrýstingsmælinga
- Aukið/minnkað viðnám í meginblóðrás
- Aukið/minnkað viðnám í lungnablóðrás
- Litabreytingar á húð.

Breyting á samdráttarhæfni:

- Brakhljóð
- Hósti
- Andnað tengd legu
- Útfall hjarta <4 l/mín.
- *Index* hjarta <2.5 l/mín.
- Minnkað dæluhlutfall, útfallsmagnvísir (svi), slagvinnuvísir vinstra slegils (left ventricular stroke work index (LVSWI))
- S3 eða s4 hljóð.

Atferlis- eða tilfinningalegir þættir:

- Kvíði
- Eirðarleysi.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Breytt hjartsláttartíðni/taktur
- Breytt slagmagn
- Breyttur fylliþrýstingur (preload)
- Breyttur mótþrýstingur (afterload)
- Breytt samdráttarhæfni.

VIÐHELDUR EKKI SJÁLFKRAFA ÖNDUN

Impaired spontaneous ventilation
(1997)

SKILGREINING:

Einstaklingur getur ekki viðhaldið nægilegri öndun.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Öndunarörðugleikar
- Aukinn efnaskiptahraði.

Auka:

- Eirðarleysi
- Hræðsla
- Aukin notkun hjálparvöðva
- Minnkað rúmmál öndunar
- Aukin hjartsláttartíðni
- Minni samvinna
- Minnkað pO₂
- Aukið pCO₂
- Minnkuð metnun O₂.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Efnaskiptaþættir
- Preyta í öndunarvöðvum.

TRUFLUÐ VIÐBRÖGÐ VIÐ AÐ VENJA FRÁ ÖNDUNARVÉL

Dysfunctional ventilatory weaning response
(1997)

SKILGREINING:

Einstaklingur getur ekki aðlagast minni stuðningi öndunarvélar, sem truflar og lengir ferlið við að venja hann úr öndunarvélinni.

GREININGARÞÆTTIR:

Vægt trufluð viðbrögð:

Aðal:

Viðbrögð við minni stuðningi öndunarvélar:

- Óróleiki
- Örlítið hækkuð öndunartíðni.

Auka:

- Segist hafa aukna þörf fyrir súrefni
- Öndunarörðugleikar
- Preyta
- Hiti
- Kvíði
- Spyr hvort vél sé í lagi
- Einbeittir sér meira að önduninni.

Meðal trufluð viðbrögð:

Aðal:

- Viðbrögð við minni stuðningi öndunarvélar:
- Óveruleg hækkan á blóðþrýstingi > 20 mmHg
- Óveruleg hækkan á hjartsláttartíðni > 20 slög/mín.
- Hækkan á öndunartíðni > 5 andardrættir/mín.

Auka:

- Á varðbergi gagnvart breytingu
- Bregst ekki við hvatningu
- Engin samvinna
- Hræðsla
- Svítamyndun
- Starandi augnaráð
- Minni loftinntaka heyrir við hlustun
- Litabreyting
- Fölur
- Óverulegur blámi
- Óveruleg notkun hjálparvöðva við öndun.

Mikið trufluð viðbrögð:

Aðal:

Viðbrögð við minni stuðningi öndunarvélar:

- Uppnám
- Versnun á blóðgösnum
- Hækkun á blóðþrýstingi < 20 mmHg
- Hækkun á hjartsláttartíðni < 20 slög/mín.
- Marktæk hækkun á öndunartíðni.

Auka:

- Mikil svitamyndun
- Notkun hjálparvöðva við öndun
- Grunn mäsandi öndun (andstuttur)
- Ósamhæft öndunarmynstur
- Andar ekki í takt við öndunarvél
- Minnkuð meðvitund
- Óeðlileg öndunarhljóð
- Heyranleg slímhljóð
- Blámi.

TENGDIR ÞÆTTIR:

Líkamlegir:

- Ófullnægjandi hreinsun öndunarvega
- Truflun á svefnmynstri
- Ófullnægjandi næring
- Óviðráðanlegur verkur eða vanlíðan.

Sálrænin:

- Þekkir ekki ferlið við að venja úr öndunarvél
- Finnst hann ekki geta vanið sig úr vél
- Minni hvatning
- Minnkuð sjálfsvirðing
- Kvíði
- Ótti
- Vonleysi
- Áhrifaleysi
- Ekki nægilegt traust til hjúkrunarfræðings.

Aðstæður:

- Oft tímabundin orkuþörf eða vandamál, sem hann ræður ekki við
- Röng tímasetning á minnkuðum stuðningi öndunarvélar
- Ónógur félagslegur stuðningur
- Ýmiskonar aðstæður (hávært, erilsamt umhverfi, neikvæðir atburðir í umhverfi, lágt hlutfall hjúkrunarfræðinga/sjúklinga, hjúkrunarfræðingur lengi frá sjúklingi, ókunnugt hjúkrunarfólk)
- Fyrri saga um að vera háður öndunarvél = 4 dagar - vika
- Fyrri saga um nokkrar misheppnaðar tilraunir til að venja úr öndunarvél.

ÓNÓGT FLÆÐI TIL VEFJA: (tilgreinið nánar: nýrna, heila, hjarta og lungna, meltingarfæra og útkerfa)

Ineffective tissue perfusion (Specify Type: Renal, Cerebral, Cardiopulmonary, Gastrointestinal, Peripheral) (1991, 2000)

SKILGREINING:

Minnkað súrefni leiðir til næringarskorts í háræðum vefja.

GREININGARÞÆTTIR:

Nýru:

- Blóðþrýstingsbreyting út fyrir ásættanleg mörk
- Blóð í þvagi
- Þvagþurrð (< 500 ml/sólarhring) eða þvagleysi (<100 ml/dag)
- Hækkað urea/kreatinin hlutfall
- Minnkaður slagæðasláttur
- Fölvi við upphækkun fóta, litur kemur ekki aftur þegar fótur er lækkaður
- Sár gróa hægt
- Verkur í fæti vegna minnkaðs blóðflæðis (claudication)
- Blóðþrýstingsbreytingar í útlimum
- Óhljóð við hlustun yfir æð (bruits).

Heili:

- Óeðlilegt tal
- Breyting á svörun ljósopa
- Vöðvaslappleiki í útlimum eða lömun
- Breyting á vitsmunalegu ástandi
- Kyngingarörðugleikar
- Breyting á hreyfisvörun
- Atferlisbreytingar.

Hjarta og lungu:

- Breyting á öndunartíðni út fyrir ásættanleg mörk

- Notar hjálparvöðva
- Háræðafylling meira en 3 sek.
- Óeðlileg slagæðablóðgös
- Brjóstverkur
- Finnst dauðadómur yfirvofandi
- Berkjukrampar
- Andþrengsli
- Hjartsláttartruflanir
- Nasavængjablakt
- Brjóstholsinndrættir.

Meltingarfæri:

- Lítil eða engin garnahljóð
- Ógleði
- Þaninn kviður
- Kviðverkir eða eymsli.

Útkerfi:

- Bjúgur
- Jákvætt Homans merki
- Breyting á húð (hári, nöglum, raka)
- Veikir eða engir púlsar
- Litabreytingar í húð
- Breyting á hitastigi húðar
- Breytt tilfinning.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Lítið vökvamagn í líkama
- Truflun á slagæðaflæði
- Mikið vökvamagn í líkama
- Truflun á vökvajafnvægi
- Truflun á bláæðaflæði hæg öndun
- Truflaður flutningur súrefnis yfir lungnablöðrur og eða háræðahimnu
- Misræmi á milli loftskipta og blóðflæðis
- Minnkað hemoglobin í blóði
- Ensím eitrun
- Breytt bindigeta hemoglobins fyrir súrefni.

5. SKYNNJUN OG VITSMUNIR

Áttun

ERFIÐLEIKAR VIÐ SKYNNJUN UMHVERFIS (heilkeni)

Impaired environmental interpretation syndrome (1997)

SKILGREINING:

Viðvarandi ástand þar sem einstaklingur hefur ekki verið áttaður á persónu, stað, stund eða aðstæðum í meira en 3-6 mánuði, og krefst þess vegna verndaðs umhverfis.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Einstaklingur er ekki áttaður í lengri tíma í kunnu eða ókunnu umhverfi
- Langvarandi ruglástand.

Auka:

- Atvinnumissir eða missir félagslegrar stöðu vegna minnistaps
- Getur ekki fylgt einföldum leiðbeiningum
- Getur ekki hugsað rökrétt
- Getur ekki einbeitt sér
- Svarar spurningum seint (er seinn til svars).

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Glöf (dementia) af völdum Alzheimer, Multi-infarct dementia, Pick's disease, glöf af völdum alnæmis
- Parkinson sjúkdómur
- Huntington sjúkdómur
- Þunglyndi, áfengissýki.

Tilfinning/skynjun

TRUFLUÐ SKYNTILFINNING: (tilgreinið: sjón, heyrn, hreyfingu, bragð, snertingu, lykt)

Disturbed sensory perception (Specify: Visual, Auditory, Kinesthetic, Gustatory, Tactile, Olfactory) (1991, 2000)

SKILGREINING:

Breyting á magni og gerð áreita og því fylgir minnkuð, aukin, brengluð eða skert svörun við slíkum áreitum.

GREININGARÞÆTTIR:

- Léleg einbeiting
- Brengluð hljóðskynjun (ofheyrnir)
- Breyting á venjulegri svörun við áreiti
- Eirðarleysi
- Sagt er frá eða tekið er eftir breytingum á skarpleika skynjunar
- Önnuglyndi
- Ekki áttaður á stund, stað eða fólki
- Breyting á hæfni til úrlausnar vandamála
- Hegðunarbreytingar
- Breytt samskiptamynstur
- Ofskynjanir
- Ofsjónir.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Breyting á skynjun
- Ofgnótt umhverfisáreita
- Andlegt álag
- Breyting á viðtöku, flutningi eða samhæfingu áreita
- Skynfæð (of fá áreiti úr umhverfinu)
- Lífefnafræðilegt ójafnvægi leiðir til skynvillu
- Elektrólytaójafnvægi
- Lífefnafræðilegt ójafnvægi.

Vitsmunir

ÓNÓG ÞEKKING (tilgreinið nánar)

Deficient knowledge (Specify) (1991)

SKILGREINING:

Halldgóðar upplýsingar um ákveðið efni skortir eða vantar á.

GREININGARÞÆTTIR:

- Tjáir sig um vandamálið
- Leiðbeiningum ekki fylgt nákvæmlega
- Ónákvæm framkvæmd prófs
- Óviðeigandi eða ýkt hegðun, t.d. móðursjúkur, fjandsamlegur, í uppnámi, sljór.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Fer lítið út á við
- Lélegt minni
- Upplýsingar misskildar
- Skertir vitsmunir
- Lítil námsáhugi
- Veit ekki hvar leita má upplýsinga.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Skiptar skoðanir eru meðal hjúkrunarfræðinga um ágæti þessarar hjúkrunargreiningar. Rök með greiningunni er m.a., að skjólstæðingum hjúkrunarfræðinga sé nauðsynlegt að fá fræðslu um heilbrigðistengt efni og að stór hluti af störfum hjúkrunarfræðinga byggist á fræðslu til skjólstæðinga og jafnframt að sérfræðipækking hjúkrunarfræðinga njóti sín vel í gegnum þessa greiningu.

Þeir sem eru á móti greiningunni segja m.a. að hún lýsi ekki mannlegum viðbrögðum, breytingu eða vanstarfsemi af neinu tagi og ætti fremur að skoðast sem orsakabáttur (tengdur báttur). Öll höfum við ónóga þekkingu. Það sé hins vegar þegar þekkingarskortur veldur eða getur valdið vandamáli sem hjúkrunarfræðingur notar hana sem hjúkrunargreiningu. Þekkingarskortur geti valdið ýmiss konar viðbrögðum s.s. kvíða, skertri sjálfsútmönnun eða að meðferð sé ekki fylgt sem unnt er að leysa með fræðslu, en að ónóg þekking sé best skráð sem tengdur báttur.

Enn ein rökin sem heyrast gegn þessari greiningu eru, að einstaklingurinn sé stimplaður og með greiningunni komi fram neikvætt viðhorf í hans garð. Rök gegn því eru, að ekki sé unnt að gera ráð fyrir því að allir viti allt og því sé eðlilegt að einstaklingur hafi ekki þekkingu á sértækum hlutum t.d. heilbrigðistengdu efni.

Ekki er tekin afstaða til þessara þátta, en þeim varpað hér fram til umhugsunar fyrir hjúkrunarfræðinga.

BRÁÐARUGL

Acute confusion
(1997)

SKILGREINING:

Ástand þar sem koma fram skyndileg einkenni um víðtækar tímabundnar breytingar og

truflanir á: meðvitund, athygli, skynjun, minni, áttun, hugsun, svefn-/vökumynstri og hreyfileikni.

GREININGARÞÆTTIR:**Aðal:**

- Sveiflun í hugarstarfi
- Sveiflur í svefn-/vökumynstri
- Sveiflur í hreyfileikni
- Aukinn pirringur eða eirðarleysi
- Rangskynjun/misskilningur
- Áhuga skortir til að hefja eða fylgja eftir markvissum athöfnum eða athöfnum sem hafa ákveðinn tilgang.

Auka:

- Ofskynjanir.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Einstaklingur er eldri en 60 ára
- Misnotkun áfengis eða lyfja
- Óráð (delirium).

LANGVINNT RUGLÁSTAND

Chronic confusion
(1997)

SKILGREINING:

Óafturkræf, langvinn og/eða áframhaldandi versnun á vitsmunum og persónuleika, sem einkennist af minnkaðri hæfni til að túlka áreiti úr umhverfinu, minnkaðri getu til að hugsa á vitrænan hátt sem birtist sem truflun á minni, áttun og hegðun.

GREININGARÞÆTTIR:**Aðal:**

- Klínísk einkenni um vefrænar skemmdir
- Breyting á túlkun/svörun við áreitum
- Áframhaldandi/viðvarandi skerðing á vitsmunum.

Auka:

- Engin breyting á meðvitund
- Skerðing á félagslegum samskiptum
- Minnisskerðing (skammtíma, langtíma)
- Breyttur persónuleiki.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Alzheimer sjúkdómur
- Korsakoffs sturlun (psychosis)

- Multi-infarct Dementia
- Heilablóðfall
- Höfuðáverki.

SKERT MINNI

Impaired memory
(1997)

SKILGREINING:

Einstaklingur getur ekki munað eða kallað fram upplýsingar eða athafnir. Skert minni má rekja til skammvinnra eða varanlegra orsaka af meinalífeðlisfræðilegum toga eða til ástæðna bundnum aðstæðum.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Tekið er eftir eða einstaklingur greinir frá gleymsku
- Getur ekki staðfest hvort athöfn hafi verið innt af hendi
- Getur ekki lært eða tileinkað sér nýja leikni eða upplýsingar
- Getur ekki framkvæmt áður lærða athöfn
- Getur ekki kallað fram upplýsingar um staðreyndir
- Getur ekki munað nýliðna eða löngu liðna atburði.

Auka:

- Glemir að framkvæma athafnir á áður áætluðum tíma.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Stutt- eða langvarandi súrefnisskortur
- Blóðleysi
- Minnkað útfall hjarta
- Vökva- og elektrólýta ójafnvægi
- Truflun í taugakerfi
- Of mikil truflun í umhverfi.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Þessi greining á einungis rétt á sér að unnt sé að bæta minni einstaklingsins með meðferð. Sé ástand viðkomandi óbreytanlegt þarf að meta áhrif minnisskerðingarinnar á einstaklinginn og e.t.v. huga að hjúkrunargreiningum s.s. *Skertri getu við klæðnað og snyrtingu, hættu á skaða.* Markmið meðferðarinnar væri þá að bæta

sjálfsbjargargetu viðkomandi eða vernda hann fyrir skaða, en ekki bæta minnið.

TRUFLUN Á HUGSANA FERLI

Disturbed thought processes
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur upplifir truflun á vitsmunalegum athöfnum og starfsemi.

GREININGARÞÆTTIR:

- Rangtúlkun á umhverfi
- Vitsmunalegt ósamræmi
- Skortur á einbeitingu
- Skert minni
- Sjálfmiðaður
- Sýnir of mikla eða of litla aðgát.

AÐRIR MÖGULEGIR GREININGARÞÆTTIR:

- Hugsun án raunveruleikatengsla.

Tjáskipti

TRUFLUÐ MUNNLEG TJÁSKIPTI

Impaired verbal communication
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Færni einstaklings til að nota eða skilja mælt mál minnkar eða er ekki fyrir hendi.

GREININGARÞÆTTIR:

- Neitar að tala
- Ekki áttaður á tíma, rúmi eða persónum
- Getur ekki talað ríkjandi tungumál
- Talar ekki eða getur ekki talað
- Erfiðleikar með tal eða tjáskipti, óviðeigandi málnotkun
- Erfiðleikar við að mynda orð eða setningar (þ.e. raddlömun, mállýti, tormæli)
- Stam
- Þvoglumælggi
- Illa áttaður
- Erfiðleikar með að koma hugsunum í orð (þ.e. málstol, málglöp, verkstol, lesblinda)
- Mæði
- Skortur á augnsambandi eða einbeitingarleysi

- Erfiðleikar við að skilja eða viðhalda eðlilegu samskipamynstri
- Sjónskerðing eða blinda
- Vanhæfni eða erfiðleikar við líkamlega tjáningu.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Minnkað blóðflæði til heila
- Menningarmunur
- Sálfræðilegar hindranir (þ.e. geðveiki, skortur á örvun)
- Líkamleg hindrun (barkarauf, kokrenna)
- Líffræðilegur galli (þ.e. klofinn gómur, breyting á sjónvöðvum, heyrnar- eða talfærum)
- Heilaæxli
- Mismunur tengdur þroskastigi
- Aukaverkanir lyfja
- Hindranir í umhverfi
- Aðstandendur ekki til staðar
- Trufluð skyntilfinning
- Skortur á upplýsingum
- Streita
- Breytt sjálfsálit eða sjálfsmynd
- Líkamlegt ástand
- Breytingar á miðtaugakerfi
- Minnkuð hæfni stoðkerfis
- Tilfinningalegt ástand.

Athygli

GAUMSTOL

Unilateral neglect
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur skynjar ekki tilvist annars helmings líkamans og veitir honum eða umhverfinu (hlutum, persónum, hljóðum) þeim megin ekki athygli.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Veitir ekki áreitum á aðra hlið líkamans athygli (oftast vi. hlið).

Auka:

- Getur ekki klætt sig, snyrt eða þvegið (annast um sjálfan sig) á fullnægjandi hátt
- Gætir ekki að stöðu t.d. útlima eða varúðarráðstöfunum öðrum megin (oftast vi. megin)
- Lítur ekki í átt til vanskynjaða líkamshelmingsins
- Skilur mat eftir á öðrum helmingi disksins
- Rekst á hluti í umhverfinu, öðrum megin, s.s. dyrastafi, húsgögn
- Helftarblinda.

Í upphafi eftir heilablóðfall eða heilaáverka:

Auka:

- (Af)neitar vanskynjun eða skerðingu
- Finnst eigin útlimir tilheyra öðrum einstaklingi
- Segist eða telur sig hafa líkamlega færni, sem er ekki til staðar eftir áfall (t.d. að ganga).

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Afleiðingar skyntruflunar eftir heilablóðfall, heilaæxli, áverka í/á heila, æðagúl.

6. SJÁLFSKYNJUN

Sjálfshugmynd

TRUFLUN Á SJÁLFSVITUND

Disturbed personal identity
(1991)

SKILGREINING:

Getur ekki greint á milli sjálfs síns og þess sem ekki er hann sjálfur.

VANMÁTTARKENND

Powerlessness
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingi finnst að eigin gerðir hafi ekki teljandi áhrif á málalok; honum finnst hann ekki ráða neinu um núverandi aðstæður eða það sem er að gerast.

GREININGARÞÆTTIR:

Alvarlegt ástand:

- Einstaklingur kveðst ekki hafa neina stjórn eða áhrif á aðstæður, kveðst ekki hafa neina stjórn eða áhrif á málalok
- Kveðst ekki hafa neina stjórn eða áhrif á eigin umönnun
- Þunglyndi vegna hrakandi líkamlegs ástands þrátt fyrir meðferðarheldni sjúklings
- Sljóleiki.

Sæmilegt ástand:

- Tekur ekki þátt í umönnun og ákvarðanatöku þótt tækifæri gefist
- Lýsir óánægju og örvæntingu því hann getur ekki leyst af hendi sömu verk og athafnir og áður
- Fylgist ekki með framförum
- Efast um eigin frammistöðu
- Tregða til að láta í ljósi raunverulegar tilfinningar, ótti við að missa tengslin við þá sem annast hann
- Aðgerðarleysi
- Getur ekki aflað upplýsinga varðandi umönnun

- Er öðrum það háður að það getur leitt til önnuglyndis, gremju, reiði og sektarkenndar
- Ver ekki leiðir til sjálfsumönnunar þegar þær eru vefengdar.

Lélegt ástand:

- Kveðst öruggur vegna þess hve eigin orka er sveiflukennd
- Aðgerðarleysi.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Áhrif heilbrigðisþjónustu og/eða sjúkdómsmeðferðar
- Áhrif samskipta manna á meðal
- Lífshættir markast af hjálparleysi.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Vanmáttarkennd er tilfinning sem flestir finna fyrir í einhverjum mæli við mismunandi aðstæður. Lýst hefur verið tveimur tegundum af vanmáttarkennd: *Vanmáttarkennd* bundin aðstæðum (situational) gerist við sérstakar aðstæður og stendur að jafnaði stutt. *Vanmáttarkennd* tengd eiginleikum einstaklings (trait) hefur meiri áhrif m.a. á almennar horfur, markmið, lífsstíl og sambönd. Hjúkrunargreiningin *Vanmáttarkennd* af slíkum toga hefur meira klínískt gildi til að lýsa einstaklingi sem þjáist af vanmáttarkennd en sú sem er bundin aðstæðum.

Sjá einnig undir: VONLEYSI

HÆTTA Á VANMÁTTARKENND

Risk for powerlessness
(2002)

SKILGREINING:

Hætta á að einstaklingi finnist hann ekki ráða neinu um aðstæður og/eða að eigin gerðir hafi ekki teljandi áhrif á málalok

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

Lífeðlisfræðilegir þættir:

- Langvinn eða bráðaveikindi (sjúkrahúsinnlögn, barkaþræðing, öndunarvél, sogun)
- Slysáverkar eða hratt versnandi sjúkdómsferli (t.d. mænuskaði, ms sjúkdómur)
- Vera deyjandi

Sálfélagslegir þættir:

- Skortur á þekkingu á sjúkdómi eða heilbrigðiskerfi
- Lífsstíll sem er öðrum háður með ófullnægjandi varnarviðbrögðum
- Tilfinning fyrir skorti á eigin heilleika (kjarni innri máttar)
- Lítil eða óstöðug líkamsímynd

VONLEYSI

Hopelessness
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur sér litla eða enga valmöguleika og er ófær um að nýta orku fyrir sjálfan sig.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Skortur á frumkvæði
- Talar minna
- Sýnir lítil svipbrigði
- Orðaðar vísbendingar (vonleysistal, "ég get ekki", andvarp).

Auka:

- Framtaksleysi
- Minnkuð svörun við áreiti
- Tilfinningadeyfð
- Snýr sér frá viðmælanda
- Lokar augum
- Svarar viðmælanda með því að yppa öxlum
- Minnkuð matarlyst
- Aukinn/minnkaður svefn
- Lítil þátttaka í umönnun/leyfir umönnun, en er óvirkur.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Langvarandi aðgerðarleysi veldur einangrun
- Hrakandi lífeðlisfræðilegt ástand
- Langvarandi streita

- Fráhvarf
- Tapar trú á hið yfirskilvitlega/guð.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

VONLEYSI lýsir einstaklingi sem sér enga möguleika á því að geta bætt líf sitt og heldur fast við það að enginn geti gert neitt honum til hjálpar. *Vonleysi* er annað en *Vanmáttarkennd* á þann hátt, að vonlaus einstaklingur sér alls enga lausn á vandamáli sínu og/eða enga leið til að ná fram því sem óskað er, þrátt fyrir að honum finnist hann hafa stjórn á lífi sínu. Aftur á móti getur einstaklingur sem þjáist af vanmáttarkennd séð möguleika eða leiðir til að leysa vandamál sín en um leið verið ófær um það vegna skorts á bjargráðum eða að hann hefur ekki stjórn á lífi sínu. Viðvarandi vanmáttarkennd getur leitt til vonleysis.

HÆTTA Á EINMANALEIKA

Risk for loneliness
(1997)

SKILGREINING:

Huglægt ástand þar sem hættu er á að einstaklingur finni fyrir vanlíðan sem tengist þörf hans eða ósk um mannleg samskipti.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

- Skortur á ástúð
- Líkamleg einangrun
- Skortur á örvun tilfinninga (sem kynveru).

Sjálfsvirðing

LANGVARANDI LÍTIL SJÁLFSVIRÐING

Chronic low self-esteem
(1991)

SKILGREINING:

Neikvætt sjálfsmat/tilfinningar um sjálfan sig og eigin getu vara um langan tíma.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

Langvarandi eða stöðugt:

- Talar um sjálfshöfnun
- Er skömmustulegur/með sektarkennd, metur sjálfan sig ófæran til að takast á við aðstæður

- Kemur sér undan eða neitar jákvæðri svörun og gerir mikið úr neikvæðri svörun um sjálfan sig
- Hikar við að reyna nýja hluti/aðstæður.

Auka:

- Gengur oft illa í vinnu eða í daglegu lífi
- Mjög háður skoðunum annarra
- Kemur sér hjá augnsambandi við aðra, óákveðinn, vantar frumkvæði, tekur ekki ákvarðanir, sækist mikið eftir fullvissu um eigin getu.

LÍTIL SJÁLFSVIRÐING VEGNA AÐSTÆÐNA

Situational low self-esteem
(1991, 2002)

SKILGREINING:

Þróun neikvæðs sjálfsmats sem viðbrögð við núverandi aðstæðum.

GREININGARÞÆTTIR:

- Talar um að núverandi aðstæður ögri sjálfsmatinu
- Talar um sjálfshöfnun
- Óákveðni í hegðun
- Metur sjálfan sig ófæran til að takast á við aðstæður eða atburði
- Tjáir hjálparleysi og gagnsleysi.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Þroskabreytingar (tilgreinið nánar)
- Trufluð líkamsímynd
- Starfræn skerðing (tilgreinið nánar)
- Missir (tilgreinið nánar)
- Breytingar á félagslegu hlutverki (tilgreinið nánar)
- Skortur á viðurkenningu
- Hegðun sem samræmist ekki gildum
- Mistök/höfnun.

HÆTTA Á LÍTILLI SJÁLFSVIRÐINGU VEGNA AÐSTÆÐNA

Risk for situational low self-esteem
(2002)

SKILGREINING:

Hætta á þróun neikvæðs sjálfsmats sem viðbrögð við núverandi aðstæðum.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

- Þroskabreytingar (tilgreinið nánar)

- Trufluð líkamsímynd (tilgreinið nánar)
- Starfræn skerðing (tilgreinið nánar)
- Missir (tilgreinið nánar)
- Breytingar á félagslegu hlutverki (tilgreinið nánar)
- Saga um lært hjálparleysi
- Saga um misnotkun, vanrækslu eða að hafa verið yfirgefinn
- Óraunhæfar væntingar til sjálfs sín
- Hegðun sem samræmist ekki gildum
- Skortur á viðurkenningu
- Mistök/höfnun
- Minna vald/stjórn á umhverfi
- Líkamleg veikindi (tilgreinið nánar).

Líkamsímynd

BREYTT LÍKAMSÍMYND

Disturbed body image
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Ímynd einstaklingsins af líkama sínum hefur breyst.

GREININGARÞÆTTIR:

- Raunveruleg eða skynjuð breyting á byggingu og/eða starfsemi tjáð án orða
- Tilfinningar sem endurspeгла breytta sýn á útlit eigin líkama, byggingu eða starfsemi tjáð
- Skynjun sem endurspeglar breytta sýn á útlit eigin líkama, byggingu eða starfsemi tjáð
- Forðast, fylgist með eða viðurkennir eigin líkama.

Hlutlæg:

- Líkamshluta vantar
- Áverki á líkamshluta sem ekki starfar
- Snertir ekki líkamshluta
- Felur eða afhjúpar um of líkamshluta (meðvitað eða ómeðvitað)
- Raunveruleg breyting á uppbyggingu og/eða starfsemi
- Breyting á félagslegri þátttöku
- Breyting á hæfni til að meta fyrirferð líkamans í umhverfinu
- Lítur á hluti í umhverfinu sem parta af eigin líkama
- Horfir ekki á líkamshluta.

Huglægir:

- Neitar að viðurkenna raunverulega breytingu
- Er upptekinn af breytingu eða missi
- Hluti eða missir persónugerður með nafni
- Hluti eða missir gerður ópersónulegur með notkun fornafna
- Neikvæðar tilfinningar um líkama (s.s tilfinningar um hjálparleysi, vonleysi eða vanmáttarkennd)
- Tjáir breyttan lífstíl
- Einblínir á fyrri styrk, starfsemi eða útlit
- Ótti um höfnun eða viðbrögð annarra

- Áhersla á þá styrkleika sem eftir eru, aukinn árangur.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Sálfélagslegir, lífeðlisfræðilegir
- Vitrænir/skynjunar
- Menningarlegir eða andlegir/trúarlegir
- Þroskabreytingar
- Sjúkdómur
- Áverki eða slys
- Skurðaðgerð
- Meðferð við sjúkdómum.

7. HLUTVERK OG FÉLAGSLEG TENGSL

Umönnunarlutverk

ÁLAG Í UMÖNNUNARHLUTVERKI

Caregiver role strain
(1997, 2000, 2002)

SKILGREINING:

Erfiðleikar við að sinna umönnunarlutverki.

GREININGARÞÆTTIR:

Umönnunarþættir:

- Erfiðleikar við framkvæmd þess sem gera þarf
- Dagleg umönnun veldur áráttu
- Kvíðbogi fyrir heilsufari sjúklings í framtíðinni og getu umönnunaraðila til að annast hann
- Kvíðbogi fyrir því hver annist sjúklinginn ef umönnunaraðili verður veikur eða fellur frá
- Óæskileg breyting á framkvæmd umönnunar
- Kvíðbogi fyrir mögulegri stofnavistun sjúklings.

Heilsufar sjúklings:

Líkamlegir þættir:

- Kvillar í meltingarfærum (t.d. vægir magakrampar, uppköst, niðurgangur, endurtekin magasár)
- Breyting á líkamsþyngd
- Útbrot
- Háþrýstingur
- Hjarta- og æðasjúkdómar
- Sykursýki
- Þreyta
- Höfuðverkur.

Tilfinningalegir þættir:

- Skert varnarviðbrögð einstaklings
- Þunglyndi
- Svefntruflun
- Reiði
- Streita
- Líkamleg einkenni af sálrænum toga
- Aukin einkenni taugaveiklunar
- Aukinn tilfinningalegur óstöðugleiki
- Óþolinmæði

- Skortur á tíma til að sinna persónulegum þörfum
- Vonbrigði.

Félags- og fjárhagslegir þættir:

- Dregur sig í hlé frá félagslegri þátttöku
- Breyting á tómstundaiðkun
- Lítið vinnuframlag
- Hafnar framgangi í starfi.

Tengsl umönnunaraðila og sjúklings:

- Sorg/ óvissa vegna breytinga á tengslum við sjúkling
- Erfiðleikar við að horfa á sjúkling ganga í gegnum veikindi.

Atriði sem tengjast fjölskyldu:

- Fjölskylduárekstrar
- Áhyggjur af fjölskyldumeðlimum.

TENGDIR ÞÆTTIR:

Heilsufar sjúklings:

- Alvarleiki veikinda
- Langvarandi veikindi
- Aukin þörf fyrir og/eða háðari umönnun
- Ófyrirsjáanlegur gangur veikinda
- Óstöðugt heilsufar sjúklings
- Hegðunaryvandamál
- Sálræn eða vistmunaleg vandamál
- Fíkn eða meðvirkni.

Umönnunarþættir:

- Umfang viðfangsefna
- Flókin viðfangsefni
- Sólarhrings ábyrgð á umönnun
- Sífbreytileg viðfangsefni
- Útskrift fjölskylduaðila með töluverða þörf fyrir heimahjúkrun
- Árafjöldi umönnunar
- Ófyrirsjáanlegar umönnunaraðstæður.

Heilsufar umönnunaraðila:

- Líkamleg vandamál
- Sálræn eða vistmunaleg vandamál
- Fíkn eða meðvirkni
- Takmörkuð geta til að takast á við hlutina
- Óraunhæfar væntingar til sjálfs síns
- Getuleysi til að uppfylla eigin væntingar eða annarra.

Félags- og fjárhagslegir þættir:

- Einangrun frá öðrum
- Átök um hlutverkaskipti
- Fráhvarf frá fjölskyldu, vinum og samstarfsfólki
- Ónógar tómstundir.

Tengsl umönnunaraðila og sjúklings:

- Saga um stirð tengsl
- Ill meðferð eða ofbeldi til staðar
- Óraunhæfar væntingar sjúklings til umönnunaraðila
- Vitsmunageta aldraðs einstaklings hindrar samræður.

Atriði sem tengjast fjölskyldu:

- Saga um erfiðleika fjölskyldu til að takast á við hlutina
- Saga um vanvirkni fjölskyldu.

ÚRRÆÐI:

- Ófullnægjandi umhverfi til umönnunar (t.d. húsnaði, hitastig, öryggi)
- Ófullnægjandi tækjabúnaður til umönnunar
- Skortur á aðstöðu til flutninga á milli staða
- Ófullnægjandi úrræði í samfélaginu (t.d. hvíldarinnlagnir, aðstaða til tómstunda)
- Ónógur fjárhagur
- Skortur á stuðningi
- Umönnunaraðili er ekki nægilega þroskaður til að takast á við hlutverk sitt
- Reynsluleysi við umönnun
- Tímaskortur
- Skortur á þekkingu um samfélagsleg úrræði eða erfiðleikar við að nálgast þau
- Skortur á einkalífi umönnunaraðila
- Tilfinningalegur styrkur
- Líkamlegt úthald
- Aðstoð og stuðningur (formlegur og óformlegur).

HÆTTA Á ÁLAGI Í UMÖNNUNARHLUTVERKI

Risk for caregiver role strain
(1997, 2000)

SKILGREINING:

Hætta er á að umönnunaraðili upplifi erfiðleika í umönnunarhlutverki innan fjölskyldu.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

- Umönnunaraðili er ekki nægilega þroskaður til að takast á við hlutverk sitt (t.d. ung manneskja sem þarf að hugsa um aðra sem er miðaldra)
- Ófullnægjandi umhverfi til umönnunar (t.d. húsnaði, flutningur milli staða, félagsleg þjónusta, hjálpartæki)
- Ófyrirsjáanlegur gangur sjúkdóms eða óstöðugleiki í heilsufari þess sem umönnun fær
- Sálræn eða vitsmunaleg vandamál sjúklings
- Streituvaldandi þættir tengdir aðstæðum sem venjulega hafa áhrif á fjölskyldu (t.d. mikill missir, hörmungar eða kreppa, fjárhagsörðugleikar, tímamótaviðburðir)
- Ill meðferð eða ofbeldi til staðar
- Fyrirburafæðing/fæðingargalli
- Saga um stirð tengsl umönnunaraðila og sjúklings
- Lítil aðlögun eða vanhæfni fjölskyldu áður en að umönnun kom
- Takmörkuð geta umönnunaraðila til að takast á við hlutina
- Skortur á hvíld og tómstundum fyrir umönnunaraðila
- Reynsluleysi í umönnun
- Umönnunaraðili er kona
- Fíkn eða meðvirkni
- Sjúklingur sýnir afbrigðilega, undarlega hegðun
- Átök um hlutverkaskipti
- Vanheilsa umönnunaraðila
- Alvarleiki sjúkdóms sjúklings
- Umönnunaraðili er maki
- Flókin og þung umönnun
- Seinkaður eða heftur þroski sjúklings eða umönnunaraðila
- Útskrift sjúklings með töluverða þörf fyrir heimahjúkrun
- Tímalengd umönnunar sem þörf er fyrir
- Einangrun fjölskyldu/umönnunaraðila.

FRAMMISTÖÐU Í FORELDRAHLUTVERKI

ÁBÓTAVANT

Deficient parenting
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Skortur á hæfileika uppalanda til að skapa umhverfi sem stuðlar að hámarksvexti og þroska barns.

GREININGARÞÆTTIR:

Ungbarn og barn:

- Léleg frammistaða í skóla
- Tíð veikindi
- Strokubarn
- Saga um andleg- og líkamleg áföll eða misnotkun
- Tíð slys
- Skortur á tengslamyndun
- Vanþrif
- Atferlisröskun
- Félagslegri hæfni ábótavant
- Skortur á aðskilnaðarkvíða
- Lítil vitsmunapróska.

Foreldri:

- Óviðeigandi vistun fyrir barn
- Höfnun eða fjandsamlegt viðmót við barn
- Getur ekki mætt þörfum barns
- Ósveigjanleiki við að mæta þörfum eða aðstæðum barns
- Léleg eða óviðeigandi hæfni til umönnunar
- Tíðar refsingar
- Umönnun er mótsagnakennd
- Misnotkun barns
- Uppfyllir ekki heilbrigðisþjónustu fyrir barn
- Óöruggt heimilisumhverfi
- Segist ekki geta haft stjórn á barni
- Neikvæðar yfirlýsingar um barn
- Tjáir vonbrigði um að standa sig ekki í hlutverki
- Óviðeigandi örvun, sjón-, snerti- og heyrnarskyns
- Barn yfirgefið
- Óöryggi eða skortur á tengslamyndun við ungbarn
- Ósamræmi í stjórnun á hegðun
- Vanræksla barns
- Snertir eða hjúkrar lítið
- Samskiptum móður og barns ábótavant
- Léleg samskipti milli foreldra og barns.

TENGDIR ÞÆTTIR:

Félagslegir:

- Aðgengi að bjargráðum skortir

- Félagsleg einangrun
- Skortur á bjargráðum
- Lélegar heimilisaðstæður
- Skortur á samstöðu í fjölskyldu
- Óviðeigandi vistun fyrir barnið
- Skortur á samgöngum fyrir barn
- Atvinnuleysi eða vandamál í vinnu
- Spenna í hlutverki eða of mikið álag
- Hjónabandserfiðleikar, minnkandi ánægja
- Gildum foreldrahlutverks ábótavant
- Breyting í fjölskyldueiningu
- Léleg fjárhags- og félagsleg staða
- Óráðgerð og/eða óvelkomin þungun
- Streita (vegna fjárhagslegrar, lagalegrar, nýlegrar kreppu, flutnings á milli menningarsvæða)
- Fyrirmynd um foreldrahlutverk ábótavant
- Einstæðir foreldrar
- Skortur á félagslegu stuðningskerfi
- Faðir barns ekki til staðar
- Hefur sögu um að misbeita
- Saga um að hafa verið misnotaður
- Fjárhagsörðugleikar
- Ófullnægjandi aðlögunarleiðir
- Fátækt
- Takmarkaðir hæfileikar til að leysa úr vandamálum
- Getur ekki látið þarfir barnsins ganga fyrir eigin þörfum
- Lítið sjálfsálit
- Flutningur
- Lagalegir erfiðleikar.

Þekkingalegir:

- Ónóg þekking á að viðhalda heilbrigði barns
- Ónóg þekking á leikni í foreldrahlutverki
- Óraunhæfar kröfur til sjálfs síns, ungbarns, maka
- Takmörkuð vitræn geta
- Ónóg þekking á þroska barns
- Kemur ekki auga á eða bregst ekki við skilaboðum barns
- Lítil menntun
- Léleg tjáskiptahæfni
- Vitsmunalega vanbúin að takast á við foreldrahlutverkið
- Hlynntur líkamlegum refsingum.

Líkamlegir:

- Líkamleg veikindi.

Ungbarn eða barn:

- Fyrirburi
- Veikindi
- Langvarandi aðskilnaður frá foreldri
- Vonbrigði með kyn barns
- Athyglisbrestur, ofvirkni
- Erfið skapgerð
- Aðskilnaður frá foreldri við fæðingu
- Lunderni barns er ekki í samræmi við væntingar foreldra
- Óráðgert eða óvelkomið barn
- Fötlun eða þorskafrávik
- Fleirburafæðing
- Breyting á hæfileika til skynjunar.

Sálfræðilegir:

- Saga um vímuefnamisnotkun eða háður vímuefnum
- Fötlun
- Þunglyndi
- Erfið meðganga og/eða fæðing
- Ungur aldur, sérstaklega unglingur
- Saga um geðsjúkdóma
- Margar meðgöngur eða stutt á milli
- Svefnleysi eða truflun á svefni
- Skortir á eða dregur úr mæðraværni
- Aðskilnaður frá ungbarni/barni
- Fleirburafæðing.

HÆTTA Á AÐ FRAMMISTÖÐU Í FORELDRAHLUTVERKI VERÐI ÁBÓTAVANT

Risk for deficient parenting
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Hætta á að uppalanda skorti hæfileika til að skapa umhverfi sem stuðlar að hámarks vexti og þroska barns.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

Félagslegir:

- Hjónabandserfiðleikar
- Minnkandi ánægja
- Saga um að hafa verið misnotaður:
- Léleg hæfni til að leysa úr vandamálum
- Spennna í hlutverki eða of mikið álag
- Félagsleg einangrun
- Lagalegir erfiðleikar
- Skortur á aðgengi að bjargráðum
- Skortur á gildi foreldrahlutverks
- Að flytja/flutningar

- Fátækt
- Lélegar heimilisaðstæður
- Léleg fjölskyldutengsl
- Skortur á eða léleg fyrirmynd í foreldrahlutverki
- Faðir ekki til staðar
- Hefur sögu um að misbeita
- Fjárhagserfiðleikar
- Lítið sjálfsálit
- Óráðgerð og eða óvelkomin þungun
- Óviðeigandi vistun fyrir barnið
- Ófullnægjandi aðlögunaraðferðir
- Skortur á bjargráðum
- Léleg fjárhags- og félagsleg staða
- Skortur á samgöngum/leiðum
- Breyting í fjölskyldueiningu
- Atvinnuleysi eða vandamál í vinnu
- Einstætt foreldri
- Skortur á félagslegu stuðningskerfi
- Vanhæfni við að láta þarfir barns ganga fyrir eigin þörfum
- Streita.

Þekkingalegir:

- Lágt menntunarstig eða lítill árangur
- Óraunhæfar væntingar til barns
- Ónóg þekking á foreldrahlutverki
- Lélegur tjáskiptahæfileiki
- Hlynntur líkamlegum refsingum
- Vanhæfni að þekkja/skilja skilaboð barns
- Léleg vitsmunahæfni
- Ónóg þekking á viðhalda heilbrigði barns
- Ónóg þekking á þroska barns
- Er ekki tilbúinn fyrir foreldrahlutverkið.

Líffræðilegir:

- Líkamleg veikindi.

Ungbarn eða barn:

- Fleirburar
- Fötlun eða þroskaseinkunn
- Sjúkdómar
- Breyting á skynrænum hæfileika
- Lunderni barns ekki í samræmi við væntingar foreldra
- Óráðgert og eða óvelkomið barn
- Fyrirburi
- Óvelkomið kynferði barns
- Erfið skapgerð
- Athyglisbrestur og ofvirkni
- Langvarandi aðskilnaður frá foreldri

- Aðskilnaður frá foreldri strax eftir fæðingu.

Sálfræðilegur:

- Aðskilnaður frá ungbarni/barni
- Mörg börn eða stutt milli barneigna
- Fötlun
- Svefnskortur eða truflun á svefni
- Fleirburafæðing
- Erfið fæðing
- Ungur aldur
- Þunglyndi
- Saga um geðsjúkdóma
- Skortur á, eða fer seint í mæðravernd
- Saga um misnotkun eða háður vímuefnum.

Fjölskyldutengsl

RÖSKUN Á FJÖLSKYLDULÍFI

Interrupted family processes
(1991, 1997, 2000)

SKILGREINING:

Fjölskylda sem venjulega starfar vel saman, verður fyrir truflun. Breyting í samskiptum fjölskyldu og/eða starfshæfni.

GREININGARÞÆTTIR:

- Breyting á styrk sambandsins
- Breyting á fyrirfram ákveðnum verkefnum
- Breyting á hversu vel gengur að ljúka fyrirfram ákveðnum verkefnum
- Breyting á gagnkvæmum stuðningi
- Breyting á því að vera til staðar fyrir tilfinningalega svörun eða náin kynni
- Breyting á siðum og venjum
- Breyting á þátttöku í að leysa vandamál
- Breyting á þátttöku í ákvarðanatöku
- Breyting í tjáskiptamynstri
- Breyting á því að tilfinningalegur stuðningur sé til staðar
- Breyting á ánægju með fjölskyldu
- Breyting á streituminnkandi hegðun/breyting á hegðun til að minnka streitu
- Breyting á tjáningu um árekstra með og/eða einangrum frá bjargráðum samfélagsins
- Breyting á líkamlegum kvörtunum
- Breyting á að tjá sig um árekstra innan fjölskyldu.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Flutningur á valdi milli fjölskyldumeðlima
- Hlutverkabreyting innan fjölskyldu
- Breyting á heilbrigði fjölskyldumeðlima
- Þroskabreytingar og/eða kreppa
- Breyting á stöðu og/eða kreppu
- Óformleg eða formleg samskipti við samfélagið
- Smávægileg breyting á félagslegri stöðu fjölskyldu
- Smávægilegar breytingar á fjárhag fjölskyldu.

RÖSKUN Á FJÖLSKYLDULÍFI VEGNA ÁFENGISFÍKNAR

Dysfunctional family processes: Alcoholism
(1997)

SKILGREINING:

Ástand þar sem sálfélagsleg, andleg og lífeðlisfræðileg hlutverk fjölskyldunnar eru trufluð til langframa, sem leiðir til árekstra, afneitunar vandamála, tregðu við breytingar, árangurslítilla lausna við vandamálum og röð af kreppum, sem einstaklingurinn viðheldur.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

Tilfinningar:

- Minnkuð sjálfsvirðing/gagnsleysi
- Reiði/bæld heift
- Vonbrigði
- Vanmáttarkennd
- Kvíði/spenna/neyð
- Óöryggi
- Bældar tilfinningar
- Tekin ábyrgð á hegðun alkóhólista
- Viðvarandi gremja
- Skömm/feimni
- Sérindi
- Óhamingja
- Sektarkennd
- Tilfinningaleg einangrun/einmanaleiki
- Viðkvæmni
- Vantraust
- Vonleysi
- Höfnun.

Hlutverk og tengsl:

- Fjölskyldutengslum hrakar
- Atferli fjölskyldu truflað
- Léleg samskipti maka/hjónavandi
- Breytt hlutverk/röskun á hlutverkum í fjölskyldu
- Ósamkvæmni í uppeldi/lítil skynjun foreldra á þörf barna fyrir stuðning
- Afneitun fjölskyldu
- Truflun á kynlífi
- Stöðug fjölskylduvandamál
- Samskiptaleiðir lokaðar.

Hegðun:

- Reiði látin í ljós á óviðeigandi tíma
- Erfiðleikar í nánnum samskiptum
- Missir sjórn á drykkju
- Ófullnægjandi samskipti
- Ófullnægjandi leiðir til lausnar á vandamálum
- Reynt að viðhalda drykkju
- Vangeta til að mæta tilfinningalegum þörfum fjölskyldumeðlima
- Óheiðarleg stjórnun (manipulation)
- Ósjálfstæði
- Gagnrýni
- Misnotkun áfengis
- Svikin loforð
- Réttlætning/afneitun vandamála
- Neitar hjálp/vangeta til að þiggja hjálp á viðeigandi hátt
- Ásökun
- Skortur á skilningi eða þekkingu á áfengissýki.

Auka:

Tilfinningar:

- Vera öðruvísi en annað fólk
- Þunglyndi
- Fjandskapur
- Ótti
- Tilfinningu stjórnað af öðrum
- Ringulreið
- Óánægja
- Missir
- Misskilningur
- Höfnun
- Ruglar saman ást og meðaumkvun
- Dapurleiki
- Finnst vera misheppnaður
- Vera ekki elskaður
- Skortur á sjálfsvitund.

Hlutverk og samskipti:

- Óbein fjölskyldusamskipti
- Skert geta fjölskyldumeðlima til að tengjast hver öðrum til vaxtar og þroska
- Skortur á hæfileikum til nauðsynlegra samskipta
- Skortur á samstöðu
- Fjölskylduhefðir raskast
- Fjölskyldan er vanhæf til að fullnægja öryggisþörfum meðlima
- Fjölskyldan sýnir ekki einstaklingseðli og frumkvæði meðlima virðingu
- Atferlismynstur höfnunar
- Fjárhagsörðugleikar
- Skyldum ekki sinnt.

Hegðun:

- Getur ekki mætt andlegum þörfum meðlima
- Getur ekki sýnt eða viðurkennt breitt svið tilfinninga
- Einblínt eingöngu á spennulosun í stað þess að ná markmiðum
- Sérstök tilefni innan fjölskyldu miðast við áfengi
- Síaukinn ágreiningur
- Lygar
- Ósamkvæm þversagnakennd samskipti
- Skert geta til að eiga við ágreining
- Hörð sjálfsgagnrýni
- Einangrun
- Nikótínfíkn
- Á erfitt með að gleðjast
- Sjálfsásökun
- Óunnin sorgarviðbrögð
- Stjórnandi samskipti /valdabarátta
- Vangeta við að aðlagast breytingum
- Vanþroski
- Sjúkdómar tengdur álagi/streitu
- Vangeta til að ráða við sálræn áföll á uppbyggilegan hátt
- Leitað eftir viðurkenningu og staðfestingu
- Skortur á trausti
- Röskun á námsárangri barna
- Einbeitingarskortur
- Glundroði
- Misnotkun annarra vímuefna en áfengis
- Ná ekki núverandi eða fyrri þroskaáföngum/erfiðleikar í umskiptum lífshlaupsins
- Talað illa um maka eða foreldri

- Æsingur
- Minni líkamleg snerting.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Misnotkun áfengis
- Fjölskyldusaga um misnotkun áfengis
- Tregða gagnvart meðferð
- Aðlögunarleiðir ófullnægjandi
- Erfðatilhneiging
- Persónuleiki fíkils
- Skortur á hæfileikum til lausnar vandamála
- Lífefnafræðileg áhrif.

HÆTTA Á MYNDUN VEIKRA TENGLA FORELDRI OG BARN

Risk for impaired parent/infant/child attachment
(1997)

SKILGREINING:

Truflun á því samskiptaferli foreldris/nákomins aðila og ungbarns sem stuðlar að þróun náinna og gagnkvæmra tengsla sem veita tilfinningu um öryggi og vernd.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

- Vanmáttur foreldra til að sinna persónulegum þörfum
- Kvíði tengdur foreldrahlutverki
- Misnotkun áfengis/vímuefnaneysla
- Fyrirburi
- Veikt ungbarn/barn sem getur ekki myndað tengsl við foreldri vegna breytinga á hegðunarmynstri
- Aðskilnaður
- Líkamlegar hömlur barns eða foreldris (t.d. fötlun eða búnaður vegna meðferðar)
- Skortur á einkalífi.

Frammistaða í hlutverki

FRAMMISTÖÐU Í HLUTVERKI ÁBÓTAVANT

Ineffective role performance
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Hegðunarmynstur og sjálfstjórning samræmist ekki gildum og væntingum umhverfisins.

GREININGARÞÆTTIR:

- Breyttur skilningur einstaklings á hlutverki sínu
- Afneitun hlutverks
- Ófullnægjandi ytri stuðningur til að takast á við hlutverk
- Ófullnægjandi aðlögun að breytingu eða umskiptum
- Árekstrar við kerfið
- Breyting á venjubundnu mynstri ábyrgðar
- Mismunur
- Heimilisofbeldi
- Áreitni
- Óvissa
- Breyttur skilningur á hlutverki
- Spenna í hlutverki
- Ófullnægjandi sjálfstjórn
- Tvíþendni í hlutverki
- Bölsýni
- Ófullnægjandi hvatning
- Ófullnægjandi sjálfstraust
- Ófullnægjandi hæfni og leikni í hlutverki
- Ófullnægjandi þekking
- Óviðeigandi þroskavæntingar
- Hlutverkaágreiningur
- Hlutverkaruglingur
- Vanmáttarkennd
- Ófullnægjandi aðlögun
- Kvíði eða þunglyndi
- Álag í hlutverki
- Breyttur skilningur annarra á hlutverkinu
- Breyting á hæfni til að fara aftur í hlutverk
- Óánægja í hlutverki
- Ófullnægjandi tækifæri til að vera í hlutverki.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Félagslegir:
- Tengsl við heilbrigðisþjónustu ófullnægjandi eða óviðeigandi
- Kröfur vegna vinnutíma
- Ungur aldur, þroskastig
- Skortur á umbun
- Fátækt
- Árekstrar í fjölskyldu
- Ófullnægjandi stuðningskerfi
- Ófullnægjandi félagsmótun (s.s. fyrirmynd um hlutverk, væntingar, ábyrgð)
- Félags- og fjárhagsstaða bágborin
- Streita og ágreiningur
- Heimilisofbeldi

- Skortur á bjargráðum.

Þekkingalegir:

- Ófullnægjandi undirbúningur til að takast á við hlutverk (s.s. breyting frá einu hlutverki í annað, leikni, æfing, sannreyna sig) ónóg þekking á hlutverki
- Breyting frá einu hlutverki í annað
- Skortur á tækifærum til að æfa hlutverk
- Breyting frá einu þroskastigi yfir í annað
- Óraunhæfar væntingar til hlutverks
- Menntunarstig
- Skortur á eða ófullnægjandi fyrirmynd
- Ónóg þekking á leikni í hlutverki.

Lífeðlisfræðilegir:

- Tengsl við heilbrigðisþjónustu ófullnægjandi eða óviðeigandi
- Vímuefnamisnotkun
- Geðsjúkdómar
- Breytt líkamsímynd
- Líkamlegir sjúkdómar
- Vitsmunaskerðing
- Breyting á heilbrigði (s.s. líkamlegt heilbrigði, líkamsímynd, sjálfsálit, geðheilbrigði, sálfélagslegt heilbrigði, hugarstarf, námstækni, heilbrigði taugakerfis) þunglyndi
- Lítið sjálfsálit
- Verkir
- Þreyta.

ÁGREININGUR Í FORELDRAHLUTVERKI

Parental role conflict
(1991)

SKILGREINING:

Foreldri upplifir hlutverkarugling og ágreiningur verður um hvernig bregðast skuli við kreppuástandi.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Foreldri/foreldrar eru kvíðnir eða sýna tilfinningar, sem lýsa vangetu til að sjá fyrir tilfinninga- og líkamlegum þörfum barnsins á sjúkrahúsi eða heimi
- Greinileg röskun í venjubundnum uppeldisaðferðum
- Foreldri/foreldrar áhyggjufullir vegna breytinga á foreldrahlutverki, starfsemi

fjölskyldunnar, samskiptum
fjölskyldunnar, heilbrigði fjölskyldunnar.

Auka:

- Segjast kvíðin vegna þess að þeim finnst þeir hafa minni áhrif á ákvarðanir varðandi barnið
- Tregir til að taka þátt í venjulegu uppeldi barnsins, þrátt fyrir hvatningu og stuðning
- Tjá og sýna sektartilfinningar, reiði, hræðslu, kvíða og/eða vanmátt vegna áhrifa veikinda barns á fjölskylduna.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Aðskilnaður við barn vegna langvarandi veikinda
- Vangetutilfinning vegna hamlandi aðgerða (t.d. einangrun, barkarauf), sérhæfðar dagvistunar, stefnu annarra, heimahjúkrunar barns með sérstakar þarfir (t.d. öndunarstoppseftirlit, slímlosun tengd líkamsstöðu, næring í æð)
- Breyting á hjúskaparstöðu
- Röskun á fjölskyldulífi vegna fyrirmæla í hjúkrun á heimilinu (meðferð, umönnunaraðilar, engin hvíld).

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Sjá undir: *Frammistöðu í foreldrahlutverki ábótavant.*

TRUFLUN Á FÉLAGSLEGUM SAMSKIPTUM

Impaired social interaction
(1991)

SKILGREINING:

Félagsleg þátttaka einstaklings ónóg, of mikil eða innihaldslítill.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Segir frá eða tekið er eftir vanlíðan við félagslegar aðstæður
- Segir frá eða tekið er eftir tilfinningu um vangetu til að gefa/þiggja, bera umhyggju fyrir, hafa áhuga á eða deila reynslu
- Misheppnuð félagshegðun
- Erfiðleikar í samskiptum við félag, fjölskyldu eða aðra.

Auka:

- Fjölskylda tjáir breytt framferði, stíll og samskiptamynstur.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Ónóg þekking eða vanhæfni til að þekkja leiðir til að eiga eitthvað sameiginlegt með öðrum
- Hindrun á tjáskiptum
- Trufluð sjálfsmynd
- Engir stuðningsaðilar eða félagar fyrir hendi
- Takmörkuð líkamleg hreyfigeta
- Einangrun vegna meðferðar
- Félags- og menningarlegt ósamræmi
- Hindranir í umhverfi
- Breytt hugsanaferli.

ÁRANGURSRÍK BRJÓSTAGJÖF

Effective breastfeeding
(1997)

SKILGREINING:

Móðir og barn (fjölskyldan) sýna fullnægjandi leikni og ánægju við brjóstagjöf.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Móðir getur lagt barn á brjóst þannig að það taki brjóstið rétt og samhæfi sog og kyngingu
- Barnið er ánægt eftir gjöf
- Barn þyngist eðlilega miðað við vaxtarkúrfu
- Árangursrík samskipti móður og barns (tjáning barns, túlkun og viðbrögð móður).

Auka:

- Merki og/eða einkenni um losun oxytocin (losun brjóstamjólkur)
- Losun úrgangsefna eðlileg hjá barni, miðað við aldur
- Barn áfjáð í að leggjast á brjóst
- Móðir greinir frá ánægju með brjóstagjöfina.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Grundvallarþekking á brjóstagjöf
- Eðlileg bygging brjósta
- Eðlilegt munnhol barns
- Barn fætt eftir 34. viku
- Stuðningsúræði

- Öryggi móður.

ERFIÐLEIKAR VIÐ BRJÓSTAGJÖF

Ineffective breastfeeding
(1991)

SKILGREINING:

Óánægja eða erfiðleikar hjá móður eða barni í tengslum við brjóstagjöf.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Ófullnægjandi brjóstagjöf.

Auka:

- Ónóg mjólk eða móður finnst hún ekki hafa næga mjólk
- Barnið getur ekki tekið brjostið rétt
- Engin merki um losun oxytocin
- Merki um að barnið fái ekki nóg
- Ósamfellt sog barns
- Ófullnægjandi tæming hvors brjósts við hverja gjöf
- Viðvarandi sárar geirvörtur eftir fyrstu viku brjóstagjafar
- Barn lagt of sjaldan á brjóst
- Barn er pirrað og grætur á fyrsta klukkutímanum eftir brjóstagjöf
- Lætur ekki huggast af öðru
- Barnið snýr sér frá og grætur við brjostið
- Neitar að taka brjostið.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Fyrirburi
- Meðfæddur galli
- Afbrigðilegt brjóst
- Saga um skurðaðgerð á brjosti
- Saga um misheppnaða brjóstagjöf
- Barn fær ábót úr pela
- Lélegt sogviðbragð barns
- Enginn stuðningur maka eða fjölskyldu
- Ónóg þekking
- Rofin brjóstagjöf
- Móðir er kvíðin eða tvístígandi gagnvart brjóstagjöf.

RÖSKUN Á BRJÓSTAGJÖF

Interrupted breastfeeding
(1997)

SKILGREINING:

Röskun á samfelldri brjóstagjöf vegna vangetu eða frábendingar við að hafa barn á brjósti.

GREININGARÞÆTTIR:***Aðal:***

- Ungbarn fær ekki næringu úr brjóstinu til að fullnægja sólarhringsþörf sinni.

Auka:

- Löngun móður til að viðhalda brjóstagjöf og gefa (strax eða síðar) brjóstamjólk til að fullnægja næringarþörfum barns síns

- Aðskilnaður móður og barns
- Ónóg þekking á að mjólka sig, meðhöndla og geyma brjóstamjólk.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Veikindi móður eða barns
- Fyrirburi
- Vinna móður
- Frábendingar brjóstagjafar (t.d. lyfjagjöf móður, brjóstamjólkurgula)
- Nauðsyn þess að venja barn strax af brjósti.

8. KYNLÍF

Kynlífsvirkni

KYNLÍFSVANDI

Sexual dysfunction
(1991)

SKILGREINING:

Kynlíf einstaklings breytist þannig að honum finnst það ófullnægjandi.

GREININGARÞÆTTIR:

- Einstaklingur tjáir sig um vandamál
- Breyting á kynímynd
- Skerðing af völdum sjúkdóms og/eða meðferðar
- Togstreita vegna gildismats
- Breyting á hæfni við að ná kynferðislegri fullnægingu
- Ófær um að ná þeirri fullnægingu sem óskað er eftir
- Leit að staðfestingu á að vera eftirsóknarverður
- Breyting á tengslum við elskhuga
- Áhugi einstaklings á sjálfum sér og öðrum tekur breytingum.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Líffræðilegar, sálfræðilegar og félagslegar breytingar á kyni og kynlífi
- Heppilega fyrirmynd vantar
- Líkamlegt ofbeldi
- Andlegt ofbeldi, t.d. skaðleg sambönd
- Varnarleysi
- Ágreiningur um gildismat

- Takmarkað einkalíf
- Elskhuga vantar
- Breyting á líkamsbyggingu eða starfsemi (þungun, nýafstaðin fæðing, lyf, aðgerð, vanskapanir, sjúkdómsferli, áverki, geislun)
- Rangar upplýsingar og/eða vanþekking.

ÓFULLNÆGJANDI KYNLÍFSMYNSTUR

Ineffective sexuality patterns
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur lýsir áhyggjum af kynheilbrigði sínu.

GREININGARÞÆTTIR:

- Skýrt frá erfiðleikum, takmörkunum eða breytingum á kynlífsvirkni og kynhegðun.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Þekkingu eða færni ábótavant m.t.t. nýrra langana þegar breyting hefur orðið á heilsufari, á líkamanum eða starfsemi hans vegna sjúkdóma eða lækni meðferðar
- Vöntun á einkalífi
- Vöntun á elskhuga
- Ófullnægjandi eða engar fyrirmyndir
- Togstreita tengt kynhneigð eða mismunandi löngun
- Ótti við þungun eða kynsjúkdóma
- Ófullnægjandi samband við elskhuga.

9. AÐLÖGUN OG STREITUÞOL

Viðbrögð eftir áfall

STREITA Í KJÖLFAR FLUTNINGS

Relocation stress syndrome
(1997, 2002)

SKILGREINING:

Líkamleg og/eða sálfélagsleg truflun í kjölfar flutnings frá einu umhverfi til annars.

GREININGARÞÆTTIR:

- Skammtíma og/eða varanlegur flutningur
- Viljastýrður/óviljastýrður flutningur
- Er einn, yfirgefinn, einmanaleiki
- Þunglyndi
- Kvíði (t.d. vegna aðskilnaðar)
- Svefntruflanir
- Dregur sig í hlé
- Reiði
- Missir sjálfsvitundar, sjálfsmats eða sjálfsvirðingar
- Tjáir sig meira um þarfir, að vilja ekki flytja eða áhyggjur af flutningi
- Vaxandi líkamleg einkenni/veikindi (t.d. meltingarfærtruflanir, þyngdarbreytingar)
- Háður öðrum
- Óöryggi
- Svartsýni
- Vonbrigði
- Áhyggjur
- Ótti.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Ekki unnt að segja til um upplifun
- Einangrun frá fjölskyldu/vinum
- Fyrri, núverandi, nýlegur missir
- Tilfinning um vanmáttarkennd
- Skortur á fullnægjandi stuðningskerfi /- hóp
- Skortur á ráðgjöf fyrir brottför
- Þögul varnarviðbrögð
- Skert sálfélagslegt heilbrigði
- Hindranir vegna tungumála
- Versnandi heilsufarsástand.

HÆTTA Á STREITU Í KJÖLFAR FLUTNINGS

Risk for relocation stress syndrome

(2002)

SKILGREINING:

Hætta á líkamlegri og/eða sálfélagslegri truflun í kjölfar flutnings frá einu umhverfi til annars.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

- Miðlungs til mikil umhverfisbreyting (t.d. efnisleg, þjóðleg, menningarleg)
- Skammtíma og/eða varanlegur flutningur
- Fluttur með eða án vilja
- Skortur á fullnægjandi stuðningskerfi /- hóp
- Tilfinning um vanmáttarkennd
- Skert vitsmunaleg færni (nægjanleg til að finna fyrir breytingum)
- Ekki unnt að segja til um upplifun
- Versnandi sálfélagslegt eða heilsufarsástand
- Skortur á ráðgjöf fyrir brottför
- Þögul varnarviðbrögð
- Fyrri, núverandi, nýlegur missir

ÁFALL EFTIR NAUÐGUN

Rape-trauma syndrome
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Sársaukafull viðbrögð eftir að hafa verið beittur ofbeldi og neyddur til kynmaka gegn vilja sínum og samþykki.

GREININGARÞÆTTIR:

- Ringulreið
- Breyting á tengslamyndun
- Rugl
- Líkamlegir áverkar, t.d. mar, sár
- Tilraun til sjálfsvígs
- Afneitun
- Sektarkennd
- Ofsóknarhugmyndir
- Auðmýking
- Ráðaleysi
- Árásargirni, vöðvaspenna og/eða krampar
- Skapsveiflur
- Háður öðrum
- Vanmáttarkennd
- Martraðir og svefntruflanir

- Kynlífstruflun
- Hefnd
- Fælni
- Lágt sjálfsmat
- Getur ekki tekið ákvarðanir
- Persónuleikatrúflanir
- Sjálfsásakanir
- Mjög á varðbergi
- Varnarlaus
- Vímuefnamisnotkun
- Depurð
- Hjálparleysi
- Reiði
- Kvíði
- Æsingur
- Skömm
- Lost
- Ótti

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Nauðgun.

ÁFALL EFTIR NAUÐGUN: ÞÖGUL VIÐBRÖGÐ

Rape-trauma syndrome: Silent reaction (1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur beittur ofbeldi og neyddur til kynmaka gegn vilja sínum. Áfallið sem orsakast af þessari árás felur í sér breytingu á lífsháttum þolandans og langtíma uppbyggingu.

GREININGARÞÆTTIR:

- Skyndileg breyting á samskiptum við karlmenn
- Martraðir verða tíðari
- Vaxandi óróleiki meðan á viðtali stendur, t.d. hindrun í hugmyndatengslum, langar þagnir, minniháttar stam, líður illa líkamlega
- Tilgreind breyting á kynhegðun
- Ekki minnst á að nauðgun hafi átt sér stað
- Skyndileg fælniköst.

ÁFALL EFTIR NAUÐGUN: BLÖNDUÐ VIÐBRÖGÐ

Rape-trauma syndrome: Compound reaction (1991)

SKILGREINING:

- Einstaklingur beittur ofbeldi og neyddur til kynmaka gegn vilja sínum. Áfallið sem orsakast af þessari árás felur í sér breytingu á lífsháttum þolandans og langtíma uppbyggingu.

GREININGARÞÆTTIR:

Bráðaástand:

- Tilfinningaleg viðbrögð (reiði, skömm, ótti við líkamlegt ofbeldi og dauða, auðmýking, hefnd, sjálfsásakanir)
- Margskonar líkamleg einkenni (meltingartruflanir, óþægindi frá þvag- og kynfærum, vöðvaspenna, svefntruflanir). Gömul mein taka sig upp á ný, t.d. líkamlegir sjúkdómar, geðsjúkdómar
- Misnotkun áfengis og/eða lyfja.

Langtímaástand:

- Breytingar á lífsháttum (breytt aðsetur, endurteknar martraðir og fælni, leit eftir stuðningi fjölskyldu leit eftir félagslegri aðstoð).

VIÐBRÖGÐ EFTIR ÁFALL

Post-trauma syndrome (1991, 2000)

SKILGREINING:

Sársaukafull viðbrögð eftir að hafa þolað yfirþyrmandi atburði.

GREININGARÞÆTTIR:

- Hliðrun
- Bæling
- Einbeitingarskortur
- Sorg
- Ásæknar hugsanir
- Taugapirringur
- Hjartsláttarónot
- Barn vætir rúm
- Reiði og/eða heift
- Ásæknir draumar
- Martraðir
- Árásargirni
- Mjög á varðbergi
- Yfirmáta viðbrögðin
- Vonleysi
- Breytt skaphöfn
- Skömm
- Ofsahræðsluköst

- Einangrar sig
- Afneitun
- Óhugur
- Vímuefnamisnotkun
- Depurð
- Kvíði
- Sektarkennd
- Ótti
- Meltingaróþægindi
- Áhugaleysi
- Sálrænt minnisleysi
- Önuglyndi
- Tilfinningadofi, árættukennd hegðun
- Endurupplifun
- Höfuðverkur.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Atburðarás sem nær út fyrir venjulega mannlega reynslu
- Líkamleg, andleg og félagsleg misnotkun
- Hörmulegur atburður sem hafði í för með sér mörg mannlát
- Skyndileg eyðilegging á heimili eða samfélagi
- Farsóttir
- Haldið sem stríðsfanga eða hafa verið pyntaður
- Styrjöld, nauðgun
- Náttúruhamfarir eða hamfarir af mannavöldum
- Alvarleg slys
- Vera vitni að misþyrmingum, morðum eða öðrum ógnunum
- Verða sjálfur, eða ástvinur, fyrir alvarlegri ógnum eða áverka
- Iðnaðar- eða vélhjólaslys.

HÆTTA Á VIÐBRÖGDUM EFTIR ÁFALL

Risk for post-trauma syndrome
(2000)

SKILGREINING:

Hætta er á sársaukafullum viðbrögðum eftir yfirþyrmandi atburði.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

- Starf (t.d við löggæslu, brunavarnir, björgunarstörf, fangavörslu, slysamóttöku, geðsjúka)
- Of mikil ábyrgðartilfinning
- Skynjun atburða
- Hlutverk þess sem lifir af atburðinn

- Færður/fluttur af heimili
- Ófullnægjandi félagslegur stuðningur
- Umhverfi veitir lítinn stuðning
- Minnkaður sjálfsstyrkur
- Tímalengd atburða.

Aðlögunarleiðir - varnarhættir

ÓTTI

Fear

(1991, 2000, 2002)

SKILGREINING:

Viðbrögð við skynjaðri ógn sem einstaklingur er meðvitaður um og skynjar sem hættu.

GREININGARÞÆTTIR:

Lýsir:

- Geig
- Aukinni spennu
- Minna sjálfsöryggi
- Uppnámi
- Hræðslu
- Taugaspennu
- Ótta
- Er felmtri sleginn
- Er skelfingu lostinn
- Stjórnlaus ótti.

Vitsmunalegir:

- Greinir ástæðu ótta
- Áreiti skynjað sem ógn
- Minnkuð afkastageta, námsgeta, geta til að leysa vandamál.

Atferli:

- Aukin árverkni
- Hliðrun eða árásargjörn hegðun
- Hvatvísi
- Einblínir á „það“ (þ.e. það sem ógnar).

Lífeðlisfræðilegir:

- Hraðari púls
- Lystarleysi
- Ógleði
- Uppköst
- Niðurgangur
- Vöðvaspenna
- Þreyta
- Hraðari öndun og mæði
- Fölvi

- Sviti
- Hækkuð efri mörk blóðþrýstings
- Víðari sjáöldur
- Munnþurrkur.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Náttúrulegt/áskapað upphaf (t.d. skyndilegur hávaði, hæð, verkir, missir líkamlegs stuðnings)
- Lærð viðbrögð (t.d. skilyrt, tekur upp eftir eða samsamar sig öðrum)
- Aðskilnaður frá stuðningskerfi í aðstæðum sem geta verið streituvaldandi (t.d. sjúkrahúsvist, aðgerð)
- Ókunnugleiki á reynslu umhverfis
- Tungumálaörðugleikar
- Skynskerðing
- Innbyggð svörun (taugaboðefni)
- Áreiti sem veldur fælni.

KVÍÐI

Anxiety
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Óljós tilfinning eða geigur sem ósjálfráð viðbrögð fylgja; orsökina er oft ósértæk eða ókunn einstaklingnum; hræðslutilfinning vegna yfirvofandi hættu: Þetta er breytilegt viðvörunarmerki um yfirvofandi hættu og gerir einstaklinginn hæfari til að bregðast við ógn.

GREININGARÞÆTTIR:

Hegðunarlegir:

- Kemur minna í verk
- Grannskoðun og árvekni
- Lélegt augnsamband
- Eirðarleysi
- Snögg augnatillit
- Annarlegar/óviðeigandi hreyfingar (dregur fætur, handa/upphandleggja hreyfingar) tjáir áhyggjur vegna breytinga í lífi
- Svefnleysi, er á iði.

Tilfinningalegir:

- Eftirsjá
- Pirringur
- Angist
- Hræðsla
- Taugaóstyrkur

- Aukin spennan
- Sársaukafullt og viðvarandi hjálparleysi
- Talar í sífellu
- Óöryggi
- Aukin varkárni
- Einblínir á sjálfan sig
- Óánægður með sjálfan sig, haldinn ótta, haldinn streitu, hræddur, kvíðinn.

Lífeðlisfræðilegir:

- Skjálftandi rödd.

Hlutlægir:

- Skjálfti/handaskjálfti, svefnleysi.

Huglægir:

- Skjálfti
- Áhyggjufullur, eftirsjá.

Lífeðlisfræðilegir:

- Hraðari öndun (sympatískt)
- Knýjandi þvaglátapörf (parasympatískt)
- Hraðari púls (sympatískt)
- Útvíkkuð ljósop (sympatískt)
- Aukin ósjálfráð viðbrögð (sympatískt)
- Kvíðverkir (parasympatískt)
- Svefntruflanir (parasympatískt)
- Dofi í útlimum (parasympatískt)
- Aukinn spennan
- Aukin virkni í hjarta- og æðakerfi
- Svitnar
- Spennan í andliti
- Lystarstol (sympatískt)
- Þungur hjartsláttur (sympatískt)
- Niðurgangur (parasympatískt)
- Þvaglátatregða (parasympatískt)
- Preyta (parasympatískt)
- Munnþurrkur (sympatískt)
- Slappleiki (sympatískt)
- Hægari púls (parasympatískt)
- Roði í andliti (sympatískt)
- Æðasamdráttur á yfirborði (sympatískt)
- Skjálfti (sympatískt)
- Lækkaður blóðþrýsingur (parasympatískt)
- Ógleði (parasympatískt)
- Aukin tíðni þvagláta (parasympatískt)
- Yfirliðatilfinning (parasympatískt)
- Erfiðleikar við öndun (sympatískt)
- Hækkaður blóðþrýstingur (sympatískt).

Vitrænir:

- Hugsanir stöðvast

- Rugl
- Er fjarhuga
- Gleygni
- Heilabrot
- Skert athygli
- Skynjar þrengra svið
- Ótti við ósértækar afleiðingar
- Tilhneiging til að ásaka aðra
- Erfiðleikar við einbeitingu
- Minnkaður hæfileiki til að leysa vandamál
- Minnkaður hæfileiki til náms
- Meðvitund um lífeðlisfræðileg einkenni.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Verður fyrir eitrun
- Ógnun við eða breyting á hlutverki
- Ómeðvituð átök um mikilvæg hlutverk og gildi lífsins
- Fjölskyldubundið/erfðapættir
- Óuppfylltar þarfir
- Útbreiðsla eða smit á milli manna
- Stöðu-/þroskakreppur
- Hræðsla við dauðann
- Ógnun við eða breyting á heilsufari
- Ógnun við eða breyting á samskiptum
- Ógnun við eða breyting á hlutverkum
- Ógnun við sjálfsímynd
- Ómeðvituð átök um mikilvæg gildi/markmið lífsins
- Ógn við eða breyting á umhverfinu
- Streita
- Ógn við eða breyting á efnahag
- Fíkniefnaneysla.

KVÍÐI TENGÐUR YFIRVOFANDI ANDLÁTI

Death Anxiety
(2000)

SKILGREINING:

Kvíðbogi, áhyggjur, eða ótti tengdur dauðanum eða því að deyja.

GREININGARÞÆTTIR:

- Áhyggjur af áhrifum eigin dauða á aðstandendur
- Vanmáttugur gagnvart þáttum sem tengjast dauðanum
- Ótti um að missa líkamlega og/eða andlega getu/hæfni þegar dauðvona eða í banalegu
- Búið við sársauka í banalegu
- Djúp sorg

- Ótti við dauðaferlið eða dauðann, áhyggjur af því að ofgera umönnunaraðila þegar sjúkdómur ágerist og veldur því að færni einstaklingsins minnkar
- Áhyggjur varðandi það að mæta skapara sínum eða efasemdir um tilvist guðs eða æðri máttarvalda
- Missir alla stjórn á hverju því sem lýtur að eigin dauða
- Neikvæðar hugmyndir eða óþægileg hugsun um allt sem viðkemur dauða eða því að deyja, ótti við að andlát dragist á langinn
- Ótti við ótímabært andlát sem kæmi í veg fyrir að mikilvægum lífsmarkmiðum yrði náð, áhyggjur af því að valda öðrum sorg eða þjáningu
- Ótti við að skilja fjölskylduna eftir eina eftir dauðann
- Ótti við að fá banvænan sjúkdóm
- Afneitun á eigin dauðleika eða yfirvofandi dauða.

TENGDIR ÞÆTTIR:

Í þróun.

LANGVINN SORG

Chronic sorrow
(2000)

SKILGREINING:

Síendurtekin og hugsanlega versnandi yfirþyrmandi sorg sem skjólstæðingur (foreldri, umönnunaraðili eða einstaklingur með langvarandi sjúkdóm, fötlun eða vangetu) upplifir í kjölfar viðvarandi missis vegna sjúkdóma, fötlunar eða vangetu.

GREININGARÞÆTTIR:

- Tilfinningar sem eru mismunandi sterkar, koma af og til, geta versnað, orðið ágengari með tímanum og haft áhrif á getu einstaklingsins til að ná persónulegri og félagslegri velferð
- Skjólstæðingur tjáir tímabundna og endurtekna tilfinningu fyrir sorg
- Skjólstæðingur lýsir einhverri af eftirfarandi tilfinningu: reiði, vera misskilinn, rugli, þunglyndi, vonbrigði, tómleika, ótta, gremju, sekt/sjálfsásökun, lágu sjálfsmati, hjálparleysi, vonleysi, einmanaleika, endurteknum missi, yfirþyrmandi tilfinningu.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Dauði ástvinar
- Viðkomandi upplifir langvarandi líkamleg eða geðræn veikindi eða fötlun til dæmis: andlega þroskaheftun, heila- og mænusigg, fæðingu fyrir tímann, klofinn hrygg, eða aðra fæðingagalla, langvarandi geðrænan sjúkdóm, ófrjósemi, krabbamein, Parkinson sjúkdóm
- Viðkomandi hefur reynslu af einum eða fleiri atburðum sem minna á sorgina (s.s. erfiðleikum við að stjórna sjúkdómi, erfiðleikum vegna þroskaáfanga og glataðra tækifæra til að ná áföngum sem eru viðmið eðlilegs þroska, félagslegrar eða persónulegrar færni)
- Umönnun tekur ekki enda og minnir stöðugt á missi.

ÁRANGURSLAUS AFNEITUN

Ineffective denial
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur sem meðvitað eða ómeðvitað reynir að komast hjá áhyggjum eða hræðslu með því að afneita vitneskju eða þekkingu á ákveðnum atburði þannig að það verður á kostnað heilsu hans.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Frestar eða afneitar heilsugæslu þannig að það bitnar á heilsu hans
- Skynjar ekki mikilvægi eigin sjúkdómseinkenna eða hættumerki.

Auka:

- Notar eigin aðferðir eða heimatilbúin lyf til að draga úr einkennum
- Viðurkennir ekki hræðslu við dauðann eða fötlun
- Gerir lítið úr sjúkdómseinkennum
- Mistúlkar uppruna einkenna eða staðsetningu líffæra
- Ófær um að viðurkenna áhrif sjúkdóma á lífsmynstur
- Bandar frá sér eða gerir lítið úr þegar rætt er um erfiða atburði
- Vísar frá hræðslu við áhrif ástandsins
- Sýnir óviðeigandi tilfinningaviðbrögð.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Þessi tegund afneitunar er annars konar afneitun en sú sem kemur fram við missi. Afneitun sem kemur fram sem varnarviðbragð við veikindi eða missi er nauðsynleg til að halda sálarlegu jafnvægi og er af hinu góða. Árangurslaus afneitun er hins vegar ekki af hinu góða þegar einstaklingurinn vill ekki taka þátt í meðferð sem bætt getur heilsufar hans eða aðstæður (t.d. afneita misnotkun lyfja).

FYRIRBODI SORGARVIÐBRAGÐA

Anticipatory grieving
(1991)

SKILGREINING:

Vitsmunaleg og tilfinningaleg viðbrögð og hegðun, sem einstaklingur (fjölskylda, samfélag) notar til að draga úr áhrifum hugsanlegs missis á sjálfan sig.

GREININGARÞÆTTIR:

- Hugsanlegur missir einhvers mikilvægs
- Lýst þjáningu vegna hugsanlegs missis
- Afneitun á hugsanlegum missi
- Afneitun á merkingu missis
- Sektarkennd
- Reiði
- Hryggð
- Leita eftir samkomulagi
- Breytingar á: matarvenjum, svefnmynstri, draumum, athafnasemi, kynhvöt og samskiptum
- Erfiðleikar við að takast á við ný eða önnur hlutverk
- Sorgin hjaðnar áður en til raunverulegs missis kemur.

ÓFULLNÆGJANDI ÚRVINNSLA SORGAR

Dysfunctional grieving
(1991)

SKILGREINING:

Vitsmunaleg og tilfinningaleg viðbrögð og hegðun, sem einstaklingur (fjölskylda, samfélag) notar til að draga úr áhrifum hugsanlegs missis á sjálfan sig, eru árangurslítil og langvinn.

ADAL GREININGARÞÆTTIR:

- Árangurslítill hegðun notuð síendurtekið í þeim tilgangi að endurheimta sambönd
- Atvik úr fortíðinni endurlifuð án þess að sorgin minnki eða úr henni dragi
- Langvinn truflun eða íhlutun í líf viðkomandi
- Líkamleg eða sálíkamleg viðbrögð (einkenni) hefjast eða versna
- Sagt frá þjáningu við missi
- Afneitun á missi
- Sektarkennd látn í ljós
- Sagt frá ófrágengnum málum
- Reiði
- Hryggð
- Grátur
- Erfiðleikar við að lýsa missi
- Breytingar á: matarvenjum, svefnmynstri, draumum, athafnasemi, kynhvöt, einbeitingu og/eða úrlausn verkefna
- Mynd þess tapaða fegruð
- Atvik úr fortíðinni endurlifuð
- Afturhvarf á fyrri þroskastig
- Óstöðugar tilfinningar.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Raunverulegur eða skynjaður missir (missir er notað í víðustu merkingu)
- Getur m.a. átt við fólk, eignir, atvinnu, stöðu, heimili, hugsjón, líkamshluta og líkamsstarfsemi.

SKERT AÐLÖGUN

Impaired adjustment
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Ófær um að breyta lífsstíl/hegðun í samræmi við breytingar á heilsufari.

GREININGARÞÆTTIR:

- Afneitar breytingu á heilsufari
- Tekst ekki að ná nægilegu valdi á aðstæðum
- Leitar ekki leiða til að fyrirbyggja frekari heilsuvanda
- Sættir sig auðsjáanlega ekki við breytingar á heilsufari.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Horfir ekki björtum augum á hlutina
- Ákafar tilfinningar
- Neikvæð viðhorf gangvart lífsháttum

- Engin áform um breytingar á hegðun
- Margir streituvaldar
- Stuðningur við breytt viðhorf og lífshætti ekki til staðar
- Fötlun eða breyting á heilsufari sem krefst breyttra lífshátta
- Skortir hvatningu til að breyta hegðun.

ÓFULLNÆGJANDI AÐLÖGUNARLEIÐIR EINSTAKLINGS

Ineffective coping
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Getur ekki metið streituvalda raunsætt, viðteknir valkostir til svörunar ófullnægjandi og/eða getur ekki nýtt sér tiltæk úrræði.

GREININGARÞÆTTIR:

- Skortir á að hegðun sé markmiðstengd eða beinist að lausn vandamála, þ.m.t.:
- Getur ekki skipulagt upplýsingar til að mæta vanda
- Svefntruflun
- Misnotkun efna
- Notar minna félagslegt stuðningsnet
- Notar bjargráð sem hindra aðlögun
- Léleg einbeiting
- Getur ekki leyst vandamál
- Kveðst ekki ráða við aðstæður eða getað leitað hjálpar
- Getur ekki uppfyllt grunnþarfir
- Atferli sem brýtur niður einstaklinginn sjálfan eða aðra
- Ófær um að gegna sínu hlutverki
- Tíð veikindi
- Breyting á venjulegu tjáskiptamynstri
- Þreyta
- Áhættuhegðun.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Mismunandi aðlögunarleiðir kynja
- Trúir ekki á getu til að ráða við aðstæður
- Óvissa
- Ónógur félagslegur stuðningur sem verður til vegna þess hvernig tengslum er háttað
- Vanmat á getu til að hafa stjórn á hlutum
- Ekki næg úrræði til staðar
- Mikil ógnun
- Kreppa tengd þroska eða aðstæðum
- Röskun á leiðum til að losa um spennu

- Ekki næg tækifæri til að bregðast við streituvöldum
- Getur ekki viðhaldið orku til aðlögunar
- Röskun á leiðum til að meta ógnun.

VANGETA FJÖLSKYLDU TIL AÐ NÝTA AÐLÖGUNARLEIÐIR

Disabled family coping
(1991)

SKILGREINING:

Ófullnægjandi stuðningur frá fjölskyldu við að leysa á árangursríkan hátt viðfangsefni tengd heilbrigði.

GREININGARÞÆTTIR:

- Umönnun skjólstaðings vanrækt hvað varðar grunnþarfir og/eða meðferð sjúkdóms
- Skert raunsæi varðandi heilsufarsvandamál skjólstaðings, þ.á.m. sterk afneitun á tilvist eða alvöru þess
- Skortur á umburðarlyndi
- Höfnun
- Afskiptaleysi
- Skjólstaðingur yfirgefinn
- Daglegu lífi haldið áfram, án tillits til þarfa skjólstaðings
- Sálíkamleg einkenni
- Fær sjúkdómseinkenni skjólstaðings
- Ákvarðanir og athafnir fjölskyldu eru skaðlegar efnahagslegri og félagslegri vellíðan
- Uppnám
- Þunglyndi
- Árásargirni, fjandsemi
- Trufluð enduruppbygging þýðingarmikils lífs fyrir sjálfð
- Einstaklingseðli ekki virt
- Viðvarandi ofurumhyggja fyrir skjólstaðingi
- Sambandið við aðra fjölskyldumeðlimi vanrækt
- Skjólstaðingur verður smám saman hjálparvana og ósjálfstæður.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Stuðningsaðili byrgir stöðugt inni sektarkennd, kvíða, fjandsemi, örvæntingu o.s.frv.

- Ósamræmi milli stuðningsaðila og skjólstaðings eða milli stuðningsaðila í leitun til að ná aðlögun
- Fjölskyldutengsl mjög tvíbent
- Tilviljunarkennd meðhöndlun á andstöðu fjölskyldu við meðferð, sem styrkir vörn fjölskyldunnar, í stað þess að meðhöndla undirliggjandi kvíða á viðeigandi hátt.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Vangeta fjölskyldu til að nýta aðlögunarleiðir lýsir fjölskyldu sem sýnir augljósa eða dulda eyðileggjandi hegðun eða streituvíðbrögð með því að beita vanrækslu eða ofbeldi. Slík greining krefst langtíma meðferðar og sem að jafnaði er ekki á færi almennra hjúkrunarfræðinga að veita og krefst því sérfræðipækkingar.

ÓFULLNÆGJANDI ÚRRÆÐI FJÖLSKYLDU TIL AÐ NÝTA AÐLÖGUNARLEIÐIR

Compromised family coping
(1991)

SKILGREINING:

Nákominn stuðningsaðili (fjölskyldumeðlimur eða náinn vinur) veitir ófullnægjandi eða óæskilega huggun, aðstoð eða hvatningu sem skjólstaðingur kann að þarfnast til að ráða fram úr vanda við aðlögun tengdum heilsufari sínu.

GREININGARÞÆTTIR:

Huglægir:

- Skjólstaðingur lýsir kvíða sínum eða kvartar vegna þeirra viðbragða sem nákomnir hafa sýnt viðbrögðum hans
- Nákominn lýsir því að skjólstaðingur er upptekinn af eigin viðbrögðum (hræðsla fyrirsjáanleg, sektarkennd, kvíði gagnvart eigin sjúkdómi eða gagnvart öðrum stöðu- eða þroskakreppum)
- Nákominn aðili segist ekki búa yfir nægum skilningi eða þekkingu sem þurfi til að geta veitt aðstoð eða stuðning á árangursríkan hátt.

Hlutlægir:

- Nákominn aðili reynir að veita aðstoð eða stuðning með litlum árangri

- Nákominn dregur sig í hlé eða hefur takmörkuð eða tímabundin persónuleg samskipti við skjólstæðing þegar hann þarf á að halda
- Nákominn verndar skjólstæðing í ósamræmi við getu eða þörf hans fyrir sjálfstæði (of lítið eða of mikið).

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Ónógar eða rangar upplýsingar eða skilningur nákomins aðila
- Nákominn er um tíma fjarhuga þegar hann reynir að ráða fram úr eigin tilfinningum og þjáningum og er því ekki fær um að skilja eða bregðast rétt við þörfum skjólstæðings
- Tímabundin upplausn og breyting á hlutverkum í fjölskyldu
- Aðrar stöðu- eða þroskakreppur eða aðstæður sem nákominn aðili þarf að horfast í augu við
- Skjólstæðingur veitir nákomnum aðila lítinn gagnkvæman stuðning
- Langvarandi veikindi eða hrakandi ástand gengur nærri aðstandanda þannig að stuðningsgeta hans minnkar.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Sjá undir: *Vangeta fjölskyldu til að nýta aðlögunarleiðir.*

VARNAVIÐBRÖGÐ SEM AÐLÖGUNARLEIÐ

Defensive coping
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur sem hvað eftir annað sýnir jákvæða sjálfsímynd, sem byggir á hegðunarmynstri, sem ver hann gegn því, sem honum finnst vera árásir/atlögur að sjálfsvirðingu hans.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Afneitun augljósra vandamála/veikleika
- Tilhneiging til að sakfella/ætla öðrum ábyrgð
- Réttlætir mistök
- Ofur viðkvæmur fyrir lítillækkun eða gagnrýni
- Stærilæti.

Auka:

- Valdsmannslegt viðhorf til annarra
- Erfiðleikar við að stofna til og viðhalda tilfinningasamböndum
- Fráhrindandi hlátur og tilhneiging til að gera aðra að athlægi
- Vandkvæði við að skynja og meta raunveruleikann
- Skortur á að fylgja eftir eða taka þátt í sjúkdómsmeðferð eða annarri meðferð.

ÓFULLNÆGJANDI AÐLÖGUNARLEIÐIR SAMFÉLAGS

Ineffective community coping
(1997, 2000)

SKILGREINING:

Leiðir samfélagsins til aðlögunar og lausnar vandamála nægja ekki til að mæta kröfum eða þörfum þess.

GREININGARÞÆTTIR:

- Áhrifaleysi samfélagsins merkjanlegt
- Samfélagsþátttaka ónóg
- Mikill ágreiningur innan samfélagsins
- Greint frá varnarleysi
- Há tíðni sjúkdóma
- Streituvaldar taldir of miklir
- Samfélagið fullnægir ekki eigin væntingum
- Fjölgun félagslegra vandamála (t.d. morða, skemmdarverka, íkveikju, hryðjuverka, rána, morða á ungbörnum, misnotkunar, skilnaða, atvinnuleysis, fátæktar, ofbeldis, geðrænna sjúkdóma).

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Hamfarir af völdum náttúru eða manna
- Samfélagsþjónustu skortir eða er ófullnægjandi (t.d. skortur á bráðaðþjónustu, samgöngum eða skipulögðum viðbrögðum við vá)
- Skortur á félagslegum stuðningi og úrræðum í samfélaginu.
- Úrræði til lausnar vandámálum ónóg.

MÖGULEIKI Á BETRI AÐLÖGUNARLEIÐUM FJÖLSKYLDU

Readiness for enhanced family coping
(1991)

SKILGREINING:

Fjölskyldumeðlimur sem á hlut að því að bæta heilsu skjólstæðings, mætir vanda við aðlögun á árangursríkan hátt. Hann er nú reiðubúinn til að bæta heilsu og stuðla að vexti, bæði hvað varðar hann sjálfan og skjólstæðing.

GREININGARÞÆTTIR:

- Fjölskyldumeðlimur reynir að lýsa því hvernig kreppan hefur þroskað gildismat hans, forgangs röðun, markmið eða tengsl
- Fjölskyldumeðlimur nálgast heilsusamlega og auðuga lífshætti sem styðja og hafa áhrif á þroskaferil, fylgist með, tekur þátt í gerð meðferðaráætlana og velur leiðir sem stuðla að sem mestri vellíðan
- Einstaklingur lýsir áhuga á að hitta einstakling eða hóp manna sem búa yfir svipaðri reynslu.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Þarfir nægjanlega uppfylltar og aðlögun það árangursrík að möguleg markmið um sjálfsþroska eru augljós.

MÖGULEIKI Á BETRI AÐLÖGUNARLEIÐUM SAMFÉLAGS

Readiness for enhanced community coping (1997)

SKILGREINING:

Leiðir samfélagsins til aðlögunar og lausnar vandamála nægja til að mæta kröfum eða þörfum samfélagsins, en má bæta til að ráða betur við vandmál/streitubætti í nútíð og framtíð.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Skortur í einum eða fleiri eiginleikum sem benda til árangursríkrar aðlögunar.

Auka:

- Virk áætlun samfélagsins vegna hugsanlegra streitubátta
- Samfélag tekst á við vandamál þegar þau koma upp
- Sátt um að samfélagið beri ábyrgð á streitustjórnun

- Jákvæð samskipti milli aðila samfélagsins, jákvæð samskipti milli samfélagsins í heild og hópa innan þess
- Skipulagt starf til staðar fyrir tómstundir, afþreyingu og afslöppun
- Næg úrræði til staðar til að ráða við streituvalda.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Félagslegur stuðningur til staðar
- Úrræði til lausnar vandamála til staðar
- Íbúar samfélagsins skynja styrk þess að ráða við streituvalda.

Taugaatferlisleg streita

SKAÐLEG ÓSJÁLFRÁÐ TAUGAVIÐBRÖGÐ (Dysreflexia)

Autonomic dysreflexia (1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur með mænuskaða við T7 eða ofar upplifir lífshættulega svörun ósjálfráða taugakerfisins við skaðlegu áreiti.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Einstaklingur með mænuskaða (T7 eða ofar) er með: skyndilega blóðþrýstingshækkun (tímabundin hækkun á blóðþrýstingi þar sem slagþrýstingur er yfir 140 mm Hg og þanþrýstingur er yfir 90 mm Hg)
- Hægan hjartslátt eða hraðan hjartslátt (púls undir 60 eða yfir 100 á mínútu)
- Svita (fyrir ofan mænuskemmd)
- Rauða dila á húð (fyrir ofan mænuskemmd)
- Fölva (fyrir neðan mænuskemmd)
- Höfuðverk (óljósir verkir í höfði sem ekki er hægt að tengja ákveðnum heilataugum).

Auka:

- Skjálfti
- Augnrennsli
- Horners syndrome (samdráttur í sjáaldri, sigið augnlok, inndregið auga og stundum svitnar einstaklingur ekki á sjúka hluta andlitsins)
- Óeðlileg tilfinning

- Hárviðbragð (gæsa húð þegar húð kólnar)
- Óskýr sjón
- Brjóstverkur
- Málmbragð í munni
- Nefrennsli.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Þanin þvagblaðra
- Þaninn kviður
- Húðerting
- Skortur á þekkingu hjá sjúklingi eða þeim sem veitir umönnun.

HÆTTA Á SKAÐLEGUM ÓSJÁLFRÁÐUM TAUGAVIÐBRÖGÐUM

Risk for autonomic dysreflexia
(2000, 2002)

SKILGREINING:

Hætta á lífshættulegri svörun ósjálfráða taugakerfisins, eftir mænulost, hjá einstaklingi með mænuskaða við T6 eða ofar (hefur komið fram hjá sjúklingum með skaða við T7 og T8).

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

- Áverki/skaði við T6 eða ofar og a.m.k. eitt af eftirfarandi *skaðlegum* áreitum.

Áreiti frá taugakerfi:

- Sársaukafull eða ertandi áreiti fyrir neðan áverka.

Áreiti frá þvagfærum:

- Þanin blaðra
- Ósamhæfing á blöðrusamdrætti (detrusor sphincter dyssynergia)
- Blöðrukrampar
- Áhöld eða skurðaðgerð
- Bólga í eistalyppu
- Þvagrásarbólga
- Þvagfærasýking
- Steinar í þvagfærum
- Blöðrubólga
- Ísetning þvagleggs.

Áreiti frá meltingarfærum:

- Uppþemba
- Hægðauppsöfnun
- Örvun með fingri
- Endaþarmsstílar
- Gyllinæð
- Erfiðleikar við hægðalosun

- Hægðatregða
- Stólpípur
- Sjúklegar breytingar í meltingarfærum
- Magasár
- Bakflæði til vélinda
- Gallsteinar.

Áreiti frá kynfærum:

- Tíðir
- Samfarir
- Þungun
- Fæðingarhríðir og fæðing
- Blaðra á eggjastokk
- Sádlát.

Áreiti frá stoðkerfi og húð:

- Húðörvun (t.d. þrýstingssár, inngrónar táneglur, umbúðir, brunar, útbrot)
- Þrýstingur yfir útstæðum beinum eða kynfærum
- Vanskapað bein
- Vöðvastjarfi (spasmi)
- Beinbrot
- Liðferilsæfingar
- Sár
- Sólbruni.

Áreiti frá temprunarstöðvum:

- Hitasveiflur
- Of hár eða of lágur umhverfishiti

Áreiti vegna aðstæðna:

- Legustellingar
- Þröngur fatnaður (s.s. belti, sokkar, skór)
- Lyfjasvörun (t.d. lyf sem draga úr blóðsókn (decongestants), adrenhermandi lyf, æðapregjandi lyf, fráhvarfseinkenni frá deyfilyfjum)
- Skurðaðgerðir.

Vandamál frá hjarta/lungum:

- Lungnarek
- Blóðtappi í djúpláæðum.

TRUFLUN Á ATFERLI/VIÐBRÖGÐUM UNGBARNIS

Disorganized infant behavior
(1997, 2000)

SKILGREINING:

Truflun á lífeðlisfræðilegum og taugaviðbrögðum við umhverfisáreiti.

GREININGARÞÆTTIR:

Vandamál við stjórnun:

- Getur ekki hamið sig
- Óróleiki.

Svefn/vökuástand:

- Virkt vökuástand (fyrirgangur, áhyggjusvipur)
- Á milli svefns og vöku
- Vakandi en rólegur (starir/starir út í loftið)
- Órólegur eða hágrætur.

Athygli/úrvinnsla skynáhrifa:

- Óeðlileg viðbrögð við skynrænni örvun (erfiðleikar við að róast, getur ekki haldið sér vakandi).

Hreyfikerfi:

- Aukin, minnkuð vöðvaspenna eða máttleysi
- Útglenntir fingur, krepptur hnefi eða hendur í andliti
- Ofreting handleggja eða fótleggja, skjálfti, hrekkur við, kippist til
- Rykkjóttar og ósamhæfðar hreyfingar
- Breytt frumviðbrögð.

Lífeðlisfræðilegir:

- Hægur hjartsláttur, hraður hjartsláttur eða hjartsláttaróregla
- Fölvi, blámi, flekkir eða roði
- Hæg öndun, hröð öndun, öndunarstopp
- Gefur til kynna að þurfi hvíld frá áreiti (t.d. stara, grípur í, hiksti, hósti, hnerri, andvarp, slakur kjálki, opinn munnur, rekur út tunguna)
- Ónóg metnun samkvæmt mælingu
- Næringaróþol (ásvelging, uppköst).

TENGDIR ÞÆTTIR:

Fyrir fæðingu:

- Meðfæddir eða erfðafræðilegir gallar
- Eiturefni sem leitt geta til vansköpunar.

Eftir fæðingu:

- Vannæring
- Vandamál í munni eða við munnhreyfingu
- Verkir
- Næringaróþol
- Sáraukafull inn grip eða meðferð

- Fyrirburi.

Einstaklingurinn:

- Veikindi
- Óþroskað taugakerfi
- Meðgöngulengd
- Tími frá getnaði.

Umhverfi:

- Umhverfi hæfir ekki
- Áreitið er ekki í samræmi við þroska
- Of mikil örvun skynjunar
- Of lítið áreiti.

Umönnunaraðili:

- Misskilur skilaboð barns
- Hefur ekki þekkingu á skilaboðum barns
- Notar umhverfið til örvunar.

HÆTTA Á TRUFLUN Á ATFERLI/VIÐBRÖGÐUM UNGBARNIS

Risk for disorganized infant behaviour (1997)

SKILGREINING:

Hætta á að ungbarn nái ekki að samstillast og samhæfa líkamleg og atferlisleg viðbrögð. Viðbrögð ungbarns birtast í stöðugum samskiptum við umhverfi gegnum stjórnun nákvæmra undirkerfa: ósjálfráða kerfisins; hreyfikerfisins; svefn-/vökuástands; athygli og úrvinnslu skynáhrifa; sjálfstjórnandi hegðunar.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

- Sársauki
- Munn-/hreyfivandamál
- Of mikil örvun frá umhverfi
- Fyrirburi
- Á sér ekki lengur eigið yfirráðasvæði
- Sársaukafull inn grip/meðferð.

MÖGULEIKI Á BETRA ATFERLI/VIÐBRÖGÐUM UNGBARNIS

Readiness for enhanced organized infant behavior (1997)

SKILGREINING:

Ungbarn nær að samstillast og samhæfa líkamleg og atferlisleg viðbrögð sín á fullnægjandi hátt. Þetta má bæta á þann hátt að

betri samhæfing viðbragða við áreitum úr umhverfi náist.

GREININGARÞÆTTIR:

- Stöðug lífsmörk
- Skýr skil svefns og vöku
- Notar eitthvað sjálfstjórnandi hegðun
- Bregst við sjónáreitum/heyrnaráreitum.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Fyrirburi
- Sársauki.

MINNKAÐ AÐLÖGUNARRÝMI INNAN

HÖFUÐKÚPU

Decreased intracranial adaptive capacity (1997)

SKILGREINING:

Klínískt ástand þegar kraftar, sem undir eðlilegum kringumstæðum leitast við að halda jafnvægi á rúmmáli innan höfuðkúpu, bregðast þannig að innankúpuþrýstingur (IKP) hækkar of mikið við ýmis áreiti.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

- Endurtekin hækkun á IKP um meira en 10 mm Hg í meira en 5 mínútur eftir hvers kyns áreiti.

Auka:

- Hækkun á IKP í kjölfar einstaks áreitis í umhverfi eða eftir hjúkrunarmedferð
- Hækkaðar P2 IKP bylgjur
- Grunnviðmiðun á IKP jafnt og eða meira en 10 mm Hg
- Mikil sveifluvidd á IKP bylgjum.

TENGDIR ÞÆTTIR:

- Áverkar á heila
- Viðvarandi hækkun á IKP ≥ 10 -15 mm Hg
- Minnkaður þrýstingur á gegnflæði (cerebral perfusion pressure) til heila ≤ 50 -60 mm Hg
- Þrýstingshækkun innan kúpu.

10. LÍFSSKOÐANIR

Trú

MÖGULEIKI Á BETRA SÁLARLEGU JAFNVÆGI

Readiness for enhanced spiritual well-being
(1997)

SKILGREINING:

Sálarlegt jafnvægi er ferli einstaklingsins sem afhjúpar leynda þætti í gegnum tengsl sem spretta upp af innri styrk.

GREININGARÞÆTTIR:

Innri styrkur:

Eigin verundarskynjun, sjálfsvitund, helgur sjóður, einingarkraftur, innri kjarni, og yfirsíkilvit.

Birting leyndra þátta:

Lífsreynsla sem opinberar tilgang og merkingu lífsins, leyndardóma, óvissu og baráttu þess.

Tengsl:

Tilheyra, tengjast og vera sáttur við sjálfan sig, aðra, æðri mátt/guð og umhverfið.

Samræmi í gildismati, trú og athöfnum

SÁLARANGIST (erfiðleikar vegna trúar/lífsviðhorfs)

Spiritual distress
(1991)

SKILGREINING:

Truflun á megin viðhorfum lífsins sem hafa áhrif á alla tilveru mannsins. Þau samtvinnast líffræðilegu og sálfélagslegu eðli mannsins, en eru því æðri.

GREININGARÞÆTTIR:

*Lýsir áhyggjum í tengslum við tilgang lífs/dauða/trúar

Reiði í garð Guðs

Véfengir tilgang þjáninganna

Tjáir innri togstreitu varðandi trú sína

Segist hafa áhyggjur af tengslum við æðri máttarvöld

Véfengir tilgang eigin tilveru

Ófær um að taka þátt í hefðbundnum trúarathöfnum

Leitar eftir sálarhjálp

Véfengir siðferðilega forsendu meðferðar

Gálgahúmor

Reiði yfirfærð á fulltrúa trúarinnar

Lýsir martröðum/svefntruflunum

Breytingar á hegðun/skapi sem lýsa sér með reiði, grát, einangrun, kvíða, sinnuleysi, því að einstaklingur er upptekinn af eigin hugsunum o.s.frv.

TENGDIR ÞÆTTIR:

Slit tengsla við trú/menningu

Trú og gildismat véfengt, t.d. vegna siðferðilegrar forsendu meðferðar, vegna mikilla þjáninga.

* Áherslugreiningarþættir.

HÆTTA Á SÁLARANGIST

Risk for spiritual distress
(2000)

SKILGREINING:

Hætta á breytingu á tilfinningu fyrir eðlilegum tengslum við lífið og alheiminn þannig að sjálfinu getur stafað hætta af.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

Orkueyðandi kvíði
Lágt sjálfsmat
Veikindi af líkamlegum eða geðrænum toga
Hindranir á sjálfsmyndhyggju
Slæm tengslamyndun
Líkamleg eða andleg streita
Vímuefnaneysla
Missir ástvinnar
Staða/aðstæður versna
Afturför í þroska
Náttúruhamfarir
Vanhæfni til að fyrirgefa.

ERFIÐLEIKAR VIÐ ÁKVARÐANATÖKU (tilgreinið nánar)

Decisional conflict (Specify)
(1991)

SKILGREINING:

Ástand þar sem einstaklingur á í erfiðleikum við ákvarðanatöku þegar valkostirnir fela í sér áhættu, missi eða geta strítt gegn eigin lífsgildum.

GREININGARÞÆTTIR:

Aðal:

Tjáir sig óvissan um valkosti
Sagt frá óæskilegum afleiðingum mismunandi aðferða, sem verið er að velta fyrir sér
Sveiflast á milli mismunandi valkosta
Seinkuð ákvarðanatöku.

Auka:

Tjáir sig um vanlíðan þegar taka á ákvörðun
Sjálfsmiðun
Líkamleg einkenni, vanlíðan eða spennu (hraðari púls; aukin vöðvaspenna, ókyrrð, o.fl.)
Efast um eigin gildi og skoðanir meðan reynt er að komast að niðurstöðu.

TENGDIR ÞÆTTIR:

Eigin gildi/skoðanir óljós
Skynjar ógnun við gildismat
Skortur á reynslu eða truflun við ákvarðanatöku
Skortur á upplýsingum sem skipta máli

Stuðningskerfi ekki í lagi
Margskonar eða ósamkvæmir upplýsingamiðlar.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Eitt af mikilvægum hlutverkum hjúkrunarfræðinga er að aðstoða einstaklinga og fjölskyldur við ákvarðanatöku. Aðalatriðið er þá að komist sé að rökrænni niðurstöðu, þar sem tekið er mið af öllum mögulegum kostum í stöðunni og áhrifum þeirra. Einnig að tekið sé tillit til sjónarmiða einstaklingsins, trú hans og gilda, án þess að unnið sé að einhverri ákveðinni niðurstöðu eða að henni sé haldið til streitu.

Í 5. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, þar sem fjallað er um upplýsingar um heilsufar og meðferð segir:

"Sjúklingur á rétt á upplýsingum um:

- heilsufar, þar á meðal læknisfræðilegar upplýsingar um ástand og batahorfur,
- fyrirhugaða meðferð ásamt upplýsingum um framgang hennar, áhættu og gagnsemi,
- önnur hugsanleg úrræði en fyrirhugaða meðferð og afleiðingar þess ef ekkert verður aðhafst, möguleika á að leita álits annars læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna eftir því sem við á um meðferð, ástand og batahorfur.

Þess skal getið í sjúkraskrá sjúklings að upplýsingar samkvæmt þessari grein hafi verið gefnar.

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skulu gefnar jafnóðum og tilefni skapast og á þann hátt og við þau skilyrði að sjúklingur geti skilið þær."

Varast ber að nota þessa hjúkrunargreiningu nema að fyrir henni liggi gildar vísbendingar og rök.

MEÐFERÐ EKKI FYLGT (tilgreinið nánar)

Noncompliance
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Háttarni einstaklings og/eða umönnunaraðila fellur ekki að áætlun um heilsueflingu eða meðferð sem samþykkt hefur verið af einstaklingnum (og/eða fjölskyldu/samfélagi) og heilbrigðisstarfsmanni.

GREININGARÞÆTTIR:

Hegðun bendir til þess að meðferð sé ekki fylgt (með athugunum eða upplýsingum frá sjúklingi eða nákomnum)

Merki um fylgikvilla

Merki um versnandi einkenni

Ekki mætt í viðtöl

Engar framfarir, lífeðlisfræðilegar mælingar eða ummerki.

TENGDIR ÞÆTTIR:

Meðferðaráætlun:

Lengd meðferðar

Nákomnir aðilar

Kostnaður

Umfang meðferðar

Flókin meðferð.

Einstaklingsbundnir þættir:

Persónuleg geta eða þroski

Heilbrigðisviðhorf, menningarleg áhrif, trúarleg gildi

Einstaklingsbundið gildismat

Þekking og færni sem hæfir meðferð

Hvetjandi öfl.

Heilbrigðisþjónusta:

Ánægja með umönnun

Trúverðugleiki meðferðaraðila

Aðgengi og hagkvæmni þjónustu

Sveigjanleiki meðferðaráætlunar m.t.t. fjárhags sjúklings

Tengsl sjúklings og meðferðaraðila

Samfella og eftirfylgni meðferðar

Samskipta/kennsluhæfni meðferðaraðila.

Samvinna:

Virk þátttaka aðila í meðferðaráætlun

Meðferðarform viðurkennt af samfélaginu

Aðstandendur hafa trú á meðferðinni.

11. ÖRYGGI OG VARNIR

Sýking

HÆTTA Á SÝKINGU

Risk for infection
(1991)

SKILGREINING:

Einstaklingur er í aukinni hættu á að fá sýkingu.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:

Ófullnægjandi frumvarnir (húðrof, vefjaskaði, minnkuð bífhástarfsemi, tregða á flæði líkamsvökva, breytt sýrustig útskilnaðarefna, breyttar þarmahreyingar)

Ófullnægjandi annars stigs varnir (t.d. Lækkað gildi blóðrauða, hvítkornafæð, bæld bólgusvörun) og bæld ónæmisviðbrögð

Áunnið ónæmi ófullnægjandi

Eyðilegging vefja og aukið varnarleysi gagnvart umhverfinu

Langvinnir sjúkdómar

Inngrip í líkamann

Vannæring

Lyf

Meiðsl

Rifnir líknarbelgir

Ónóg þekking á sýkingarvörnum.

Til skýringar og umhugsunar við notkun greiningar

Segja má að allir einstaklingar séu í hættu á sýkingum við ákveðnar aðstæður, en sumir eru í meiri hættu en aðrir. Greiningin *Hætta á sýkingu* á við þá einstaklinga. Að jafnaði sýkjast t.d. innan við 5% einstaklinga sem gangast undir skurðaðgerðir og því er ekki ástæða til að greina alla einstaklinga í hættu á sýkingu, en reyna fremur að einbeita sér að þeim einstaklingum, sem hugsanlega hafa einhverja áhættuþætti s.s. offitu, fyrri sögu um að gróa illa, lyfjameðferð (t.d. stera). Greiningin á því sérstaklega við um þá einstaklinga sem hafa einhverja þá áhættuþætti til að bera þannig að þeir séu í meiri hættu en aðrir á að fá sýkingu.

Líkamlegar varnir - skaði

VEIKLUÐ HÚÐ

Impaired skin integrity
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Ástand, þar sem breyting hefur orðið á þekju og/eda leðurhúð.

GREININGARÞÆTTIR:

Inngrip í líkama

Skemmd á húðlögum (leðurhúð)

Rof á yfirborði húðar (þekju). Fleiður, útbrot, bólur á húð, skóf í hári.

TENGDIR ÞÆTTIR:

Ytri:

Of hár/of lágur hiti

Utanaðkomandi efni

Rakt loft

Kraftar (tog, þrýstingur, höft t.d. öryggisbelti)

Skert hreyfigeta

Geislun

Hár/lágur aldur

Raki

Breyting á vökvaástandi

Lyf.

Innri:

Breyting á efnaskiptum

Útstæð bein

Skert ónæmi

Þroskaþættir

Breyting á skynjun

Breyting á næringarástandi (offita, megurð)

Breyting á hörundslit

Breyting á blóðrás

Breyting á fyllingu húðar (breyting á teygjanleika).

HÆTTA Á VEIKLUN HÚÐAR

Risk for impaired skin integrity

(1991, 2000)

SKILGREINING:

Ástand þar sem hættu er á breytingu á húð til verri vegar.

ÁHÆTTUÞÆTTIR:**Ytri:**

Geislun

Líkamleg hreyfihömlun

Kraftar (t.d. tog, þrýstingur, höft)

Of lágur eða of hár hiti

Rakt loft

Utanaðkomandi efni

Útskilnaðarefni og/eða vessar

Raki

Hár/lágur aldur.

Innri:

Lyf

Útstæð bein

Ónæmisþættir

Þroskaþættir

Breyting á skynjun

Breyting á hörundslit

Breyting á efnaskiptum

Breyting á blóðrás

Breyting á teygjanleika húðar

Breytingar á næringarástandi (offita, megurð)
Sálrænir þættir.

Athugasemd: *Hættu á veiklun húðar ætti að ákvarða með því að nota matskvarða, s.s. Braden skalann.*

VEFJASKAÐI – SÁR

Impaired tissue integrity
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Sköddun á slímhúð, hornhimnu, húð eða undirlagi húðar. Sár hefur myndast.

GREININGARÞÆTTIR:

Skaddaðir eða skemmdir vefir (t.d. hornhimna, slímhúð, húð eða undirlag húðar) s.s.: sár á hornhimnu

Sár á slímhúð

Fótasár

Skurðsár

Þrýstingssár

Brunasár

Slysasár.

TENGDIR ÞÆTTIR:

Kraftar (t.d. þrýstingur, tog, núningur)

Geislun (þ.m.t. geislun í lækningaskyni)

Næringarskortur eða næringarofgnótt

Hiti (mjög lágur/mjög hár hiti)

Skortur á þekkingu

Ertandi efni (þ.á.m. útskilnaðarefni, vessar, lyf)

Skert hreyfigeta

Blóðrásartruflanir

Vökvaskortur/vökvæðun.

VEIKLUÐ MUNNSLÍMHÚÐ

Impaired oral mucous membrane
(1991, 2000)

SKILGREINING:

Vefjalag vara og mjúkvefja í munnholi er rofið.

GREININGARÞÆTTIR:

Graftrarrennsli eða vessi

Rýrnun á tannholdi, myndun poka dýpri en 4 mm

Stækkun hálskirtla meiri en hæfir þroska

Slétt viðkvæm tunga

Flekkótt tunga

Þurrkur í slímhúð

Sóttvakar til staðar

Erfiðleikar við að tala

Kvartar um vont bragð

Föl slímhúð eða tannhold

Verkur/óþægindi í munni

Munnþurrkur
Blöðrun, nabbur eða bólur
Hvítir blettir/skán, svampkenndir blettir eða hvítur hlaupkenndur vessi
Vefskemmd eða sár í munni
Andremma
Bjúgur
Blóðsókn
Hreistrun
Skán á tungu
Munnbólga
Segist eiga erfitt með að borða eða kyngja
Kvartar um minnkað eða horfið bragðskyn
Blæðing
Ofvöxtur
Ofvöxtur í tannholdi
Sprungur, varaþroti
Rauð eða bláleit þykkildi.

TENGDIR ÞÆTTIR:

Krabbameinslyfjameðferð
Depurð
Ónæmisbæling
Rýrnun bandvefs, fitu eða beins tengd öldrun
Fagleg umönnun óaðgengileg
Skarð í góm eða vör
Aukaverkanir lyfja
Skortur á eða minnkuð munnvatnsframleiðsla
Skaði af völdum efna t.d. súr matur, lyf, ertandi efni, notkun úðaefna, áfengi
Sjúklegt ástand munnhols (geislun á höfuð eða háls)
Fasta lengur en 24 klst
Munnöndun
Vannæring eða vítamínskortur
Þurrkur
Sýking
Ófullnægjandi munnhirða
Aukahlutir t.d. gervitennur sem passa illa, spangir, slöngur (barkaslanga/magaslanga), aðgerð í munnholi
Fækkun á blóðflögum: skert starfsemi ónæmiskerfis
Skert munnvatnsframleiðsla
Geislameðferð
Skortur á eigin munnhirðu
Lækkun á hormónagildum (konur)
Álag/streita
Stoðvefur hefur tapast.

TANNHEILSU ÁBÓTAVANT

Inpaired dentition
(2000)

SKILGREINING:

Truflun á tannmyndun/vaxtarmynstri eða ástandi einstakra tanna.

GREININGARÞÆTTIR:

Mikil tannsýklaskán

Tann- eða rôtarskemmdir
Andremma
Litbreytingar í glerungi
Tannpína
Tannlos
Mikill tannsteinn
Ófullkomin tanntaka miðað við aldur (barna- eða fullorðinstennur)
Mislægi tanna eða skakkar tennur
Ótímabær missir barnatanna
Slitnar tennur
Brotnar tennur
Tannleysi, algjört eða að hluta til
Tæring á glerungi
Ósamræmi í andlitsdráttum.

TENGDIR ÞÆTTIR:

Ónóg munnhirða, viðkvæmni fyrir hita eða kulda
Skortur á eigin munnhirðu
Óaðgengileg fagleg umönnun vegna fjárhagsvanda eða annars
Næringaskortur
Matarvenjur
Erfðafræðilegur veikleiki
Viss lyf
Barnatennur losna of fljótt
Of mikil flúornotkun
Langvinn uppköst
Langvinn notkun á tóbaki, kaffi, te eða rauðvíni
Vanþekking á tannheilsu
Ofnotkun á hrjúfu tannhreinsiefni
Gnístran tanna.

VEIKLAÐAR VARNIR

Ineffective protection
(1997)

SKILGREINING:

Skert geta einstaklings til að vernda sig frá innri eða ytri vá, s.s. sjúkdómum eða slysum.

